

Efni Súlna 2016:

	Bls.
Forspjall.....	3
Leiðréttingar.....	4
Viðtal Birgis Sveinbjörnssonar við Málmfríði Sigurðardóttur	Kærleikurinn er öllu ofar 5
Birgir Marinósson	Starfsemi Starfsmannafélags verksmiðja SÍS á Akureyri..... 22
	Léttara hjál..... 39
Júlíus Thorarensen	Míningar vélanna 41
Valdimar Gunnarsson	Bóndanefna, þó sveitarvandræði 58
Daníel Pálmason	Míningar frá hernámsárunum í Eyjafirði.... 75
Jóhannes Sigvaldason	Dátar koma af Hofsárdalnum..... 83
Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir	Fátækt, freisting og sauðabjófnaður í Eyjafirði 1697-1838 86
Ólafur Grímur Björnsson	Þýðlyndur uppreisnarmaður..... 110
Magnús Stefánsson	Spítala-Þórður..... 140
Jón Hjaltason	Var verkalýðsfélag stofnað 1894 eða 1897?..... 153
	Skýrsla stjórnar fyrir árið 2015..... 158

SÚLUR XLII: 2016

Súlnur

NORÐLENSKT TÍMARIT



Sambandsverksmiðjurnar á Akureyri hátíðardaginn 20. ágúst 1983

55

ÚTGEFANDI: SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA - AKUREYRI

55

SÚLUR

NORÐLENSKT TÍMARIT

XLII. árg.

55. HEFTI 2016

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

BJÖRN TEITSSON

Eigandi og útgefandi:

SÖGUFÉLAG EYFIRÐINGA

Ritnefnd Súlna
skipa:

Ása Marinósdóttir
Björn Teitsson
Jón Hjaltason

Sögufélag Eyfirðinga

Óseyri 2, 600 Akureyri

Sími / símsvari: 462 4024

ISSN 1670-3170

UMBROT OG PRENTUN: ÁSPRENT, AKUREYRI
Akureyri 2016

Forspjall

Fremst í þessu hefti er viðtal við Málmfríði Sigurðardóttur fyrrverandi alþingiskonu. Birgi Sveinbjörnssyni er hér með þakkað sérstaklega fyrir að hafa tekið þetta merka viðtal en hann gekk frá því skömmu fyrir andlát Málmfríðar, eins og fram kemur í formála hans.

Forsíðumynd þessa heftis var tekin við Sambandsverksmiðjurnar á Gleráreyrum á Akureyri 20. ágúst 1983, þegar haldin var þar hátíð sem sagt er frá í samstæðum þáttum Birgis Marinóssonar og Júlíusar Thorarensen framarlega í heftinu. Til hægri á myndinni er Heklu-byggingin, næst aftan við hana er sítunin og skógerðin. Fyrir miðju er Gefjun. Hæst ber á bak við Félagsborg, starfsmannasalinn. Hluti hátíðargesta er næst á myndinni. Ljósmyndari var Jóhann B. Ingólfsson. Jakobi Tryggvasyni er hér með þakkað sérstaklega fyrir aðild hans að öflun þeirra mörgu mynda sem fylgja þáttum þeirra Birgis og Júlíusar.

Gunnari Jónssyni frá Villingadal og Herði Geirssyni í ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri er þakkað fyrir útveggun annarra mynda. Þá skal öllum öðrum höfundum efnis í heftinu þakkað fyrir góða samvinnu.

Enn er þess óskað að sem flestir leggi Súlum lið og sendi til ritnefndarmanna ýmsar greinar, ekki síst um eufirska sögu af einhverju tagi. Stuttir þættir eru alltaf sérlega vel þegnir. Netfang ritstjóra er banna@simnet.is. Heimasími hans er 456 4119.

Ritnefnd

Leiðréttingar

Leiðréttingar á fyrri greinum um séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað

Fyrri greinar í greinaflokknum um séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað, Þýðlyndur uppreisnarmaður, birtust í *Súlum* árin 2011, 2012 og 2014. Í heftinu árið 2013, bls. 160, voru prentaðar leiðréttingar á villum, sem fundust í tveimur fyrstu greinunum. Fáein- ar viðbótarleiðréttingar fylgja nú hér:

Í fyrstu greininni, 50. hefti, 2011, bls. 6, er sagt, að Hólaskóli hafi verið lagður niður árið 1801. Rétt er, að hann var lagður niður vorið 1802 (rétt er farið með þetta atriði í greininni frá 2014, bls. 96). Á bls. 9 í greininni frá 2011 er ranglega ritað Sigurður B. Sívertssen, réttur ritháttur er Sívertsen, og á bls. 12 og 13 er nafn teiknara/málara myndanna þar ekki rétt ritað, rétt er Auguste Mayer. Á bls. 10, 18 og 19 í sömu grein er ýmist ritað Skapti eða Skafti í nafni Skapta Tímótheus Stefánssonar. Þar ætti að vera samræmi (Skapti; Bjarni Jónsson: *Íslenzkir Hafnarstúdentar*, Ak. 1949, bls. 174–175).

Í kaflanum um séra Magnús í 51. hefti frá 2012 er á bls. 177 vitnað í endurminningabréf Hildar Johnsen til Guðnýjar Halldórsdóttur, dags. 11. apríl 1883. Þar lýsir Hildur mislingafaraldrinum 1846, en það ár (1846) var Hildur faktorsfrú á Húsavík. Í þessu bréfi er Hildur að lýsa veikindunum á Grenjaðarstað, en ekki í Garði í Kelduhverfi eins og missagt er þarna í textanum.

Í grein í 53. hefti, 2014, hefur fallið niður að geta á bls. 127, að myndin af Lord Lovelace er sótt í ritið *Ralph Earl of Lovelace. A Memoir*; sjá tilv. 66 í þessari grein.

Leiðrétting við Súlur 2015

Í grein eftir Helga Hallgrímsson er á bls. 45 í *Súlum* 2015 stutt frásögn höfð eftir Tryggva Jónatanssyni, sem hafði áður birst í 2. árgangi *Súlna* 1972, 1. h., bls. 124. Í heftinu 2015 er Tryggvi sagður hafa verið bóndi í Litla-Hvammi í Hrafnagilshreppi, en hið rétta er að hann var bóndi á Litla-Hamri í Öngulsstaðahreppi (Litla-Hamri í Eyjafirði segir í heftinu frá 1972).

Beðist er velvirðingar á mistökunum.

Kærleikurinn er öllu ofar

Viðtal Birgis Sveinbjörnssonar við Málmfriði Sigurðardóttur

*Birgir Sveinbjörnsson er fæddur 1945 á Hauganesi. Hann lauk kennara-
prófi frá KÍ 1968 og varð þá skólustjóri í Arskógarskóla til 1984. Frá
þeim tíma til 1999 kennari og stjórnandi við Barnaskóla Akureyrar og
Brekkskóla og frá aldamótum til 2012 kennari við Lundarskóla. Þátta-
gerðarmaður hjá RÚV í nokkur ár.*

Formáli

Persónuleg kynni mín af Málmfriði Sigurðardóttur hófust gegnum eiginkonu mína Rósbjörgu H. Jónasdóttur en þær störfuðu saman í Kvenfélaginu Hlíf um tíma og tókst með þeim góð vinátta. Hinn 16. október 2009 gerði ég útlvarpsþátt um Sigurð Jónsson skáld frá Arnarvatni, föður Málmfriðar. Eg hljóðritaði þá nokkurra mínútna viðtal við hana þar sem hún aðstoðaði mig við að bregða upp svipmyndum af föður sínum. Lífshlaup Málmfriðar fannst mér þá svo áhugavert að við ræddum og hljóðrituðum ýmislegt fleira sem ekkert kom þættinum við heldur hennar lífi og starfi. Bað hún mig að halda því fyrir mig uns hún væri öll. Vorið 2013 þegar 30 ár voru liðin frá stofnun Samtaka um kvennalista sem Málmfriður setti sitt mark á, fannst mér vel til fundið að draga viðtalið fram í dagsljósið. Eftir að við höfðum hist, hlustað á upptökuna frá 2009 og bætt ýmsu við gaf Málmfriður samþykki fyrir birtingu og úr varð útlvarpsþáttur sem fluttur var 13. september 2013 á Rás 1. Í samráði við stjórn Sögufélags Eyfirðinga haustið 2014, fékk ég síðan leyfi hjá Málmfriði til að draga það saman sem ég átti af viðtölum við hana, skrá niður, yfirfara, bæta við og birta í Súlum 2016. Frá haustdögum fram í desember 2015 unnum við síðan saman að lagfæringum og viðbótum og til dæmis varð lokakaflinn

til í byrjun desember. Endanlegt handrit fékk Málmfriður til yfirlestrar 12. desember og var þá heil heilsu. Skömmu síðar veiktist hún hastarlega af lungnabólgu og lést 28. desember 2015. Forseti Alþingis Einar K. Guðfinnsson minntist hennar við upphaf þingfundar 19. janúar 2016. Lokaorð hans voru eftirfarandi: „Konur sáu í henni verðugan fulltrúa sinna sjónarmiða og reynslu þegar leitað var forystumanns í kjördæminu til þingsetu. Þeim trúnaði brást hún ekki, og hér á Alþingi naut hún virðingar allra fyrir hófsemi í málflutningi, sanngirni og góðvild. Hún var glaðlynd kona, hlý og traust.“

Birgir Sveinbjörnsson



Þessa mynd af Málmfriði tók Hólmfriður S. Haraldsdóttir.

Hér á eftir segir Málmfriður Sigurðardóttir frá viðburðaríkri ævi sinni, en hún fæddist 30. mars 1927, dóttir Sigurður Jónssonar skálds á Arnarvatni í Mývatnssveit og síðari konu hans Sólveigar Hólmfriðar Pétursdóttur þá ráðherradóttur frá Gautlöndum í sömu sveit. Málmfriður segir frá bernskudögum á fjölmennu menningarheimili, námi í Reykjavík og síðar búskap á Jaðri í Reykjadal. Hún varð landsfræg í spurningaþætti hjá Jónasi Jónasyni þar sem hún sló út fjölmarga keppendur, og sjálf gerði hún marga útvarpsþætti þar á meðal þættina „Ljáðu mér eyra“. Málmfriður var landskjörinn varaþingmaður í nóvember 1984 og flutti

þá jómfúarræðu sína í eldhússdagsumræðum. Síðan sat hún á Alþingi sem þingmaður Samtaka um kvennalista 1987-1991. Eftir þingmennskuna hóf hún störf á Amtsbókasafninu á Akureyri og vann þar nær áratug.

Ég hittí Málmfriði að máli og spurði hver væri hennar fyrsta bernskuminning.

Fyrsta bernskuminning mín held ég að tengist eitthvað Sigrúnu föðursystur minni sem var móðir Steingríms Steinþórssonar og þeirra bræðra. Hún hafði verið á Arnarvatni viðurloða lengi og ég man eftir svuntunni sem hún hafði vegna þess að mörgum árum síðar þá fann ég afgang af þessari svuntu í kistu sem mamma átti og ég segi strax: „Þetta er svuntan hennar Sigrúnar“. Það hafði enginn sagt mér að Sigrún hefði verið með svona svuntu en ég bara vissi það, og mér finnst hún hafa setið undir mér. Þetta held ég sé það alfyrsta, en Sigrún deyr 1930 vestur á Hólum í Hjaltadal þar sem hún hafði verið hjá syni sínum. Annars var Sigrún töluvert mikið á Arnarvatni og fyrst eftir að pabbi missti sína fyrri konu var Sigrún honum mikið innan handar.

Segðu mér aðeins frá systkinum þínum.

Þegar ég man fyrst eftir mér þá er næstelsta systir mín farin að heiman og farin að búa og við elsti sonur hennar erum nokkurn



Eysteinn Arnar, Ragna, Jón, Huld, Þóra, Arnheiður, Málmfriður, Freydis, Heiður, Sverrir og Arnljótur.

Ljós. Sigurður Jónsson, systursonur Málmfriðar.

veginna jafngömul. Systur mínar af fyrra hjónabandi pabba sem ég hef aldrei litið öðruvísi á en sem systur mínar í þess orðs fyllsta skilningi, voru fjórar, Freydís og Ragna voru elstar og svo Heiður og Huld og bræður mínir Arnljótur og Sverrir. Síðan voru alsystkini mín Þóra og Arnheiður og Jón og Eysteinn. Þau eru öll dáin.

Var vinnufólk?

Eiginlega ekki eftir að ég man eftir mér en ég veit að áður en eldri systkini mín fóru að stálpast þá hafði pabbi oft kaupafólk. En ég man eiginlega ekkert eftir því nema í sambandi við það þegar verið var að byggja nýtt hús, þá voru náttúrulega aðfengnir við það. Við systkinin vorum 11 og elsta systir mín var fædd 1903 svo það var 24 ára munur á okkur, og eldri systkinin nýttust að sjálfsögðu sem vinnukraftar á heimilinu og á það var treyst.

Voru ákveðin störf sem þú varst látin ganga í dags daglega eftir að þú fórst að stálpast?

Ég er nú á því að ég hafi verið í meira eftirlæti heldur en hin systkini mín. Það var náttúrulega farið að léttast á ýmsu og ég man að ég spurði Þóru systur mína einhvern tíma hvernig barn ég hefði verið. Hún sagði: „Þú fannst þér alltaf eitthvað til að dunda við, ég tala nú ekki um eftir að þú varðst læs og það fór ekki mikið fyrir þér, en þú fórst alltaf þínu fram.“

Ég held að pabba hafi þótt afskaplega erfitt að láta nokkuð á mót mér, ekki síst vegna þess að ég heiti eftir fyrri eiginkonu hans. Pabbi var maður sem bar ekki tilfinningarnar utan á sér og átti afskaplega örðugt með að tala um nokkuð sem honum var viðkvæmt, til dæmis makamissinn. Ég veit hann átti góða vini sem hann gat kannski rætt við um viðkvæm mál, og svo kemur það fram í kvæðunum hans.

Var ekki pabbi þinn mikils metinn sem skáld í lifanda lífi?

Ja, mér finnst ég hafa orðið vör við það, en fyrst og fremst finnst mér að pabbi hafi verið kennari alveg af Guðs náð. Honum þótti ekkert skemmtilegra en að kenna. Ég held ég megi segja það að hann átti aldrei svo annríkt við vinnu eða skriftir, hann var nú formaður í ótal félögum og í stjórnnum og Guð veit hvað hann þurfti mikið að skrifa vegna þess þó ekki væri annað, hann átti aldrei svo annríkt að hann hjálpaði okkur ekki ef við spurðum hann einhvers í sambandi við nám og slíkt – og bara ef við vildum fræðast. Hann hafði yndi af að fræða. Mývetningar voru snemma áhugasamir um skóla- og fræðslumál, og sem dæmi um það má nefna að 1858 var stofnað lestrarfélag í Mývatnssveit og Jakob

Hálf dánarson á Grímstöðum hélt nokkurs konar unglingaskóla í námskeiðsformi eftir 1860 í nokkra vetur. Mývetningar hófu skólalald á Skútustöðum 1874 til 1889, en þá féll skólalald niður til ársins 1903. Þá stofnuðu þeir þarna eða endurreistu skóla, ja við skulum segja eins og yngri deild í Laugaskóla var. Hann var kallaður Þinghússkólinn af því að hann var í þinghúsi hreppsins á Skútustöðum sem hafði verið lagfært og endurbætt með skólalald í huga og þar voru unglingar. Ég held að það hafi verið Þórir Steinþórsson sem síðar varð skólustjóri í Reykholti sem var með pabba, en fyrst hugsa ég að pabbi hafi bara verið einn, og síðar komu við sögu Sigfús Hallgrímsson í Vogum og Jón Gauti Pétursson á Gautlöndum.

Ég var aldrei á skóla hjá pabba, ég var svo ung, en þetta var merkilegt menningarframtak. Skólinn starfaði ekki alla vetur en þau ár sem unglingaskóli starfaði í Þinghúsinu var kennt í tveimur lotum 8 til 12 vikur í senn fram að 1920, minnir mig.

Pegar séra Hermann Hjartarson kom í Mývatnssveit, var hann líka þessum gáfum gæddur að hafa yndi af að fræða og skynja hvað fólki hentaði og eftir að Þinghússkólinn hætti þá fór hann að taka til sín ýmsa á veturna til að kenna undir skóla og það fór þannig að hann fór að halda skóla sjálfur sem var svona eins og yngri deild í héraðsskólum. Hann bjó nemendur undir að fara beint í eldri deild eins og það hét þá.

Eftir að ég fer að muna eftir mér þá er pabbi fjarska mikið að heiman. Þegar Kaupfélag Þingeyinga riðaði til falls þá vann hann óskaplega mikið í því að koma í veg fyrir að bændur bara hreinlega færu á vonarvöl á kreppuárunum. Hann kom ekkert heill úr þeirri baráttu því sumum mislíkuðu þær aðferðir sem notaðar voru, og ég man eftir ósætti milli hans og einhverra út af því, sem pabbi tók afskaplega nærri sér því að honum fannst að hann hefði unnið gott verk þarna og ég held að seinni tímar hafi sýnt að svo var.

Móðir mín hét Sólveig Hólmfríður Pétursdóttir, fædd og uppalin á Gautlöndum í Mývatnssveit og þar var hennar ætt búin að sitja um tíma. Faðir hennar var Pétur Jónsson alþingismaður og síðar ráðherra og faðir hans var Jón Sigurðsson sem var fulltrúi Þingeyinga á Alþingi í fjölda mörg ár, þannig að hún lifði auðvitað og hrærðist í þjóðfélagsumræðunni. Hún var 11 árum yngri en pabbi.

Kom það nokkurn tíma fram hjá henni hversu mikið átak það hlýtur að hafa verið að giftast föður þínum eftir að hann misti sína fyrri konu?

Hann átti þarna 6 börn og 5 innan fermingar. Heldur þú ekki að það hafi verið erfitt fyrir hana að svara bónorðsbréfi hans játandi og koma norður í sína gömlu sveit og gerast húsmóðir á þessu gríðarstóra heimili?

Ugglaust hefur verið svo, en ég held nú endilega að áður en hún fór til Reykjavíkur hafi þetta verið á götu gert milli þeirra. En ég veit það ekki og ætla ekki að fullyrða það en það er svo margt sem manni er ekki sagt og maður getur í eyðurnar og svo er annað sem er ekki rétt sagt frá.

Voru ekki þessar miklu fjarvistir föður þíns til að gera blutverk móður þinnar á heimilinu ennþá meira?

Jú, í rauninni var það. Það var nú reyndar svo mikið öðruvísi þá heldur en þetta er í dag. Sko, pabbi sagði fyrir verkum þegar hann fór í burtu, hvað ætti að gera og svoleiðis. Svo var viðloðandi heimilið maður sem Einar hét, Pétursson, hann dó nú 1934, og hafði verið ráðsmaður hjá afa mínum. Hann var ættaður úr Norður-Pingeyjarsýslu. Þau komu sem vinnuhjú í Gautlönd hann og hans kona, hún var systir séra Sveins Víkings og hét Björg Grímsdóttir, var gáfuð og góð kona en þau skildu líklega 1905 eða 1906 sem var nú fátítt á þeim árum þarna laust eftir aldamótin. Þau áttu eina dóttur og hún var gift Boga Stefánssyni úr Kelduhverfi sem var bróðir Erlendar í Ólafsgarði og Þórarins Stefánssonar á Húsavík. Einar fór aldrei frá Arnarvatni og hefur því eflaust tekið margt ómakið af móður minni í sambandi við búskapinn.

Hafði móðir þín einhver tækifæri til að stunda félagsstörf?

Já, já, það var svo sjálfsagt í augum föður míns að hún sinni félagsstörfum, það var aldrei talað um það, það var bara sjálfsagt að hún gerði það. Þau voru tvíburar mamma og Jón Gauti á Gautlöndum og þau fóru saman á Gagnfræðaskólann á Akureyri og útskrifuðust þaðan, bæði hæst! Þetta þótti náttúrulega mikil menntun hjá konu í þá daga. Þetta var auðvitað eitthvað sem mamma ætlaði að nýta sér. En ég ætla ekki að fara út í nein persónuleg atriði í því sambandi.

Hvernig var félagslíf þú í Mývatnssveit?

Það var mikið félagslíf í Mývatnssveit á þessum árum þegar ég var að alast upp. Þar var margt ungt og glaðvært fólk og mikið sungið. Ef menn hittust var strax farið að syngja og það voru margir kórar starfandi, karlakór og kirkjukórar. Ég hef alltaf haft gaman af söng og söng með kirkjukór í yfir þrjátíu ár. Ungmennafélagið starfaði af krafti og fundir voru haldnir reglulega og þá var dansað fram undir morgun.

Segðu mér frá húsakynnum á Arnarvatni. Var semilega rúmt um ykkur þessa stóru fjölskyldu?

Ja, rúmt og rúmt. Það sváfu náttúrulega tveir í rúmi. Það þótti bara sjálfsagt á þeim árum. Baðstofan var stór, það var þriggja herbergja baðstofa og hafði verið eitthvað meira, en þegar mamma flutti í Arnarvatn lét pabbi byggja sunnan við húsið dálítið góða stofu og stórt eldhús eða stóarhús. Það var alltaf kallað hús Hólmsfríðar. Frammi í bænum var svo hlóðaeldhús. Bærinn var ákaflega stór því þar bjuggu þrjár fjölskyldur, og því góða fólki á ég svo margt að þakka. Næstu sambýlingar voru fróðleiksfólk þau Benedikt Kristjánsson og Sólveig systir Þorgils gjallanda. Þetta var greint fólk, sérstaklega Sólveig. Hún var gáfuð kona. Þarna var lesið mikið en unnið sleitulaust, algjör sjálfsþurftarþúsakapur. Dætur þeirra Sigurbjörg og Bóthildur á Arnarvatni urðu frægur tóskapar-konur, Sólveig var það líka. Bóthildur óf til dæmis lengi fyrir Heimilisiðnaðarfélagið og til er svo margt fallett eftir þær. Þær voru einnig snilldar spunakonur. Í ysta bænum var svo Jón Þorsteinsson skáld, kona hans og dóttir. Þótt ekki væru allir alltaf sam-mála var samkomuleg almennt gott og engar ýfingar með fólki. Það var gaman að alast upp í þessu fjölmenni, það var mikill og góður samgangur á milli fólksins á bænum og við systkinin vorum mikið hjá hinum fjölskyldunum. Eldra fólkið var síviljugt að fræða mann og segja manni sögur og ævintýri. Þessar sögur lærði maður orðrétt á kjarnyrtri íslensku og sagði sínum börnum seinna. Á Arnarvatni má því segja að hafi verið heilmikið menningarsamfé-lag.

Var mikill gestagangur?

Alveg stjórnlaus.

Gestanaud?

Það má eiginlega segja það.

Og alls konar fólk?

Já, það er nú orðið bílfært nokkurn veginn yfir Mývatnsheiði þegar ég man eftir mér, svona hægt að skrólta og það komu bílar stundum sem fóru upp í Álftagerði. Ég held að hafi ekki verið hægt að komast lengra og þá var maður í Neslöndum sem kom sér upp vélbáti og flutti fólk úr Álftagerði og út í Reykjavíð. Þetta voru í rauninni ferjusiglingar á vatninu og seinast þegar ég vissi var báturinn varðveittur á fuglasafninu. Það var ekkert óalgenget að bændur úr norðurhluta sveitarinnar færu suður í Álftagerði til að sækja varning, til dæmis gerðu Vogabændur það. Kaupfélagið



Gamli bærinn að Arnarvatni.

sendi kannski bíl með þungavöru sem var svo sótt þangað og einnig komu bílar með nýjan fisk kannski einu sinni til tvisvar á sumri.

Arnarvatn á ekki land að Mývatni en veiðirétt og það var veiði í Laxá og stundum mikil enda veit ég ekki hvað hefði verið hægt að hafa handa öllum þessum gestum á sumrin, ef ekki hefði oftast verið hægt að veiða.

Var eggjányting?

Það var töluvert mikið varp heima áður en minkurinn kom, síðan hefur því lítið verið sinnt. Það var dálítið húsandarvarp þar. Ætli það hafi ekki verið vorið 1951 sem var svo óskaplegur snjór fram á sumar. Endurnar voru sestar og svo grillti í hausinn á þeim upp úr snjónum. Það var hryllileg lýsing hjá mági mínum þegar hann var að segja mér hvernig þetta hefði verið. Eftir það vildi heimafólkið ekki ganga varpið því þeim fannst verða að komast upp einhver stofn og svo var fólk kannski ekki svo voðalega hrifið af andareggjum.

Hvernig var þinni menntun báttað?

Ég gekk í barnaskóla í Mývatnssveit. Þegar ég var búin að taka fullnaðarpróf þá fór ég í þennan unglingaskóla hjá séra Hermanni og svo vissi ég ekkert hvað ég átti að gera. Mig langaði að fara í burtu og þá var nú herinn kominn til Reykjavíkur og ekki auðvelt að fá húsnæði nema þá helst að vinna fyrir því. Ég réði mig eða var ráðin í hálf dags vist hjá konu í Reykjavík og var í námsflokkunum á kvöldin svona til að bæta við mína þekkingu og hafði eiginlega í huga að fara í Samvinnuskólann. En konan sem ég vann og bjó

hjá, var kennari við Kvennaskólann í Reykjavík sem var fyrst og fremst bóknámsskóli og hún taldi mig á að fara frekar þangað. Ég gerði það og ég hef svo sem aldrei séð eftir því vegna þess að þar var lögð sérstök áhersla á reglusemi og góða framkomu meðal annars. Krot og slíkt var alveg fordæmt og átti ekki að sjást í stíla-bókum. Þegar ég fór eitt sinn til frænda míns sem var ensku-kennari við Menntaskólann í Reykjavík og sá bækurnar sem hann var að leiðrétta þá ofbauð mér. Ég hafði aldrei séð annað eins hrafnaspark og krot og ég hugsa að fólk sem lagði verkefni frá sér á þennan hátt hefði ekki einu sinni fengið inni í Kvennaskólanum. Kvennaskólagengnar stúlkur voru á þessum tíma sérstaklega eftir-sóttar sem skrifstofustúlkur.

Ég fór í þriðja bekk, þetta var fjögurra bekkja skóli og seinna varð það þannig, og það var í undirbúningi þarna, að það var tekið landspróf úr þriðja bekk og fjórði bekkur var framhaldsstig. Þetta var afskaplega góður skóli. Að sumu leyti kannski gamaldags og þó. Þarna var manni kennt að læra og halda sig frá þeim sem það ekki kunnu. Ég var sautján ára þegar ég fór suður og átján ára þegar ég tók prófið inn í Kvennaskólann.

Varstu þokkalega undirbúin að heiman, voruð þið til dæmis búin að kynnastr erlendum tungumálum á heimilinu?

Pabbi og mamma voru vel menntuð á þeirra tíma mælikvarða, hún frá Gagnfræðaskólanum á Akureyri og hann Möðruvellundur og þau lásu dönsku ágætlega og björguðu sér á ensku. Oft var því vísað til þeirra erlendum gestum og við kynntumst umgengni við þá á heimilinu og lærðum eitthvað á því. Svo lærðum við tungumál í útvarpinu. Ég var búin að læra íslensku og dönsku, aðeins í ensku en dönsku var ég búin að læra svo vel að ég las hana alveg fullum fetum og ég held ég hafi rétt rennt augunum yfir efnið í kennslu-bókinni allan veturinn en ekki meira en það. Þannig var í Kvenna-skólanum að það var kennd danska frá fyrsta og upp í þriðja bekk, sænska í fjórða bekk. Þarna voru úrvals kennarar eins og til dæmis Peter Hallberg sem kenndi okkur sænsku, en hann var þá sænskur sendikennari við Háskólann.

Útvarpið var mjög sterkur miðill á þessum tíma og kennslan nýttist okkur ótrúlega vel. Þar var náttúrulega sjálfur Björn Guð-finnsson sem kenndi íslensku. Mér fannst svo gaman.

Hvert lá svo leiðin eftir Kvennaskólann?

Þá fór ég bara í Mývatnssveit aftur og giftist svo og fór að búa á Jaðri í Reykjadal með kýr og og kindur. Þar átti ég heima í 30 ár.



Hjónin með 4 elstu börnin. Frá vinstri: Sigurður Örn, Málmfríður, Helgi, Þóra, Haraldur, Jón Einar. Ljós. Vigfús L. Friðriksson.

Maðurinn minn hét Haraldur Jónsson og við eignuðumst 7 börn sem öll eru á lífi.

Haraldur var frá Einarstöðum í Reykjadal. Faðir hans var Jón Haraldsson sem margir þekktu á þeim árum. Það var pósthús á Einarstöðum og mikil gestanauð eins og ég hafði þekkt alla mína ævi og það varð eins hjá okkur að það var stöðugur gestastraumur af því að við vorum í þjóðleið. Alltaf voru einhverjir sem þurftu að taka bíla til Akureyrar eða Húsavíkur og þá var náttúrlega sjálfsgat að fá að bíða, sér í lagi ef eitthvað var að veðri. Ég held ég hafi verið búin að fá nokkuð nóg af gestagangi því stundum sagði ég að mér væri sama þótt ég sæi aldrei nýtt andlit framár!

Það gekk allt þokkalega hjá okkur í áratugi. Við höfðum aldrei stórt bú, eitthvað á annað hundrað fjár og upp undir tuttugu nautgripi en síðan missti Haraldur heilsuna þannig að við vorum að mestu hætt búskap. Fyrst létum við kýrnar fara og síðan sauðféð. Ég tók að mér ráðskonustöðu hjá Vegagerðinni í vegavinnubúðum. Þá voru börnin orðin stálpuð en ég var fyrst með tvær yngstu dætur mínar með mér. Síðan uxu þær úr grasi og fóru burt eins og gengur. Þetta var í raun besta atvinna sem ég gat fengið undir þessum kringumstæðum. Reyndar var vinnudagurinn mjög langur eða frá kl.6:30 á morgnana til kl. 10:30 á kvöldin. Um helgar var oftast farið heim og þá tók ég með mér allar tuskur og viskastykki og þvoði. Ég var við þetta starf á sumrin og kenndi við grunnskól-



Börnin orðin fullorðin. Efri röð frá vinstri: Sigríður, Jón sem Haraldur átti fyrir hjónaband, Helgi, Jón Einar, Sigurður Örn, Hólmfríður Sólveig. Neðri röð: Þóra, Málfríður, Margrét.

Ljós. Haraldur Helgi Hólmfríðarson.

ann á Litlu-Laugum á veturna. Hvað félagsstörf varðar þá var ég í kvenfélagi sem hafðist ýmislegt að en ég hafði ekki tíma fyrir meira.

Hvenær fórstu svo að sinna pólitík?

Ég held ég hafi alla ævina verið pólitísk. Mágur minn var mjög harður sósíalisti, og í rauninni kommúnisti. Hann var mikill vinur Einars Olgeirssonar og það voru oft umræður um pólitík heima á Arnarvatni og dálítið harðar stundum, því að hann átti þrjá bræður á Húsavík, þessi mágur minn, sem bjuggu þar við þröngan kost. Þar var engin almennileg höfn. Þeir sjómenn sem ekki fóru á ver-tíð suður urðu nánast að lepja dauðann úr skel heima. Auðvitað var ýmislegt fleira að gera á Húsavík. Kaupfélagið t.d. var með alls konar rekstur.

Ég var aldrei alveg sátt við sjónarmið mágs míns. Mér fannst margt af því sem hann sagði mjög gott en mér fannst líka sumt af því alveg gjörsamlega út í hött en ég fer ekki nánar út í það. Ég gat fylgt honum í ýmsu, til dæmis því að stofna byggingarfélag verkamanna á Húsavík til að byggja yfir fólk. Ég held að hann mágur minn hafi nú verið fyrir því. Það var ekkert byggt á Húsavík af hálfu sveitarfélagsins. Það skipti ekki máli hve margt fólk kom til

Húsavíkur, ef það gat ekki byggt yfir sig sjálft þá varð einhver að þrengja að sér. Svo fóru þeir að byggja og fá teikningar yfir þessi hús sem þeir byggðu fyrst. Þau voru öll eins og ég veit ekki til að einni einustu konu hafi verið boðið upp á að skoða þessar teikningar. Þetta voru ekkert hentug hús konur. Húsin voru auðvitað byggð yfir fjölskyldurnar en konurnar voru ekkert spurðar hvernig þær vildu hafa þau. Nákvæmlega eins og Virginia Woolf segir að þetta sé það að konur eigi ekkert sérherbergi. Þeim er aldrei boðið upp á það. Það var þetta sem rótaði fyrst við mér að ég var ekki sátt við þessa stefnu. Það var ágætt að hafa konur með til dæmis í verkalyðshreyfingunni. Verkakvennafélag Húsavíkur var virkilega öflugt þangað til körlunum tókst að innlima það í Verkalyðsfélagið. Það hefur ekki mikið heyrst í konunum síðan!

Pólítísk frá því fyrsta segirðu, en hvenær förstu að hafa tíma til að sinna stjórnárum?

Það var í rauninni fyrst þegar börnin mín voru flest farin að heiman og ég fór að hugsa út í það að skipta um vinnu. Mér bauðst starf sem aðstoðarráðskona á Kristnesi og ég var búin að renna hýru auga til kvennasamtakanna hérna á Akureyri þegar þær buðu fram til bæjarstjórnar. Mér fannst það mikill áfangi.

Þegar þú ferð að taka þátt í pólitík, sérstaklega kvennapólitík, varstu þá flutt úr sveitinni?

Já, já, það var ekki beint jarðvegur fyrir slíkar hugsanir nema hjá einstaka konum en þær þorðu varla að tala upphátt um það. Ég bjó á Kristnesi og ég þekkti flestar af þessum konum og margar voru skyldar mér. Svo hringir Jónas Jónasson í mig og ég lenti í því að taka þátt í spurningakeppni í útvarpinu 1982-1983 sem aldrei ætlaði að taka enda. Ég var orðin hálf þreytt á þessu en maður varð að standa í þessu þar til yfir lauk en þetta var útsláttarkeppni. Það varð til þess að mitt nafn var orðið svolítið þekkt. Og þá eru samtök kvenna hér á Akureyri og konur sem stóðu að kvennaframboðinu til bæjarstjórnar og áttu þar fulltrúa – ekki allar en sumar – vildu bjóða fram til þings. Þeim fannst þessi áfangi ekki nóg sem heldur ekki var. Einhvern tíma að áliðnum vetri hringir í mig kona sem var frænka mín og ég þekkti og býður mér á fund hjá þeim. Ég fór alveg grandalaus á þennan fund þannig að ég ætlaði bara að njóta þess að vera þarna með skemmtilegum og fróðum konum og allt það. Þetta var fundur í kvennaframboðinu og þær voru fyrst að afgreiða mál sem lágu fyrir nefndum. Ég hlustaði á og hafði gaman af að heyra þeirra viðhorf til ýmissa mála sem ég vissi að voru á

döfinni. Svo kemur að því að það er farið að tala um að þær vilji bjóða fram og það sé gjörsamlega búð að leita með logandi ljósi meðal kvenna eftir því að fá einhvern í framboð. Og mér er nánast stillt upp við vegg þarna. Það var stutt í að yrði að leggja fram lista. Ég var síðasta hálmstráíð. Mér þótti það nú ekki gott en ég skildi vel að til dæmis Valgerður Bjarnadóttir, sem var í bæjarstjórn og með ungt barn, gæti ekki sinnt þessu eða þjónað tveimur herrum. Þetta er einhver erfiðasta ákvörðun sem ég hef tekið. Móðir mín var mikil kvenréttindakona og barðist fyrir kvenréttindum alla sína ævi. Ég hugsaði nú kannski ekki um að hún mundi snúa sér við í gröfningu eða neitt svoliðis ef ég neitaði en mér fannst ég vera að svíkja málstað kvenna ef ég tæki þessu ekki hvernig svo sem ég færi að því að leysa það. Því gerði ég mér bara enga grein fyrir!

En þú leystir þetta!

Ja, það veit ég ekki, ég gerði þetta en hvernig til tókst, um það get ég ekki dæmt.

Var þetta ekki mikil upplifun fyrir þig að vera allt í einu orðin þingkona?

Það var náttúrlega ákaflega mikil upplifun fyrir mig að kynnst Reykjavíkurkonunum sem voru með sitt framboð þarna. Þetta voru svo gáfaðar og víðsýnar konur margar þeirra og sumar hámenntaðar og mér fannst ég stundum ósköp lítil í samanburði við þær. Ég hugsaði þó til þess að sveitamenningin væri nú býsna haldgóð þó að hún næði ekki yfir höf og lönd. Eg eignaðist góðar vinkonur þarna og svo kynntist ég alveg nýjum vinnubrögðum. Ég óskaði eftir því við þingflokkinn að fá að vera í fjárlaganefnd vegna þess að eftir mikla umhugsun var ég búin að sjá að ef ég ætlaði að fá einhverja yfirsýn yfir landshagi ef svo má segja þá væri þetta besta leiðin til þess. Það reyndist líka vera en þetta var alveg óheyrileg vinna. Og vinnubrögð sem ég í rauninni kunni ekki almennilega og þar að auki höfðu mjög margir það fram yfir mig, til dæmis Margrét Frímansdóttir vinkona mín, að þeir höfðu verið í sveitarstjórn og kunnu á kerfið. Ég bara kunni ekki á kerfið og var lengi að læra á það ef ég hef nokkurn tíma lært á það.

Telur þú ekki að þið hafið haft tölurverð ábrif?

Jú, ég held að við höfum haft meiri áhrif en margan grunar. Það gjörbreyttust viðhorf í svo mörgum málum. Ég er ekki að segja að viðhorf til kvenna hafi breyst svo mikið en viðhorf til starfa. Sko, konur geta þetta og geta hitt og það er talið sjálfsagt núna en það var ekki sjálfsagt fyrir aldarfjórðungi. Svo ætla ég nú ekki að tala



*Fundur hjá þingflokki Samtaka um kvemmalista tekin rétt eftir kosninga-
sigur í apríl 1987. Frá v.: Elin G. Ólafsdóttir, Kristín Halldórsd.,
Danfríður Skarphéðinsd., Kristín Einarsd., Magdalena Schram, Guðrún
Agnarsd., Málmfriður. Á myndina vantar Þórhildi Þorleifsdóttur þing-
konu, en Elin og Magdalena voru ekki þingkonur.*

Ljós-: Gunnar V. Andrússon. Mynd í eigu Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

um allar þær yndislegu, góðu og gáfuðu konur sem ég kynntist í gegnum þessi samtök úti um allt land. Það var ómetanlegt.

Þú hefur ekki viljað missa af þessum tíma?

Nei, eftir á að hyggja hefði ég ekki viljað það en vinnudagurinn var ekkert skemmri en hjá sveitakonunni með fullt hús af börnum.

Hefur þú viljað halda áfram?

Já, því að ég var búin að læra þetta. Mér fannst eiginlega dálítið hart að þurfa að hætta þegar ég var loksins komin vel inn í hlutina. Að sitja í fjárlaganefnd þýddi meðal annars það að farin var ferð á hverju sumri á einhverja staði. Ég held ég hafi verið búin að koma í flest frystihús á landinu, fjölmarga skóla og vinnustaði, og eini sjávarbærinn sem ég hafði ekki komið í var Hólmavík. Mér finnst það standa upp úr hvað það er mikilvægt að kynnast kjörum fólks sem víðast um land, til að vita um hvað maður er að tala. Og þessar fjárlaganefndarferðir sem hafa stundum fengið úthúðun fyrir eyðslusemi og allt það, þær eru bara nauðsynlegar fyrir þetta fólk. Ég dreg það bara ekkert í efa og vona að þeim verði ekki hætt, því fólk þarf að sjá um hvaða mál það er að fjalla.

Auðvitað er margt sem stendur upp úr þegar horft er til þessara ára. Maður reyndi hvarvetna að leggja lið þar sem til framfara og

bóta horfði og ég er t.d. ánægð yfir að hafa getað stuðlað af allhug og ég vil segja af krafti að uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri því að ég taldi að bærinn og fólkid þyrfti virkilega á því að halda. Mér fannst mjög mikilvægt að hér risi öflug menntastofnun og hef ætíð verið dyggur stuðningsaðili Háskólans hér og glöð og stolt yfir hve vel hann hefur vaxið og dafnað. Þá tel ég mig einnig hafa átt þátt í því að Grímseyingar fengu betri höfn svo eitt hvað sé nefnt.

Ýmsar ferðir eru minnistæðar í tengslum við starfið og kannski ekki síst ferð til Sovétríkjanna sem ég fór árið 1990 þegar ég var formaður þingflokks Samtaka um kvennalista. Það var árið eftir að Berlínarmúrinn féll. Ég var meðlimur í sendinefnd sem boðið var í 6 daga heimsókn til Sovétríkjanna. Átti nefndin viðræður við Lukjanov, forseta Æðsta ráðsins, Lapetev, forseta fulltrúadeildar ráðsins, og Kotljár sjávarútvegsráðherra. Íslensku þingmönnum voru kynntar þær víðtæku umbætur sem þá átti að framkvæma á sovésku þjóðfélagi og þeir voru held ég líka að leita aðstoðar við að varðveita þann mikla menningararf sem Sovétmenn eiga. Viðskipti Íslands og Sovétríkjanna voru að sjálfsögðu rædd. Þar kom fram að áhugi var á því af hálfu Sovétmanna að auka innflutning frá Íslandi og gera hann fjölbreyttari, en þá var það aðallega þrjónlesið okkar og saltsíldin. Við komum m.a. til Moskvu og Pétursborgar sem eru dásamlega fallegar borgir og mikil upplifun að ganga þar um stræti. Unga fólkid var fallett og glatt og það var mikil dagskrá fyrir okkur. Þingmenn sem sóttu heim Sovétríkin með mér voru þau Jón Helgason, Halldór Blöndal, Rannveig Guðmundsdóttir, Geir Gunnarsson og Guðmundur Ágústsson.

Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma að hætta með Kvennalistann?

Ég var búin að brjóta heilann mjög mikið um það. Ég veit það ekki ennþá. Þegar voru komnar konur innan samtakanna, frammákonur, sem vildu hætta og fara í aðra flokka af því þær sáu ekki fyrir að þær fengju frama innan þessa litla flokks, þá var ekki til neins að halda þessu áfram.

Hvað tók svo við að loknum þingstörfum?

Ég ætlaði nú hálfpartinn að fá mér eitthvað að gera í Reykjavík en fann ekkert í fljótu bragði sem hæfði mér.

Þá var auglýst staða bókavardar á Amtsbókasafninu á Akureyri 1992. Ég sótti um og fékk þá stöðu og vann þar síðan í níu ár og líkaði afskaplega vel. Á þessum tíma var verið að tölvuvæða og



Með fyrrverandi vegagerðarfólki Inga Ragnari Sigurbjörnssyni verkstjóra sem lánaði þessa mynd og Friðbjörgu Hallgrímsdóttur ráðskonu.

stórbæta þjónustu safnsins. Þarna voru margir góðir og þjónustuliprir starfsmenn sem lyftu Grettistaki og ég kynntist mörgum fróðum og skemmtilegum viðskiptavinum. Já, þetta var mjög góður tími og hver dagur ánægjulegur.

Þegar þú lítur yfir farinn veg eru þá einhverjar nýjungar eða framfarir sem þér finnast sérlega eftirminnilegar?

Sem barn man ég mjög vel þegar tæknivæðingin í heyskapnum hófst og pabbi keypti sláttuvél og rakstrarvél sem voru dregnar af hestum. Það hefur líklega verið sumarið 1936. Ég skil ekki enn þann dag í dag hvernig hann gat þetta en það létti okkur mikið störfin. Bræður mínir voru sérlega glaðir með framfaraskrefin og nýttu þessar vélar alveg til fulls.

Þá má ekki gleyma gúmmískónum og stígvélunum sem gjörbreyttu og léttu vinnu kvenna sem nú þurftu ekki lengur að sitja við að gera skó og gera við skó auk þess sem slit á sokkum varð mun minna. Þetta var öðruvísi en í öðrum löndum þar sem skógerð var í karla höndum. Hér á landi verkuðu reyndar karlmenn gærurnar og gerðu skinnin nothæf til skógerðar. Ég eignaðist síðustu brydduðu skóna mín þegar ég var níu ára. Mamma yildi hafa þá fallega og bryddaði þá svo vel að þeir meiddu mig. Á stórum heimilum eins og Gautlöndum var gömul kona, sem var ekki lengur í útiverkum, höfð í því einu að gera skó og bæta skó. Að sjálf-sögðu gjörbreyttu gúmmískórnir og annar slíkur fótábúnaður líð-

an útvinnufólks sem nú þurfti ekki lengur að vera blautt í fætur frá morgni til kvölds og samtímis dró úr veikindum því skinnskórnir voru mjög óhollur fótabúnaður. Samhliða leðurskónum saumuðu konur skinnsockka og þá þurfti að sauma með seymi sem var sin úr stórgripum. Sinin þrúnaði í bleytu og lokaði sporunum þannig að ekki lak. Þetta var haft innan undir skinnskónum ef menn fóru að slá t.d. á votengi. Þetta er svona þetta sem ég man eftir í augnablikinu og mér finnst að hafi skipt miklu máli.



Haraldur Jónsson. Hann lést 11. apríl 1976. Ljósmynd: Vigfús L. Friðriksson.

Nú befur þú setið á friðarstóli í allmörg ár og aldurinn farinn að ferast yfir. Hvernig finnst þér að líta um öxl?

Ef ég horfi til mannlífsins þá er þar auðvitað orðin mikil breyting, nýtt fólk og nýir siðir, ný tækni og venjur teknir við. Það sem helst gæti orðið til þess að mér leiddist núna er að flestir vina minna og jafnaldra eru horfnir á braut, systkini mín öll til dæmis og svo margt fólk sem var í kringum mig.

Þegar ég hugsa til liðins tíma finnst mér stundum ég vera búinn að lifa í þúsund ár eða allt að því. Lífið bauð mér upp á svo margar breytingar á þeim tíma sem ég hef upplifað bæði til góðs og ills að mér er til efs að aðrar eins breytingar gerist nokkurn tíma aftur á jafnlöngum tíma eins og á æviskeiði mínu sem mér finnst nærri því að verða eilíft. Ég er samt mjög sátt við að hafa lifað allt þetta og á langri ævi hef ég lært og gert mér grein fyrir því m.a. að það eru tvenn öfl sem berjast um yfirráðin í heiminum, það illa og það góða með kærleikann að leiðarljósi, og ég held endilega að kærleikurinn sé öllu ofar. Ég er ekki að spá því að hann sé búinn að ná yfirtökum en þessi barátta mun standa lengi. Ég vona að kærleikurinn sigri að lokum því kærleikurinn er sterkasta og mikilvægasta aflið meðal manna og án kærleikans er lífið lítils virði.

BIRGIR MARINÓSSON

Starfsemi Starfsmannafélags verksmiðja SÍS á Akureyri

Birgir Marinósson er fæddur 27. október 1939. Hann tók landspróf frá Héraðsskólanum að Laugum í Reykjadal árið 1959 og próf frá Samvinnuskólanum að Bifröst árið 1961. Var skrifstofumaður hjá ullarverksmiðjunni Gefjun í þrjú ár og síðan kennari samfleytt í þrettán ár, en eftir það starfsmannastjóri hjá Iðnaðardeild Sambandsins og síðar Álafossi hf frá 1975 til 1991. Síðan hefur Birgir rekið bókbaldshjónustu. Var með danshljómsveitir á eigin nafni í fjöldamörg ár. Hefur gefið út þrjár ljóðabækur og eina barnabók. Birgir er kvæntur Önnu Maríu Jóbannsdóttur, f. 3. janúar 1940.



Sú hugmynd skaut upp kollinum fyrir nokkrum árum að skrá þyrfti sögu Starfsmannafélags verksmiðja SÍS á Akureyri. Til er töluvert af upplýsingum og tekið hefur verið saman yfirlit um helstu þætti félagsstarfsins gegnum tíðina. Einnig er til talsvert af myndum úr félagsstarfinu og búið að skanna þær flestar. Þann 26. október 2013 kom saman hópur gamalla félagsmanna og ræddi um hugsanlega útgáfu á sögu félagsins. Í ritstjórn voru kosnir þeir Birgir Marinósson, Jakob Björnsson og Þorsteinn E. Arnórsson, og síðar þeir Jakob Tryggvason og Júlíus Thorarensen. Leitað var eftir styrkjum og fékkst útgáfustyrkur frá Menningarsjóði KEA, sem ekki dugar þó fyrir útgáfu sérstaks rits. Var því samið við Sögufélag Eyfirðinga um að saga starfsmannafélagsins birtist í áföngum í tímaritinu Súlum á fáeinum árum. Fyrir utan ágríp af sögu félagsins koma væntanlega greinar og viðtöl við fyrrverandi

starfsfólk auk mynda úr félagsstarfinu. – Fyrsta greinin sem þetta varðar birtist í Súlum 2015, eftir Þorstein E. Arnórsson, um Miðgarð, sumar- og vetrarskála.

*Vaðlabýggð 2, 14. ágúst 2015
Birgir Marinósson*

Frásögn af starfi félagsins frá ári til árs

Þann 23. apríl árið 1936 kom starfsfólk Klæðaverksmiðjunnar Gefjunar saman í því augnamiði að stofna starfsmannafélag. Kosnir voru þrír menn til að vinna að undirbúningi félagsins og semja lög þess. Þessir voru kosnir:

Ólafur Guðmundsson
Hans Hansen
Jón Sigurðsson

Til vara:
Elinór Þorleifsson
Hafliði Guðmundsson
Karl Grant

Þann 3. maí var stofnfundur og fyrsta stjórn kjörin:

Jón Sigurðsson, formaður
Ólafur Guðmundsson, ritari
Hafliði Guðmundsson, gjaldkeri

Félagið var skírt Starfsmannafélag Gefjunar. Ákveðið var að gefa út blað og skyldi það heita Hvöt. Sótt var um landspildu til að koma upp íþróttavelli. Stungið upp á krónuveltu í fjáröflunarskyni. Verksmiðjustjórnin ákvað að láta félaginu í té húsnæði til fundar og samkomuhalds. Fimleikar og glíma eru á dagskrá. Sambandið gefur félaginu skíði. Mörk sett upp á íþróttavelli norðan Iðunnar.

1937 var rætt um að fá framleiðsluvörur Gefjunar og Iðunnar á heildsöluverði. Starfsfólki Iðunnar var boðin þátttaka í félaginu og nafninu breytt í Starfsmannafélag SÍS, Akureyri. Ágóði af krónuveltu var kr. 139,25. Fyrsta konan, Ólafía Þorvaldsdóttir, tók til máls á fundum félagsins. Keypt voru áhöld til iðkunar frjálsíþróttar.



Stofnfélagar 23. apríl 1936 við innganginn á þáverandi afgreiðslu- og skrifstofuhúsnæði en þar var félagsverslunin.

Samkomusalur afhentur félaginu í húsnæði Iðunnar. Blað félagsins, Hvöt, kom út í fyrsta skipti 14. mars, alls 5 síður.

Árið 1938 var unnið að byggingu skíðaskála.¹ Farin var skemmtiferð í Leyningshóla. Á fundi 5. nóvember 1938 vakti Hjörtur Gíslason máls á hvort ekki væri unnt að koma af stað kennslu í tungumálum innan félagsins. Bauð hann fram aðstoð sína við útvegum kennara, ef einhverjir vildu sinna þessu. Í tilefni af kennsluáformunum lýsti Jónas Þór hugmynd sinni um að koma af stað skiptum á starfsfólki við verksmiðjur erlendis og benti á að nauðsynlegt væri að hlutaðeigendur kynnu eitthvert erlent tungumál. Einnig talaði Jónas um að fundarsalurinn væri kaldur og skrautlaus og benti hann á að úr þessu mætti bæta með því að skreyta hann fánum. Bauðst hann til að aðstoða kvenfólkið ef það vildi sauma nokkur flögg. Þá talaði hann um bindindisstarfsemi, hvort ekki væri hægt að stofna bindindisfélag í sambandi við starfsmannafélagið.

Árið 1939 var ákveðið að afhenda Iðunni samkomusalinn gegn því að fá nýjan sal til afnota. Farnar voru 6 skemmtiferðir.

1940. Nýr salur tekinn í notkun. Leikfímkennsla hófst og kennsla í ensku, íslensku og reikningi. Kosinn fulltrúi í skíðaráð

¹ Sjá grein eftir Þorstein E. Arnórsson í *Súlum* 2015, bls. 64–68.



Úr leikritinu „Upp til selja“. F.v. Bergþóra Bergsdóttir, Páll Helgason, Gústaf Jónsson, Hans Hansen, Richard Þórólfsson og Anna Ólafsdóttir.

ÍRA (Íþróttaráðs Akureyrar). Kennsla hefst í hnefaleik. Skíðamót haldið og margar skemmtiferðir farnar. Afmælisfagnaður var 27. apríl með kaffidrykkju, leiksýningu o.fl. Jólatrésskemmtun var fyrir börn starfsmanna, þeim að kostnaðarlausu. Dansleikur haldinn á gamlárskvöld.

Árið 1941 var byggt leiksvið í salnum. Sýndur sjónleikurinn Tveir heyrnardaufir, sýningar fjórar, og Hann drekkur, sýningar 6, þar af ein á Kristneshæli. Haldið var mót í frjálsíþróttum.

Árið 1942 var keypt píanó. Jónas Þór og Þorsteinn Davíðsson voru kosnir heiðursfélagar. Blandaður kór stofnaður undir stjórn Sigfúsar Jónssonar. Sýnd leikritin Ráðskona Bakkabræðra, 17 sýningar, þar af ein á Kristneshæli og ein í Saurbæ í Eyjafirði, og Karlinn í kassanum, 11 sýningar, þar af tvær á Húsavík og ein á Kristneshæli. Blað félagsins, Hvöt, gefið út öðru sinni þann 22. mars, 6 síður. Fjögur knattspyrnumót voru haldin. Farin skemmtiferð að Svartárkoti í Bárðardal og berjaferð að Nesi í Aðaldal.

1943. Sýnt var leikritið Nábuakritur, sýningar sex, og Tengdamamma, sýningar sjö. Bókasafni komið á laggirnar. Veittar kr. 1.000 úr félagssjóði til bókakaupa.

Árið 1944 var Ráðskona Bakkabræðra sýnd áfram, 10 sýningar, þar af fjórar í Samkomuhúsi bæjarins og tvær á Húsavík. Karalakór stofnaður.



Kristín Konráðsdóttir og Jón Ingimarsson flytja gamanþátt 1958.

Árið 1945 voru sýndir tveir sjónleikir, Hreppstjórinn á Hraunhamri, 12 sýningar, þar af tvær á Húsavík og ein á Kristneshæli, og Upp til selja, þrjár sýningar. Lið KEA sigrað tvisvar sinnum í knattspyrnu og vannst bikar til eignar í því sambandi. Karlakórinn heldur fjölbreytta söngskemmtun.

Árið 1946. Veittar kr. 500 til bókasafnsins og kr. 240 til íþróttá. Leikfimiæfingar voru í samkomusalnum. Sigur á liði KEA í knattspyrnu. Nokkrir dansleikir haldnir. Sýnt leikritið Húrra krakki, sýningar 12.

Árið 1947. Sýndir einþáttungarnir Neið og Haggið á kvöldskemmtun.

Árið 1948. Á aðalfundi 13. desember 1948 var samþykkt eftirfarandi tillaga frá Arnþóri Þorsteinssyni: „Aðalfundur Starfsmannafélags SÍS á Akureyri leyfir sér vinsamlegast að beina þeim tilmælum til forstjóra og stjórnar Sambands íslenskra samvinnufélaga að hlutast verði til um að útgáfufélagið Norðri gefi bókasafni Starfsmannafélags SÍS á Akureyri eitt eintak af öllum bókum, sem Norðri hefur gefið út til þessa, og þeim bókum er koma á komandi árum frá þessu útgáfufélagi Sambandsins.“ Var tillagan samþykkt með lófataki og stjórn félagsins falið að koma henni áleiðis.

Árið 1951 voru gefnar kr. 20.000 til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til minningar um Jónas Þór.



Skemmtiferð til Grímseyjar 1959.

Árið 1952. Gefjun fær samkomusalinn lánaðan fyrir geymslu. Fram kom að félagið hefði ákveðið að gefa silfurskjöld á hurð þeirrar stofu sjúkrahússins, sem bæri nafn Jónasar Þór í virðingarskyni við hann.

Árið 1954 fær félagið nýjan sal til afnota.

Árið 1958. Lið KEA og SÍS, Reykjavík, sigruð í brids. Farið suður og gert jafntefli við knattspyrnulið SÍS í Reykjavík. Sigur í firmakeppni KRA (Knattspyrnuráðs Akureyrar) í knattspyrnu annað árið í röð. Félagið eignaðist kvikmyndasýningarvél og útvarpsgrammófón, svo og lingvafónplötur með kennsluefni fyrir sænsku og ensku.

Árið 1959. Keyptur magnari og hátalari. Farin skemmtiferð til Grímseyjar. Ágóði af Grímseyjarferðinni var gefinn Grímseyjarkirkju. Árshátíðin tvískipt, haldin sama kvöldið í samkomusal félagsins og á Hótel KEA.

Árið 1960 voru árshátíðir í Starfsmannasalnum og á Hótel KEA.

Árið 1961. Á aðalfundi 23. apríl 1961 var lesið bréf frá Byggingarnefnd Skíðaskálans í Hlíðarfjalli með beiðni um að félagið styrkti byggingu skálans. Kom fram svohljóðandi tillaga frá Hirti Eiríkssyni: „Aðalfundur Starfsmannafélags SÍS Akureyri samþykkir að félagið taki að sér innréttingu á herbergi í risi Skíðaskálans í



Stjórn starfsmannafélagsins 1961. F.v. Kristinn Bergsson, Jón Helgason, Hafliði Guðmundsson, Soffía Halldórsdóttir og Páll Ólafsson.

Hlíðarfjalli og verji til þess svokölluðum skálapeningum félagsins.“ Var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Árið 1962 kom fram í skýrslu formanns að lokið hefði verið á árinu innréttingum á herbergi þess í Skíðaskálanum í Hlíðarfjalli, sem félagið tók að sér að annast. Auk þess að innrétta herbergið safnaði félagið meðal verksmiðjufólks upphæð kr. 5.600, sem varið var til kaupa á húsgögnum í herbergið. Einnig gáfu hjónin Guðbjörg Sveinbjarnardóttir og Arnþór Þorsteinsson teppi, kotta o.fl. í herbergið.

Árið 1963 voru haldin spilakvöld og dansleikir. Bókasafnið var vakið til lífs á ný og lokið við innréttingu á herberginu í skíðaskálanum. Kvikmyndasýningar voru fyrir börn starfsmanna án greiðslu aðgangseyris. Árshátíðin haldin í Starfsmannasalnum.

Árið 1964 var margvísleg starfsemi s.s. bridge, skák, jólatrés-skemmtun fyrir börn starfsmanna, bingó o.fl. Verulegar laga-breytingar gerðar. Árshátíðin haldin í Sjálfstæðishúsinu.

Árið 1969 varð stórbruni á verksmiðjunum og m.a. brann starfsmannasalurinn. Lá því starfsemi félagsins niðri í nokkur ár.

Árið 1973 var lokið við endurbyggingu samkomusalarins og hann tekinn í notkun. Reynir Ingibjartsson mætti á aðalfund 24. febrúar og ræddi byggingu orlofshúsa að Bifröst í Borgarfirði og stofnun Landssambands íslenskra samvinnustarfsmanna. Almenn-



Bruninn mikli á verksmiðjunum í janúar 1969.

Ljós. Gunnlaugur P. Kristinsson.

ur fundur 6. maí, þar sem rætt var um klúbbastarfsemi o.fl. Almennur fundur 24. nóvember, þar sem samþykkt var aðild að LÍS.

Árið 1974 var árshátíðin haldin í Sjálfstæðishúsinu, en jólatrés-skemmtun, áramótafagnaður og aðrar skemmtanir í Starfsmannasalnum. Klúbbastarfsemi komið á laggirnar. Farin skemmtiferð til Grímseyjar. Fest kaup á orlofshúsi að Bifröst. Þórarinn Magnússon kjörinn í sambandsstjórn LÍS. Á aðalfundi 20. okt. 1974 kom fram að starfsemi klubbanna hefði verið misjafnlega mikil. Mest líf virtist vera í bridgeklúbbum svo og ferðaklúbbum. Þá kom einnig fram að stjórnin hefði unnið að framkvæmdum við barnaheimili í Glerárhverfi og allmikið hefði gerst í verslunarmálum starfsfólks. Mætti vænta þess að bráðlega yrðu gefin út félagsskírteini, sem heimili fólkinu að fá afslátt af vörum verksmiðjanna.

Árið 1975. Varamenn eiga fasta setu á stjórnarfundum. Ákveðið að kaupa annað orlofshús að Bifröst. Ný borð og stólar keypt í salinn. Haldinn fundur með starfsmanni LÍS og stjórn Starfsmannafélags KEA um félagsmál og útgáfu Hlyns. Árshátíð haldin í Sjálfstæðishúsinu. Jóhann Sigurðsson kjörinn í sambandsstjórn LÍS.

Árið 1976. Haldið upp á 40 ára afmæli félagsins. Starfið mikið og fjölbreytt, m.a. haldnir 24 stjórnarfundir. Annað orlofshús keypt að Bifröst. Aðalsteinn Halldórsson kosinn fulltrúi starfs-



Árshátíð 22. febrúar 1975 í Sjallanum. F.v. Konny K. Kristjánsdóttir, Kristinn Bergsson, Freygerður Bergsdóttir, Finnur Sigurðsson, Ingibjörg Magnúsdóttir, Rögnvaldur Bergsson og Einar Björnsson.

manna í stjórn SÍS. Iðnaðardeild gefur félaginu tvær milljónir króna í tilefni afmælisins. Árshátíðin haldin í Sjálfstæðishúsinu 21. febrúar. Ákveðið að félagið fái Austursalinn til afnota. Herbert Tryggvason og Hans Hansen kjörnir heiðursfélagar SVS. Starfsmannsalurinn hlýtur nafnið Félagsborg. Á stjórnarfundi 11. maí 1976 færði Herborg Herbjörnsdóttir félaginu að gjöf fundarhamar og Bergþóra Bergsdóttir tvo klukkustrengi. Báðar gjafirnar voru í tilefni af 40 ára afmæli félagsins.

Árið 1977. Starfsmannafélagið (SVS) ásamt Starfsmannafélagi SÍS, Reykjavík, gáfu Sambandinu málverk í tilefni af 75 ára afmæli SÍS. Sambandið gaf félaginu 2,4 milljónir króna af sama tilefni, og hafði áður gefið kr. 200.000 í tilefni af 40 ára afmæli SVS. Reynir Ingibjartsson, starfsmaður LÍS, sat aðalfundinn. Hér kemur fram að orlofshúsin að Bifröst heita Bræðraborg og Systraborg. Árshátíðin haldin í Sjálfstæðishúsinu 19. febrúar. Litla árshátíðin haldin í fyrsta skipti 12. mars, þar sem öllum var boðið, er eitthvað höfðu starfað fyrir félagið á liðnu starfsári. Jóhann Sigurðsson endurkjörinn í sambandsstjórn LÍS. Austursalurinn í Félagsborg tekinn í notkun og opnaður sem leiktækjasalur 15. nóvember. Salurinn teppalagður.

Árið 1978. Árshátíðir aftur haldnar í Félagsborg, 25. febrúar og 4. mars. Ullarverksmiðjan Gefjun gefur félaginu 1,5 milljónir til



Stjórn Starfsmannafélagsins 1983 f.v. efri röð: Birgir Marinósson, Sigurður E. Egilsson, Júlíus Thorarensen, Bjarni Jónsson. Neðri röð: Helga Hilmarsdóttir, Alda Friðriksdóttir og Bára Björnsdóttir.

reksturs orlofshúsa í tilefni af því að 80 ár voru síðan fyrirtækið tók á móti sinni fyrstu ull. Tekið á móti 50 norrænum samvinnustarfsmönnum í sambandi við vináttuviku KPA (Sambands norrænna samvinnustarfsmanna). Aðalsteinn Halldórsson endurkjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórn SÍS. Lög félagsins endurskoðuð. Litla árshátíðin haldin 21. janúar.

Árið 1979. Formaður LÍS, Pétur Kristjónsson, sat aðalfundinn og ræddi málefni LÍS. Leiklistarnámskeið haldið undir leiðsögn Sögu Jónsdóttur. Kvikmyndasýningar fyrir börn starfsmanna í umsjá Kristins Arnþórssonar. Skemmtun fyrir vistmenn Sólborgar. Árshátíðir 25. febrúar og 4. mars, auk margra annarra skemmtana. Leiktækjasalurinn opinn á fimmtudögum. Byrjendanámskeið í golfi, leiðbeinandi Gunnar Þórðarson. Jafntefli varð í knattspyrnuleik við SÍS, Reykjavík. Birgir Marinósson ráðinn félagsmálafulltrúi. Skákmót SVS haldið, sigurvegari Davíð Haraldsson. Litla árshátíðin haldin 20. janúar. Jóhann Sigurðsson endurkjörinn í sambandsstjórn LÍS. Fréttabréf SVS hefur göngu sína. Starfsmenn Ylrunar á Sauðárkróki ganga í félagið.



Heiðrun starfsmanna á árhátíð 1983. F.v. Kristinn Arnþórsson, Jón Arnþórsson, Áslaug Jónasdóttir, Páll Helgason, Þórdís Gísladóttir, ásamt Hirti Eirikssyni framkvæmdastjóra. Ljós.: Jóhann B. Ingólfsson.

Árið 1980. Sigurpáll Vilhjálmsson kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórn SÍS. Gítarnámskeið haldið, leiðbeinandi Birgir Marinósson. Árhátíðir 9. og 16. febrúar. Knattspyrnulið SVS fór suður og gerði jafntefli við lið SÍS, Reykjavík og sigraði lið starfsmanna Sjóvarpsins. Námskeið í hnýtingum, leiðbeinendur Margrét Emilsdóttir og Erla Hrönn Ásmundsdóttir. Litla árhátíðin haldin 12. janúar. Fimm fréttabréf SVS gefin út. Úr Fréttabréfi október 1980: „Efnt var til vetrarfagnaðar laugardaginn 25. október. Skemmtun þessi var ákaflega vel sótt, og varð raunar uppselt á skömmum tíma. Reynt var að vanda til dagskrár eftir föngum og m.a. var efnt til hæfileikakeppni, þar sem starfsfólki verksmiðjanna gafst kostur á að troða upp með skemmtiefni að eigin vali. Það má ef til vill geta þess að kvenfólkið skaut karlpeningnum algjörlega ref fyrir rass í þessum efnun, (sem og mörgum öðrum), þar sem þrjár konur tóku þátt í keppninni en enginn karlmaður. Keppendur stóðu sig frábærlega vel eins og við var að búast. Þær Svanhildur Leósdóttir og Steinunn Einarsdóttir sungu við eigin gítarundirleik, og Jóhanna Tryggvadóttir, sem bar sigur úr bítum, flutti frumsamið og smellið efni um stjörnuþárvísindi.“

Árið 1981. Starfsmenn Plasteinangrunar hf. ganga í félagið. Haldin sýning á munum úr hnýtinganámskeiðinu, einnig sýndu áhugamálarar á verksmiðjunum málverk sín. 352 gestir rituðu



Valgerður H. Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar flytur ávarp.

Ljós. Jóhann B. Ingólfsson.

nöfn sín í gestabók af þessu tilefni. Gítarnámskeiðum haldið áfram. Íþróttaklúbbur SVS stofnaður. Fjallað um stefnuskrá samvinnuhreyfingarinnar. Makaskipti höfð á orlofshúsum að Bifröst við Starfsmannafélag SÍS, Reykjavík. Eftirlaunaþegum boðið upp á ýmiss konar aðstoð endurgjaldslaust. Árshátíðir 14. og 21. febrúar. Samkoma haldin fyrir eftirlaunaþega. Námskeið í vísnaðgerð, leiðbeinandi Birgir Marinósson. Fulltrúi í stjórn LÍS, Jóhann Sigurðsson. Kvikmyndasýningar fyrir börn í umsjá Kristins Arnþórssonar. Félagsmálanámskeið haldið, leiðbeinandi Guðmundur Guðmundsson. Fjögur fréttabréf SVS gefin út. Leiklistarnámskeið haldið, leiðbeinandi Theodor Júlíusson. Lið SÍS í Reykjavík sigrað í knattspyrnu í vítaspyrnukeppni eftir framlengdan leik. Haldið kveðjusamsæti fyrir tvo öldunga, þá Þorstein Davíðsson og Hafliða Guðmundsson, sem létu af störfum eftir langt og gott starf.

Árið 1982. Skriflegur samningur gerður við Iðnaðardeild um kaup á framleiðsluvörum verksmiðjanna, svo og samskiptasamningur milli sömu aðila. Ferðaklúbbur stofnaður. 100 þúsund króna gjöf barst frá SÍS til kaupa á sjónvarpi og myndbandstæki. Lífeyrisþegar urðu fullgildir félagar í SVS án greiðslu. Revían Verksmiðjuhús Q eftir Birgi Marinósson og Margrétu Emilsdóttur sýnd 5 sinnum. Sigur í firmakeppni í innanhússknattspyrnu. Tapað fyrir liði SÍS, Reykjavík, í knattspyrnu utanhúss. Lið Fataiðnaðar vann í



Þorsteinn Davíðsson heiðraður.

Ljós m. Jóhann B. Ingólfsson.

innanhússknattspyrnumóti. Sigur í firmakeppni KRA (Knattspyrnuráðs Akureyrar) utanhúss. Meistaramót SVS í golfi haldið í fyrsta skipti, sigurvegari Júlíus Thorarensen. Sigurpáll Vilhjálmsson endurkjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórn SÍS. Gítarnámskeið, leiðbeinandi Birgir Marinósson. Lið Slippstöðvarinnar sigrað í sveitakeppni í golfi. Þrjú fréttabréf SVS gefin út. Nefnd í sambandi við aðstoð við aldraða starfaði allmikið. Var aldraða fólkinu boðið að sjá revíuna Verksmiðjuhús Q, og þeir sem þess óskuðu fluttir að heiman og heim. Alls munu 150 lífeyrisþegar hafa notfært sér þessa skemmtun. Þá var mörgum veitt aðstoð heima fyrir, og opið hús fyrir þá til skemmtunar. Einnig unnu allmargir „öldungar“ við hirðingu á verksmiðjulóðinni og fengu nokkra greiðslu fyrir. Haldinn var fundur um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum. Á fundinn mættu m.a. Vigfús Geirdal, fræðslufulltrúi ríkisins og Reynir Ingibjartsson starfsmaður LÍS. Var fundurinn haldinn í félagi við Starfsmannafélag KEA.

Árið 1983. Árshátíðir haldnar 19. febrúar og 5. mars. Starfsmenn Álafoss heimsóttu SVS. Orlofsaðstaða leigð í Skúlagarði í Kelduhverfi. Tap fyrir liði Slippstöðvarinnar í bridge. Æfingar hjá kvenfólkinu í handbolta og knattspyrnu. Golfmót Iðnaðardeildar haldið, sigurvegari Valdimar Lárus Júlíusson. Sigur á liðum Slippstöðvarinnar og Híbýlis í golfi. SVS tekur að sér umsjá með rekstri



Reiptog milli starfsmanna Gefjunar og Skinnaiðnaðar, dómari Birgir Marinósson.
Ljós. Jóhann B. Ingólfsson.

Mötuneytisins. Birgir Marinósson kjörinn formaður LÍS, Júlíus Thorarensen ritari og Bjarni Jónsson varamaður. Sigur á liði SÍS Reykjavík í knattspyrnu utanhúss. Sigur á innanhússmóti LÍS í knattspyrnu. SVS sá um framkvæmd hátíðahalda í tilefni af 60 ára afmæli sambandsiðnaðarins á Akureyri. Tvö Fréttabréf SVS gefin út. Upp var tekinn sá siður að félagið bauð foreldrum að gæta barna þeirra einn laugardagsseinnipart í desember, meðan þeir sinntu jólaundirbúningi eða innkaupum. Var almenn ánægja með þetta tiltæki og komu á þriðja hundrað börn í gæsluna. Íþróttaklúbburinn og kórinn sáu um þetta. Úr Fréttabréfi júní 1983: „Blandaður kór starfsmanna Verksmiðja Sambandsins var stofnaður fimmtudaginn 20. janúar 1983. Árni Ingimundarson tók að sér þjálfun og stjórn eins og kunnugt er. Mikill áhugi er meðal kórfélaga og eru ýmis framtíðaráform á þrjónunum. Stjórn kórsins er þannig skipuð: Formaður er Kolbrún Sveinsdóttir og aðrir í stjórn þau Asmundur Kjartansson, Margrét Antonsdóttir og Haukur Jakobsson. Nýlega færði Kristín Hjálmarsdóttir, formaður Iðju, kórnum kr. 5.000 að gjöf frá Iðju. Er hér með komið á framfæri þökkum til stjórnar Iðju fyrir þessa höfðinglegu gjöf, sem sýnir í senn góðan hug og hvatningu til kórsins um enn frekari starfsemi.“ Úr Fréttabréfi október 1983: „Um næstu áramót tekur Starfsmannafélagið við rekstri Mötuneytisins, og eru þá fyrirhugaðar

breytingar á starfsemi þess. Ákveðið er að ráðinn verði matsveinn, og að sjálfsögðu verða hinir „ágætu” Goðaréttir teknir út af matseðlinum. Stjórn Starfsmannafélagsins vill benda starfsfólki á að allar tillögur um fyrirkomulag Mötuneytisins eru vel þegnar.”

Þann 20. ágúst 1983 var þess minnst að 60 ár voru liðin frá því að fyrsti vísir að iðnaði Sambandsins varð til hér á Akureyri, þ.e.a.s. gærusútunin. Sá SVS um hátíðina er fram fór á verksmiðjulóðinni og hófst með leik Lúðrasveitar Akureyrar. Júlíus Thorarensen formaður SVS setti hátíðina og stjórnaði henni. Hátíðarræðu flutti Hjörtur Eiríksson framkvæmdastjóri og ávörp fluttu forseti bæjarstjórnar, Valgerður Bjarnadóttir, og formaður Iðju, félags verksmiðjufólks, Kristín Hjálmarsdóttir. Hátíðarljóð eftir Pál Helgason flutti Þórey Aðalsteinsdóttir. Kristín Hjálmarsdóttir afhjúpaði áletraðan koparskjöld í virðingarskyni við Þorstein Davíðsson, er var forstöðumaður þessa fyrsta vísis, þ.e. Gæruverksmiðju SÍS, frá 1923, og síðan verksmiðjustjóri skinnaverksmiðjunnar Iðunnar frá stofnun 1935 til 1968 og jafnframt forstjóri skóverksmiðjunnar Iðunnar frá stofnun 1936 til 1948. Þorsteinn hafði unnið við sútunina allt til októberloka 1981. Þegar hann hafði verið heiðraður og Þorsteinslundur vígður tók brautryðjandinn Þorsteinn sjálfur til máls og sagði m.a.: „Samvinnuiðnaður hér á Akureyri hefur sannað á eftirminnilegan hátt gamla málsháttinn „Mjór er mikils vísir“. Litli sprotinn sem var gróðursettur hér fyrir 60 árum varð að stóru tré.“ – Síðan fór fram reiptog milli Skinnaiðnaðar, Ullariðnaðar, Fataiðnaðar og Aðalskrifstofu, þar sem sveit Skinnaiðnaðar sigraði með glæsibrag. Þá var keppt í lopadrætti, þar sem Sigurður Arnórsson sigraði fyrir hönd Ullariðnaðar. Lokapúður hátíðarinnar var síðan útskýsing á framleiðslu Iðnaðar-eildarinnar undir stjórn Ísafoldar Elínar Helgadóttur. Starfsmannafélagið bauð upp á kaffi og kökur í Félagsborg og komust þar færri að en vildu. Komið var upp leiktækjum fyrir börn á lóðinni vestan skinnaverksmiðjunnar, og myndbandasýning var í Austursalnum. Áætlað er að um þrjú þúsund manns hafi komið á hátíðina og á annað hundrað manns væri þar að störfum.

Árið 1984. Jakob Björnsson kjörinn fulltrúi starfsmanna í stjórn SÍS. Barnapössun í Félagsborg tvo laugardaga fyrir jólin. Um 600 börn komu. Haldið námskeið í bridge, leiðbeinandi Magnús Aðalbjörnsson. Farin hópferð til Reykjavíkur og Starfsmannafélag Álafoss heimsótt. Tapað fyrir liði Slippstöðvarinnar í golfi, en lið sama fyrirtækis sigraði í bridge. Tekið á móti hópum frá Starfsmannafé-

lagi Kaupfélags Austur-Húnavetninga og Starfsmannafélagi Miklagarðs. Félagið tók þátt í framkvæmd samvinnuvörukynningar ásamt Starfsmannafélagi KEA og LÍS. Ýmis skemmtistarfsemi fór fram, m.a. sýndur kabarett tvisvar sinnum í umsjá Leiklistar-klúbbsins og Starfsmannakórsins.

Árið 1985. Námskeið í orgelleik, leiðbeinandi Karl H. Karlsson. Jónína Pálsdóttir sigrar í golfmóti Iðnaðardeildar. Tap fyrir liði Slippstöðvarinnar í golfi og bridge. Aðstoð við aldraða heldur áfram og skemmtanir fyrir þá haldnar í Félagsborg. Bingó, félagsvist, sumarfagnaður, vetrarfagnaður, áramótafagnaður, jólatrés-skemmtun, árshátíðir o.s.frv. fóru fram. Afskiptum hætt af rekstri Mötuneytis. Iðnaðardeildin segir upp samningi um afsláttarkjör á framleiðsluvörum verksmiðjanna. Lið SVS sigrar í bikarkeppni LÍS í innanhússknattspyrnu. Jónína Pálsdóttir kjörin gjaldkeri LÍS og Jóhann Sigurðsson meðstjórnandi. Varamenn í framkvæmdastjórn LÍS þeir Eggert Jónsson og Jóhann Tr. Sigurðsson. Eitt Fréttabréf SVS gefið út.

Árið 1986. Nýtt útvarpskerfi tekið í notkun, gjöf fyrirtækjanna til SVS í tilefni 50 ára afmælisins. Orgelnámskeið, leiðbeinandi Karl H. Karlsson. Árshátíðin haldin í Íþróttahöllinni í tilefni afmælisins. Orlofshús keypt að Bakkagerði í Arnarneshreppi. SVS fær ljósritunarvél að gjöf frá Skinnaiðnaði. Birgir Marinósson sigrar í golfmóti Iðnaðardeildar. Sigur á Slippstöðinni og Hýbýli í 5 og 10 manna sveitakeppni í golfi. Ýmis skemmtistarfsemi í fullum gangi. Páll Helgason kjörinn heiðursfélagi SVS. Tvö Fréttabréf SVS gefin út.

Árið 1987. Árshátíðir haldnar 28. febrúar og 7. mars. Spilavist 4. apríl. Páskabingó og kökubasar í umsjá Starfsmannakórsins. Leiklistarnámskeið, leiðbeinandi Skúli Gautason. Sameining Lífeyris-sjóðs Verksmiðja SÍS við Samvinnulífeyrissjóðinn var samþykkt. Tvö Fréttabréf gefin út.

Árið 1988. Árshátíðir 5. mars og 12. mars. Félagsborg klædd í nýjan búning, salirnir teppalagðir og málaðir og komið upp góðri aðstöðu til veitingasölu. Fyrirtækin greiddu efnið en félagsmenn sáu um framkvæmd í sjálfböðavinnu. Tvö Fréttabréf gefin út.

1989. Nafni félagsins breytt, og skyldi það nú heita Starfsmannafélag verksmiðjувæðisins á Gleráreyrum, skammstafað S.V.S. Var það gert vegna þess að í félaginu voru nú starfsmenn, sem unnu hjá Alafossi hf., Skinnaiðnaði Sambandsins, Plasteinangrun hf. og Skóverksmiðjunni Strikinu. Samið um að fyrirtækin

greiði jafnháa upphæð til félagsins og starfsmenn greiða. Heimilað að ráða launaðan starfsmann (hlutastarf). Jakob Tryggvason ráðinn í starfið. Árshátíðir haldnar 25. febrúar og 4. mars. Þriggja kvölda spurningakeppni milli fyrirtækjanna lauk með sigri Skinnaiðnaðar, dansað á eftir. Landsþing LÍS haldið í Félagsborg. Elín Kjartansdóttir sótti lista- og menningarhátíð KPA (Sambands norræna samvinnustarfsmanna) í Svíþjóð. Gert hollustuátak í samvinnu við stjórnendur fyrirtækjanna. Að þeirri framkvæmd komu Brynjólfur Snorrason, sjúkranuddari, og Magnús Ólafsson, sjúkraþjálfari. Jón Þór Gunnarsson vann golfmót SVS annað árið í röð. Námskeið var í jólaföndri. Barnapössun, jólabingó og jólatrésskemmtun fóru fram. Þrjú Fréttabréf gefin út.

Árið 1991. Álafoss, Plasteinangrun og Skóverksmiðjan Strikið ekki lengur aðilar að SVS. – Úrsögn úr Landssambandi íslenskra samvinnustarfsmanna. Bústaðurinn að Bakkagerði seldur.

Á lokafundi 24. janúar árið 1993 var ákveðið að slíta félaginu og stofnuð ný félög, Starfsmannafélag íslensks skinnaiðnaðar og Starfsmannafélag Foldu. Félög þessi tóku við eignum SVS.

Skráð eftir samantekt Páls Helgsonar og ýmsum heimildum varðandi SVS.

Birgir Marinósson

Léttara hjal

Úr blaðinu Hvöt, sem var útgefið 14. mars 1937:

Smælki

Dómarinn: Viðurkennið þér að hafa brotið stólinn á hryggnum á manningnum yðar?

Ákærða: Það var ekki ætlun mín.

Dómarinn: Þér hafið ef til vill ekki ætlað að berja manningnum yðar?

Ákærða: Jú, en ég ætlaði ekki að brjóta stólinn.

Elsa (við Önnu): En hvað þú ert glöð.

Anna: Já, ég er leynilega trúlofuð og það tala allir um það.

Tveir eiginmenn talast við.

A: Það var innbrotsþjófur heima hjá okkur í gær, og konan mín varð svo hrædd, að hún missti málið.

B: Heyrðu, hvar er hægt að ná í þennan innbrotsþjóf?

Skotasaga

Skosk hjón ákváðu einn sunnudag að fara til nærliggjandi baðstaðar, er var í nokkurri fjarlægð frá heimili þeirra. Er þau komu á baðstaðinn var þar fjöldi fólks, og ýmislegt til skemmtunar. Meðal annars var þar flugmaður, sem flaug með fólk stutta stund yfir baðstaðinn. Þennan dag var mjög dauf aðsókn að fluginu, og var flugmaðurinn í hreinustu vandræðum með að fá fólk til að fljúga. Hin skosku hjón bar að flugvélinni, og byrjaði flugmaðurinn strax að eggja þau á að fljúga, og gat þess að ein slík ferð kostaði eitt sterlingspund, en það fannst Skotanum óheyrilega dýrt, og neitaði með öllu að fara í vélina fyrir það verð. Hann prúttaði og prúttaði og var að síðustu kominn svo langt niður með verðið, að flugmaðurinn sá sér engan hag í þeim viðskiptum. Þá datt flugmanninum í hug að snúa á Skotann, og sagðist skyldi fljúga með þau hjónin ókeypis, ef þau skildbindu sig til að reka aldrei upp hljóð, hvað sem á gengi. Þessa uppástungu flugmannsins samþykkti Skotinn. Hinsvegar ef þau ekki héldu þessi skilyrði átti Skotinn að greiða flugmanninum eitt sterlingspund. Þau fara nú í vélina og flugmað-

urinn flýgur með þau upp í loftið. Hann gerir nú alls konar hunda-kúnstir í fluginu, snýr vélinni við, fer yfir um sig og margt fleira þess háttar, sem vakið gæti hræðslu og framkallað óp farþeganna. En ekkert af þessu dugði. Að síðustu gafst flugmaðurinn upp við þetta og stýrði til jarðar. Er þangað kom var það hans fyrsta verk að spyrja Skotann hvort hann hefði aldrei verið kominn að því að gefa frá sér hljóð. Jú, segir þá Skotinn, það munaði minnstu að ég gæfi frá mér hljóð er konan mín féll útbyrðis.

Úr blaðinu Hvöt, sem gefið var út 22. mars 1942:

Ráðskona Bakkabræðra

Starfsfólk verksmiðjanna hefur nú undangenginn tíma leikið þetta leikrit í starfsmannasal félagsins við fádæma mikla aðsókn. Þetta er annað leikritið á þessum vetri, og nú þegar er hafinn undirbúningur að þriðju leiksýningunni. Sýnir þetta að mikill og brennandi áhugi er fyrir leiklistinni meðal starfsfólksins og er það fullrar viðurkenningar vert. Þegar tillit er tekið til þess, að allir leikendurnir eru byrjendur í leiklistinni, verður ekki annað sagt en að vel sé af stað farið. Hér verður eigi gerð tilraun til að dæma hvern einstakan leikanda, en um leikinn í heild skal það sagt, að hann hefur tekist langt fram yfir þær vonir, sem menn gátu frekast gert. Virðist þessi góða byrjun spá góðu um framhaldsstarfsemi starfsfólksins í þessu efni, og er vissulega gott til þess að vita, því nú þegar virðist sem hið nýja líf, sem kviknað hefur með leikstarfsemi félagsins, sé að kveikja áhugaeld í annarri starfsemi, er fólkið hefur innan sinna vébanda. Má því segja að árangurinn af leikstarfsemiinni sé hinn glæsilegasti, og öllum er að henni standa til hins mesta sóma.

M.S.

JÚLÍUS THORARENSEN

Minningar vélanna

Júlíus Thorarensen fæddist á Akureyri 23. desember 1940. Hann vann hjá ullarverksmiðjunni Gefjuni 1954-1985. Varð verkstjóri í loðbandsdeild 1971 og sá um viðbald og tækjakost deildarinnar. Júlíus hóf störf hjá Efnaverksmiðjunni Sjöfn árið 1985 sem laggerstjóri, flutti til Reykjavíkur 1986 þar sem hann starfaði hjá Sjöfn, HörpuSjöfn og Flugger til 2010. Júlíus sótti námskeið og tók tvo vetur í skrifstofu- og sölutækni í Tölvuskóla Íslands. Hann var formaður



stjórnar Starfsmannafélags verksmiðja Sambandsins 1980-85 og var í stjórn Landsambands samvinnustarfsmanna 1982-84. Var formaður Bridgefélags Akureyrar 1983-84. Söng lengi með söngbópnum Norðurljósum og í Kirkjukór Breiðholtskirkju. Júlíus á fjögur uppkomin börn með fyrri konu sinni Margréti Emilsdóttur.

Hann vinnur á vélunum, var sagt í gamla daga um þann sem vann hjá Verksmiðjunum, „Tövinuafélaginu“, á Gleráreyrum á Akureyri.

*Þegar að vorar ég fagnandi finn
frelsi í hjarta og roða í kinn.
Svifur um loftin blá sólargeislinn
þve sælt er að vera til.*

*Við vorsönginn blíða nú lifnar hver laut,
ljúflega gleymist hver vetrarins þraut,
til verkefna sterri hann ber mig á braut
nú betur ég lífið skil.*

*(Brot úr texta eftir Birgi Marínósson
– Lag: Ein Bisschen Frieden, sem vann í Eurovision 1982).*



Hafliði Guðmundsson og Arnhórr Þorsteinsson gerðir að heiðursfélögum 1966.

Það var að koma vor og starfsmannakórinn var að æfa undir stjórn Árna Ingimundarsonar sem sveiflaði sprotanum og lék á alls oddi, hann fór á kostum, dansaði fyrir framan kórinn meðan tónar lagsins svifu um loftin í „Félagsborg“ en það nafn hlaut starfsmannasalurinn þegar hann var tekinn í notkun eftir brunann mikla. Það var einmitt verið að undirbúa vorhátíð. Árni var með lokaæfingu, generalprufu eins og það var kallað. Ekkert mátti fara úrskaiðis, kórinn var að koma fram í fyrsta sinn. Árni hafði mikla reynslu á sviði kóra og tónlistar. Hann vildi setja mark sitt á sönginn, fólk átti að opna munninn og syngja með sveiflu, „ekkert helvítis væl“ eins og hann orðaði það. – Já, hann Árni. Hann var bara snillingur!

Í Austursalnum beið svo Biggi Mar eftir að kórinn kláraði, svo hann gæti byrjað að æfa Gítarsnillingana sem áttu að spila undir fjöldasöng á fagnaðinum, 16 manna hópur sem byrjaði að læra gítarhljómana hjá Bigga árið áður. Þeir voru líka að koma fram í fyrsta sinn. Biggi var orðinn svolítið stressaður. Gekkk um hratt og bölvaði lítið, sagði í mesta lagi „ja hver asskoti“. Það var mikið í húfi, hann vildi ekki heyra falskan tón frekar en Árni. Og svo voru allir hinir með heimatilbúnu skemmtiatriðin sem voru oftast en ekki tengd einhverju spaugilegu úr daglega lífinu á vinnustöðunum. Einfalt! En alveg þrælmagnað skeið.

Það gleður hjartað að hafa fengið tækifæri, hlotið traust, til að vera í forsvari þessa merka félags um stund með mjög hugmynda-
ríku og duglegu fólki.

Ég hef stundum velt því fyrir mér, þegar ég hugsa til baka um sögu Starfsmannafélags verksmiðja sambandsins, SVS, og um verksmiðjurnar á Gleráreyrum, hversu ótrúleg sú saga er. Það var mikil lífsreynsla fyrir ungan mann að hefja störf hjá verksmiðj-
ununum árið 1954. – Þegar hún móðir mín fór með mér að biðja um vinnu fyrir strákinn sagði forstjórinn, sem þá var Arnþór Þor-
steinsson, í lok viðtalsins: „Þú mátt byrja á mánudaginn til reynslu í einn mánuð, ef okkur líkar ekki við þig þá hættir þú og ef þér lík-
ar ekki við okkur þá mátt þú hætta.“

Þetta var ekki rétt frekar og þarna var ég í 31 ár, sem er svo sem ekki langur tími í örófi alda, en heil eilífið í tilveru einstaklings. Það var mikill skóli að kynna þeim sem þarna voru við störf. Sumir höfðu verið í langan tíma, frá 1930 eða fyrr, og gaman að hlusta á frásagnir þeirra um gamla tímanna. Kenning þeirra var ein-
föld, bera skyldi virðingu fyrir starfi sínu og vinnustaðnum og taka virkan þátt í öllu félagsstarfi.

Vinnudagurinn hófst klukkan sjö að morgni. Kyndarinn kveikti undir kötlunum klukkan fimm, stundum fyrr þegar vetur var harð-
ur. Gömlu starfsmennirnir mættu alltaf vel fyrir tímanna. Þeir tóku góðan hálf tíma í að ræða pólitíkina og heimsmálin, takast á um skoðanir. Þá var oft mikið fjör. Við fundum það fljótt, strákarnir, að þessi morgunandakt var ómissandi fræðslustund um mannlífið, því að endalaus var þörf þessara manna að brjóta til mergjar þá hlekki sem lagðir eru á mannfólkið. Þeir fundu hjá sér þörf til að virkja hugarorkuna, ef það gæti orðið til þess að komast lengra í þeirri viðleitni að skilja veruleikann.

En hvernig ætli það hafi verið að alast upp í þessu umhverfi sem verksmiðjurnar voru? Fyrir mig var það góður tími. Þetta var stór vinnustaður á þeim tíma og þar kynntist ég góðu fólki og lærði margt gagnlegt sem hefur fylgt mér í gegnum lífið.

Það er ekki hægt að rifja upp þennan tíma án þess að geta þess í leiðinni að ég ólst upp í næsta nágrenni við verksmiðjurnar. Þar í kring lékum við okkur, strákarnir á eyrunum, sáum verksmiðjuhúsin stækka og stækka. Við fórum í leiðangra um byggingarnar og upp með Gleránni að stíflunni, sem veitti vatninu inn í stökk sem lá niður að verksmiðjunum, án þess að vita það þá, að vatnið sem fór um þennan stökk inn í verksmiðjuhúsið og út úr því hinum

megin dreif allar vélarnar í verksmiðjunni áfram. Þetta var ævin-
týraheimur. Vélalækurinn var hann kallaður, sem rann í hlykkjum
út í Glerána. Það kom stundum fyrir þegar verið var að nota litar-
efni í verksmiðjunum að þau runnu út í ána. Hún varð þá oft ansi
marglit. Þá var ort:

*Hver er hún þessi á,
sem aldrei frýs.
Gul og rauð og græn og blá
og gerð af SÍS.*

*(Höfundur: Pétur Björgvin Jónsson
sem lengi vann á skógerðinni)*

Það var löngu seinna þegar Pétur tók á móti starfsviðurkenningu
fyrir langt og heilladrjúgt starf úr hendi þáverandi fram-
kvæmdastjóra Iðnaðardeildar, Helga Bergs, að hann væflaðist á
sviðinu um stund, svo kom vísa :

*Suma eltir ólánið,
öðrum vegnar betur.
Sjáið þið hverju Sambandið
semir gamla Pétur.*

Það má svo sannarlega halda því fram með réttu að félagslíf hjá
starfsfólki verksmiðjanna hafi frá því fyrsta verið mjög virkt, öflugt
og hugmyndaríkt. Kemur þar eflaust margt til: Upphaf verk-
smiðjureksturs á Gleráreyrum var mikið brautryðjendastarf. Það
var lítið um fjármagn, lítil þekking og menn urðu að treysta hver á
annan og leysa sameiginlega öll vandamál, sem voru ærin fyrstu
árin.

Það er orðin löng ganga frá þeim degi, er Aðalsteinn Halldór-
son, ungur búfræðingur frá Litla Hamri í Eyjafirði fór utan í febr-
úar 1897 til þess að skoða og kynna sér ullariðnað (tóvinnu), sem
síðan reis upp á Gleráreyrum. Það er mikil saga, stór saga ef hún
væri sett á blað, sagan um verksmiðjurnar, en hún kemst ekki fyrir
í þessu spjalli.

Ég var fluttur til Reykjavíkur og sá í sjónvarpsfréttum þegar
stórvirkar vélar byrjuðu að ryðja niður verksmiðjuhúsumum. Það
var skrytinn tilfinning fyrir mig að horfa á þessa fréttaskýringu þótt
ég vissi að þetta væri búíð að vera lengi í farvatninu. Upp í hugann

kom fleyg setning: „Hefur þú nokkurn tíma séð stórkostlegra hrun?“, svo að vitnað sé í Grikkjann Zorba þegar námuframkvæmdin hans hrundi í einu veffangi. Ég held ekki. Þá hugsar maður: Skrýtið hve lítið var um þetta fjallað sögulega, allt þetta mikla starf og hrundið. En kannski verður það einhverntíma gert?

Ullariðnaður byrjaði í smáum stíl á Gleráreyrum síðla árs 1897 þegar Tövinuufélag Eyfirðinga hóf þar starfsemi sína. Síðan tók þar við rekstri Verksmiðjufélagið á Akureyri Ltd., sem seldi Sambandinu eignir sínar árið 1930. Gífurleg aukning varð þá á öllum sviðum iðnaðar; fram fór vefnaður, sútun, skinnaiðnaður, skó-iðnaður, fataiðnaður og silkiiðnaður svo fátt eitt sé nefnt. Þarna var þráðurinn spunninn sem óf vefinn fyrir stofnun Starfsmannafélagsins.

Starfsmannafélag Verksmiðja Sambandsins, S.V.S., var svo stofnað nokkrum árum eftir að Sambandið eignaðist verksmiðjurnar eða 23. apríl 1936. Þá var meðal annars skráð að tilgangur félagsins væri: *Að efla þekkingu félagsmanna á samvinnumálum og hlutverki samvinnufélaga. Að geta hagsmuna félagsmanna, efla kynningu meðal þeirra og sjá um skemmtanir og klúbbstarfsemi.* – Já, já!

Árið 1956, minnir mig, fór forstjóri Sambands íslenskra samvinnufélaga um landið og kynnti heimildamynd um starfsemi sambandsins, sem fór þá fram nánast á milli fjalls og fjöru, allt í kring um landið. Þetta var stórkostleg mynd, mikil heimild, hún hét Viljans merki. Hvað skyldi hafa orðið um hana? Ég man að myndin var sýnd í Nýja bíó og Erlendur forstjóri flutti kröftugt, áhrifamikla ávarp og hvatti alla unga menn til þátttöku í samvinnustarfinu. Þessi hvatning hafði mikil áhrif. Þetta var stór viðburður og á þessum tíma var uppbygging Samvinnuhreyfingarinnar í landinu orðin gríðarleg.

Snúum þá aftur að félagsmálastarfinu. Efalaust hefur gamli ungmennafélagsandinn þjappað starfsfólkinu saman og verið ríkjandi í öllu lífi þess og starfi, það vildi láta hlutina virka. Hugsjónir fólksins voru þær að því mætti auðnast að sjá nýja og kannski betri tíma koma, með nýja möguleika. Lífið var að taka framförum, lífsmynstrið var að breytast, ný tækifæri að skapast. Það vöknudu nýjar vonir og enginn mátti láta sitt eftir liggja til þess að þær gætu orðið að veruleika. Það er hægt að halda því fram að þessi iðnaður sem byrjaði svo veikburða sem raun var á, hafi seinna orðið að stóriðju í orðsins fyllstu merkingu. Starfsmenn voru aðeins örfáir í



Árshátíð um 1960.

upphafi, en þegar mest varð seinna voru 850 manns á launaskrá. Það eru til margar sögur frá fyrri árum. Það gerðist til dæmis að starfsmenn tóku höndum saman og breyttu verksmiðjusalnum í samkomusal. Vélunum var pakkað inn í striga, sett var upp langborð á gólfíð á milli þeirra og svo kom hver með sinn stól, sinn mat, trog og pela, einhver með harmoniku, og það var haldið þorablót eins og þau voru í sveitinni í gamla daga. Síðan var öllu komið í stand aftur svo hægt væri að hefja vinnu á réttum tíma. Allt var þetta hugsjón.

Þannig þróaðist mikið félagsstarf sem hélt áfram af miklum krafti alla tíð, þótt vissulega kæmu lægðir inn á milli. Þegar starfsmannafélagið var stofnað, þá var „SÍS“ komið til sögunnar og Benedikt frá Auðnum hafði löngu mælt þessi frægu orð: „*Sá sem ekki hefur tekið þessa trú, ekki tileinkað sér samúðarhugsjónina í öllum samböndum og blutföllum lífsins, hann er nauðast hefur til að vinna að samvinnumálum svo að réttur og sannur árangur verði af starfi hans. Hann getur þá ekki heldur unnið að þeim með þeirri von og trú og þeirri vísýn, sem er skilyrði fyrir góðum árangri allra nytsemdarverka. Hann er jafn ófer um að stjórna litlu rjómabúi og sambandsmálum þjóðanna.*“ Svo mörg voru þau orð.

Það er nú einhvern veginn þannig, að þótt menn séu ekki alltaf sammála þá skilja allir vel þörfina fyrir að vinna saman og hafa

markmið. Ég held að markmiðið, allavega eins og það lítur út í mínum huga þegar ég horfi til baka, hafi jafnan verið að efla og þróa gott félagsstarf þar sem hæfileikar hvers og eins fengju að njóta sín með velferð heildarinnar að leiðarljósi. Fundargerðabækurnar sýna að það var mikið starfað og enginn taldi það eftir sér. Þarf að segja mikið meira um það?

Árið 1982 voru settar á blað nokkrar setningar til fróðleiks um félagsstarfið. Fyrst er áréttaður tilgangur félagsins sem enn var hinn sami og í upphafi 1936, eins og lýst var hér að framan. Síðan segir: „Starfsmannafélagið stendur fyrir árs hátíð fyrir félagsmenn og jólatrésskemmtun fyrir börn félagsmanna. Á veturna eru spila- og bingókvöld með ýmsum skemmtiatriðum og dansi og kvikmyndasýningar fyrir börn. Þá er gefið út fréttabréf, ýmis námskeið eru haldin og klúbbar starfa á vegum félagsins. Félagið hefur í vaxandi mæli sinnt málefnum aldraðra, bæði með skemmtanahaldi og aðstoð heima fyrir. Félagsmenn njóta sérstakra kjara við kaup á framleiðsluvörum verksmiðjanna, samkvæmt samningi. S.V.S. er viðurkenndur samningsaðili fyrir starfsfólk um öll þau mál sem ekki falla undir kjarasamninga verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.“

Þegar þetta var skrifað höfðu starfsmenn Sængurgerðarinnar Ylrunar á Sauðárkróki og Plasteinangrunar h/f á Akureyri bæst við í félagið.

Starfsmannafélagið átti og rak tvö orlofshús að Bifröst í Borgarfirði, það fyrra frá 1974,¹ sem voru til afnota fyrir starfsmenn. Það fylgdi því mikil vinna að sinna þessum húsum en þau voru leigð til nemenda í Bifröst á veturna. Á hverju vori var farið í Borgarfjörðinn og ein helgi notuð til að yfirfara húsin fyrir sumarið. Borið var á palla og veggi og annað nauðsynlegt viðhald framkvæmt. Þetta gerðu félagarnir í sjálfboðavinnu, þeir lögðu allt til nema efni og matvæli.

Í árdaga félagsins 1938 var unnið að byggingu skíðaskála sem síðar hlaut nafnið Miðgarður.² Við lestur fundargerða og af gömlum sögnum finnst mér eins og þetta stóra verkefni sem það hlýtur að hafa verið á þeim tíma, hafi aldrei náð að blómstra. Miðgarður var seldur Barnaskóla Akureyrar 1944. Andvirðið sem fékkst fyrir skálann var síðan notað til að styrkja byggingu Skíðaskálans í Hlíðarfjalli.³ Það var ekki getið um það framlag í þætti á N4 um

¹ Sjá grein Birgis Marinóssonar frammar í þessu hefti Súlna.

² Sjá grein Þorsteins E. Arnórssonar um Miðgarð í Súlum 2015.

³ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árin 1961 og 1962.

sögu Skíðaskálans sem sýndur var í Sjonvarpinu nýlega. Það fennir í sporin, sérstaklega á fjöllum.

Það má hinsvegar sjá að miklar vonir og hugsjónir voru bundnar við byggingu Miðgarðs þegar ritað var og um leið horft til framtíðar skálans:

„Það er gert ráð fyrir að komið verði upp fallegum trjálundi, er á komandi árum verður fagur minnisvarði um framtak þeirrar æsku, er vann við verksmiðjurnar, er þessu máli var brint áleiðis.“ Sá sem þetta ritaði hafði greinilega gott hjartalag og bjó yfir miklum hugsjónum. – Ég á reyndar margar minningar um Skíðaskálann í Miðgarði. Þangað fór ég í skíðaferðir á veturna meðan ég var í Barnaskólanum á Akureyri. Það voru svo sannarlega skemmilegar stundir á gömlu skíðunum með leðurólunum og í klossunum sem voru notaðir jafnt á skíði á veturna og í fótbolta á sumrin.

Stór þáttur í starfi starfsmannafélagsins voru íþróttir af öllum toga. Þar fögnuðu félagar oft er afrek voru unnin. „Sem ekki voru af slæmum toga spunnin“, sagði einhver úr loðbandsdeildinni. Íþróttirnar efldu kynni og samheldni fólks og hvöttu það til dáða, sem var mikill styrkur fyrir félagið og starfsemi þess. Starf Íþróttaklúbbsins kom mörgu til leiðar. Auk keppni milli deilda verksmiðjanna kom hann á samskiptum milli vinnustaða í bænum. Allt skilaði þetta sér til félagsstarfsins með miklum krafti.

Leikritið (revían) „Verksmiðjuhús Q“ eftir Birgi Marinósson og Margréti Emilsdóttur var sýnt fyrir fullu húsi nokkur laugardagskvöld í röð.⁴ Þar voru félagar í öllum hlutverkum. Hugmyndin „Verksmiðjuhús Q“ varð til þegar byrjað var að endurskipuleggja. Það átti ekki lengur að tala um Gefjuni, Iðunni og Heklu. Hugmyndin var að tala um „Verksmiðjuhús A, B og C“ og sitthvað fleira. Sagan snýst um mann sem kemur úr sveitinni í leit að vinnu og allt fer öðruvísi en hann bjóst við og verður úr tómur misskilningur. En eins og svo oft fór allt vel að lokum. Þetta var stórkostlegt verk hjá þeim Birgi og Margréti. Þau skrifuðu texta, ljóð og lög sem voru sungin í leikritinu.

Þar fann ég mesta gleði og mest þakklæti þegar verið var að sinna málefnum aldraðra. Ég minnst stundanna þegar farið var heim til eldri starfsmanna og þeim veitt ýmiskonar aðstoð, og þegar félagar buðu eldri starfsmönnum á ákveðnum laugardögum í kaffi og „Hnallþóru“ sem félagskonur sáu alfarið um. Þá var var

⁴ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árið 1982.



Góðir félagar ræða málin. F.v. Júlíus Thorarensen, Jóhann Sigurðsson og Birgir Marinósson.

líka boðið upp á erindi, skemmtiatriði og söng. Það var mikil gleði, gömlu starfsmennirnir og gestir þeirra hlógu mikið er þau rifjuðu upp gömlu dagana. Þeir sem á þurftu að halda voru sóttir og þeim komið aftur heim. Þessi þáttur var undir styrkri umsjón Kristins Arnþórssonar.

Svo voru laugardagarnir í desember þegar félagið bauð upp á barnapössun til að létta undir með foreldrum meðan jólaundirbúningur stóð sem hæst, farið var í búðir og þess háttar. Það var vel séð um börnin og brugðið á leik. Á þessum árum trúði fólk því enn að jólasveinninn væri til, hann kom ofan Hlíðarfjallið, óð fönnina hvernig sem veðrið var og renndi sér síðasta spölinn á jólatrénu alla leið inn í samkomusalinn. Já, þá var rauður bjarmi utan um jólin og við vorum þar.

Einstaklega ánægjulegt var þegar eldri starfsmenn fengu hlutastarf (skipt var á milli þeirra) við að hirða um lóðina kringum verksmiðjurnar. Það var mikil gleði og fögnuður meðal þeirra þegar þeir komu saman í kaffistofunni í ketilhúsinu og tókust á loft í lands- og heimsmálaumræðunni.

Þeir höfðu orð á því hversu mikil upplyfting það væri að hafa nú aftur eitthvað fyrir stafni, annað en að snúa sér bara á hina hliðina, og þeir sinntu verkefninu vel, þessir heiðursmenn. Verksmiðjurnar fengu svo sérstaka viðurkenningu fyrir snyrtilega lóð.

Ekki má gleyma kvikmyndasýningum fyrir börnin sem vöktu mikla gleði og ánægju. Kannski eru einhverjir sem þá voru börn sem muna eftir þessum stundum.

Það var fátt sem starfsmannafélagið lét sig ekki varða og ótrúlegur fjöldi fólks sem kom þar að. An þessa stóra hóps góðs fólks sem var tilbúið að leggja sitt af mörkum hefði ekkert verið, – ekkert til að rifja upp.

Árið 1980 var haldinn fjölmennur fundur í félaginu og samþykkt yfirlýsing félagsins um að berjast til þrautar fyrir tilveru Skóverksmiðjunnar Íðunnar.

Um 1982 gerðu starfsmannafélagið og Iðnaðardeild með sér samning um að félagið yrði viðurkenndur samningsaðili fyrir starfsfólk um öll þau mál sem ekki falla undir kjarasamninga verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Félagsmenn nutu sérstakra kjara við kaup á framleiðsluvörum Iðnaðardeildar, samkvæmt þessum samningi.⁵ Þetta var meira mál en við kannski gerðum okkur grein fyrir.

Einn af þeim þáttum sem mér er mikil ánægja að rifja upp eru öll þau námskeið sem boðið var upp á. Þau hreinlega uxu á trján-um. Það var endalaust þörf fyrir að skapa eitthvað og miðla öðrum. Það var eins og opnaðist gátt eftir að haldið var félagsmálanámskeið á vegum Samvinnuskólans, sem Birgir Marinósson hafði forgöngu um. Það var ekki orðið mikilvægt í lífi fólks á þessum tíma að sitja og eyða kvöldinu fyrir framan sjónvarpið, þó að það sé nú ágætt út af fyrir sig. – Fólk þurfti að gera eitthvað, framkvæma. – Það var hætt að koma mér á óvart þegar einhver félagi kom og sagði, og þá oft mjög varfærnislega, eins og til dæmis: „Ef það er áhugi fyrir því, þá langar mig að bjóða upp á námskeið í orgelleik. Eg get komið með hljómborð og það sem þarf. Þetta verður félagsfólki alveg að kostnaðarlausu.“ Þetta var svo auglýst og áhuginn lét ekki á sér standa, það var fullt um leið, ár eftir ár. Kennari og umsjónarmaður var Karl Karlsson.⁶

Hnýtingarnámskeið, sem fjöldi kvenna sótti stóð yfir í nokkrar vikur og endaði svo með sýningu sem var eina helgi í Félagsborg. Það var fullt út að dyrum báða dagana, heitt á könnunni og vöktu verk kvennanna, sannkölluð listaverk, mikla athygli og umfjöllun.⁷

Gítarnámskeið sem Birgir Marinósson sá um í mörg ár voru

⁵ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árið 1982.

⁶ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árin 1985 og 1986.

⁷ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árin 1980 og 1981.



Knattspyrnulið SFÍSS 1957, liðsmenn eru f.v. Fremri röð: Jóhann Gústafsson, Peter Petersen, Baldur Arngrímsson, Ingi Gústafsson og Helgi Hannesson. Aftari röð: Sigurður Víglundsson, Baldur Arnason, Georg Jónsson, Eyvind Splidt, Gissur Jónasson og Jörg Spitta.

ávallt mjög vel sótt og þreyttist hann aldrei á að miðla öðrum af þekkingu sinni á sviði tónlistar. Þeir voru margir sem lærðu að njóta þess að spila og syngja á þessum námskeiðum og hafa sagt mér að þeir búi enn að þeim lærdómi. Eins var það með kórinn. Þar vann Árni Ingimundarson mikið verk sem margir spáðu ekki vel fyrir í byrjun, töldu jafnvel að þetta væri ekki hægt. Það fór á annan veg, til varð kór sem starfaði af miklum krafti. Báðir þessir félagar höfðu þetta í fingrunum, höfðu hugsjón. Þeir sögðu: Tónlist og söngur nærir sálina, lyftir henni á hærra stig! Og svo sannarlega – það var enginn í vafa, þetta var dagsatt sem þeir sögðu. – Í febrúar 1983 færði ég hugmyndina um kórinn í tal við Árna. Það var framundan undirbúningur fyrir vorhátíð og þar þurftum við að hafa kór. Það er ekki vandamál sagði Árna. Við bara auglýsum eftir áhugasömum. Það verður prufa á laugardaginn. Það var gert og það mættu nógu margir til að byrja og næsta laugardag var kominn nægur fjöldi í blandaðan kór. Það var æft tvisvar í viku, auk raddæfinga og um vorið voru sex lög tilbúin til flutnings. Það var ótrúlegt að fylgjast með Árna, hann bókstaflega söng raddirnar inn í hópinn og lék undir um leið og hann stjórn-

aði. Stundum var hann eins og ljúfur lækjarniður, sem allt í einu breyttist í ólgandi stórfjót og svo allt þar á milli. – Ógleymanlegur persónuleiki.⁸

Á vísnanámskeiðunum hans Birgis var kennt allt um bragfræði, rím, stuðla og höfuðstafi. Næstu misseri komu margir fram með tækifærisvísur, tengdu saman gamanmál í bundnu og óbundnu máli.

*Spegill segja sögu kann,
það sáran vekur tregann.
Ei þar sé ég ungan mann,
en þó myndarlegan.*

*(Þannig sá Biggi sjálfan sig
í speglinum þeim arna)*

Margt fleira var boðið upp á: Bridge- og skáknámskeið til að þjálfra hugsunina og hugmyndaflugið, sem minnti svo á að sókn er besta vörnin. Golf- og dansnámskeið til að samhæfa hreyfingu líkamans og hugans.

Á árshátíð var ávallt fluttur annáll ársins, gamanmál úr daglega lífni sem Birgir Marinósson tók jafnan saman. Það útaf fyrir sig er efni í heila bók. Auk árshátíðanna sem voru fastur viðburður, var haldin svokölluð „Litla árshátíð.“ Þá bauð stjórnin þeim sem lagt höfðu hönd á plóginn, höfðu unnið með einum eða öðrum hætti fyrir félagið á árinu, til léttra veitinga og skemmtunar og þá var það stjórnin sem sá um dagskrána og þjónaði félögunum. Það var vel séð um að halda nákvæma skrá um alla sem störfuðu fyrir félagið og þakka þeim vel unnin störf.

Það er gaman að rifja upp að á árshátíð 1982 tókst stúlkunum sem voru að þjónusta við árshátíðina að bera fram kampavín til 200 árshátíðargesta á innan við 20 mínútum og allir skáluðu í til-efni af 100 ára afmæli Sambandsins – þrjú laugardagskvöld í röð, það brást ekki. Þetta var æft undir stjórn meistarans sem sá um veitingarnar fyrir okkur. Árshátíðina sóttu að jafnaði 600 manns – þess vegna var hún þrískipt.

Haldinn var fundur um framtíð iðnaðar á Akureyri árið 1982 með þátttöku og stuðningi starfsmannafélagsins og Iðju ásamt

⁸ Sjá grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árið 1983.



Starfsmannafélagsskórinn 1985.

Ljós.: Jóhann B. Ingólfsson.

Íðnaðardeild. Þar mættu nokkur hundruð manns. Öllum bæjarfulltrúum og þingmönnum kjördæmisins var boðið til fundarins.

Snemma árs 1983 var lagður grunnur að samstarfi milli starfsmannafélags Álafoss í Mosfellsbæ og verksmiðjanna á Akureyri. Þar hafði frumkvæði Einar Egilsson sem þá var formaður samskiptanefndar starfsmannafélags Álafoss og mikill áhugamaður um ullaíðnað og félagsmálastörf. Hann sagði áhuga vera fyrir því að fulltrúar þeirra kæmu í heimsókn til Akureyrar með einhvers konar samstarf milli félaganna í huga. Úlfhildur Geirsdóttir formaður þeirra kom svo að málinu og stjórnirnar hittust. Þegar við höfðum kynnt okkur starfsemi félaganna kom í ljós að hún var mjög fjölbreytt og margt sameiginlegt í starfsemi þeirra. Um hvítasunnuhelgina tókum við svo á móti hópi starfsmanna Álafoss á Akureyri. Þá var haldin kvöldskemmtun þar sem bæði félögin sáu um skemmtiatriði. Starfsmenn beggja verksmiðjanna sýndu framleiðsluvörur þeirra. Kórarnir sungu og skemmtikraftarnir léku við hvurn sinn fingur. Keppt var í handbolta og fótbolta. Farið var í skoðunarferð um Eyjafjörð með viðkomu í Hrísey. Að lokum voru verksmiðjurnar skoðaðar undir leiðsögn Jóns Arnþórssonar, sem einnig fór yfir söguna í stuttu máli. Alfýsingar tóku svo á móti okkar fólk árið eftir með svipuðu fyrirkomulagi.

Laugardaginn 20. ágúst árið 1983 var þess minnst með mikilli



Stjórnandi spilakvölds hjá starfsmannafélaginu, Bergþóra Bergsdóttir ásamt verðlaunahöfum 31. janúar 1976.

fjölskylduhátíð, að sextú ár voru liðin frá upphafi Sambandsiðnaðar á Akureyri, þegar Gæruverksmiðja SÍS tók til starfa. Þar var brautryðjandinn Þorsteinn Davíðsson heiðraður.⁹

Svo fór skjálfti um hópinn árið 1985. Það dró til tíðinda: Samningnum milli starfsmanna félagsins og Iðnaðardeildar var sagt upp! Það var dapur dagur.

Það væri vafasamt og margir myndu gleymast ef ég reyndi að rifja upp nöfn allra sem tóku þátt í þessu starfi og allt það sem gert var en allir sem ég starfaði með eiga miklar þakkir skildar. Auðvitað voru alltaf, á hverjum tíma, einhverjir forystumenn sem drifu hlutina áfram og létu þá virka. Þannig er það í öllu félagsstarfi. Sumir beinlínis falla inn í starfið og gefa mikið af sér og telja það ekki eftir sér, án þess að verða nokkurntíma leiðtogar. Aðrir koma til þess að verða leiðtogar og oftast en ekki draga þeir starfið niður.

Ég er ekki viss um að allir hafi gert sér í hugarlund hversu mikilvægt og þarft allt þetta starf var fyrir þá sem nutu og ekki síður fyrir þá sem komu málunum af stað.

Í minningunni er það þannig að ég kom ungur til starfa hjá verksmiðjunum. Það var mikið um að vera á ýmsum sviðum og var ég, eins og aðrir, hvattur til þátttöku. Það var bæði skemmtilegt og

⁹ Sjá nánar um hátíðina grein Birgis Marinóssonar hér næst á undan í þessu hefti, við árið 1983.

gefandi. Þar starfaði ég að félagsmálum við hliðina á mörgum góðum mönnum, með reynslu og þekkingu á því að lífið var ekki bara vinna. Það þurfti líka að hlúa að umhverfinu, byggja upp fyrir framtíðina, sögðu þeir. Allt hafði þetta áhrif sem urðu þess svo valdandi að smám saman þroskaðist hugurinn og tilfinningin fyrir því hversu mikilvægt gott félagsstarf er í öllum samskiptum manna.

Ég man líka eftir því að þegar ég var að byrja að vinna hjá Gefjuni var stundum ball í gamla salnum. Siggí Valli sem vann í lituninni hjá Fúsa spilaði á harmóniku og Fríssi frá Kollugerði stjórnaði dansinum. Það var meira að segja dansað til 00:01 og ekki einu sinni vasapeli á staðnum. Líka var farið í gróðursetningarferðir í Kjarnaskóg, í Vaðlaheiði, í Leyningshóla og víðar. Það var Aðalsteinn Tryggvason, mikill ræktunarmaður, sem hvatti okkur áfram til þeirra verka. „Enn væri gaman að vera ungur og vaða lækinn.“

Það er langt um liðið frá því að farið var að ræða um að skrá söguna. Við reyndum að fá Iðnaðardeildina með í þá vegferð, það er að leggja nokkurt fé til þeirrar vinnu. Tveir heiðursmenn, Jóhann Guðmundsson og Snorri Guðmundsson sem löngu eru farnir, voru teknir tali árið 1981 eða 1982. Ekki veit ég hvað varð um þessa upptöku, en ég man eins og gerst hafi í gær þegar spyrjandinn spurði Jóhann hvað væri nú merkilegast í minningunni frá þeim 50 árum sem hann hafði þá starfað hjá verksmiðjunum. „Það var þegar rafmagnið kom,“ var svarið. „Hvað! Hefur ekki alltaf verið til rafmagn?“ varð þá spyrjandanum að orði. – Það væri að bera í bakkafullan lækinn að teygja lopann meira á þessum nótum. Úr því mundi verða sagan endalusa.

Auðvitað skiptust á skin og skúrir. Ég held að enginn hafi trúað öðru allt fram til ársins 1983-4 en að verksmiðjurnar yrðu alltaf til, það var bara svoleiðis.

Þegar ég var unglingur og byrjaði að vinna þarna var ekki annað í boði en að fara að vinna, það var víða erfitt hjá stórum fjölskyldum og fólk þurfti að bjarga sér til að hafa í sig og á. Verksmiðjurnar voru staður sem skapaði mörg störf, og það kom sér vel á þessum tíma þegar atvinnuleysi var mikið. Sá þótti mjög heppinn sem hafði fasta vinnu að ganga til.

En nú eru rokkarnir löngu þagnaðir og húsin horfin, nema gamla Ullarþvottastöðin, viðbyggingin frá árinu 1976, og gamla vöruskemman þar sem nú er meðal annars bakarí. Húsin sem eftir

standa eru nú komin í nýjan búning, með ýmiskonar starfsemi. Það er notalegt að hafa þau þarna þegar maður á leið um. Þau eru góður minnisvarði um það sem eitt sinn var. Þegar ég fer að hugsa um þennan tíma og rifja upp, er þetta allt eins og langt ferðalag, það voru margir viðkomustaðir og víða staldrað við, margt sem þurfti að skoða, vega og meta. En hún rennur áfram Gleráin um eyrarnar meðfram gömlu byggingunum niður til sjávar. Þegar ég kem norður og geng að árbakkanum heyrir ég enn sama kliðinn hljóma í eyrum. Stundum var áin í miklum vexti, þá var niðurinn þungur og ógnandi, en oftast var hún ljúf og tær. Þegar ég staldra við finnst mér þetta allt vera eins og þegar ég var drengur og heil eilífð virtist til ferðaloka.

Ég hætti störfum hjá verksmiðjunum árið 1985 eftir 31 ár, jafn hljóðlega og ég byrjaði. Það voru að hefjast skipulagsbreytingar eins og það var kallað, gott orð og nytsamlegt við ýmsar aðstæður. Nú var ekki annað í boði en að rölta áfram án þess að vita hvað væri framundan. En ég fann þó fyrir því að lífið gat byrjað aftur, ég hljóp við fót meðfram Gleránni og hugsaði með mér: Þetta var góður tími – góður skóli. Ég er tilbúinn að takast á við hvað sem er. Og daginn eftir var ég kominn í aðra vinnu. Ég hef varla sest niður nokkra stund síðan. Öll sú reynsla sem mér hlotnaðist á Gleráreyrunum í uppvextinum, í vinnunni og í félagsstarfinu hefur reynst mér vel, borið mig áfram – allsstaðar. Ég kom aldrei aftur inn í þessi hús við Glerána, sem þó voru mér svo kær, en fylgdist þó með úr fjarlægð. Þar hafði verið gott að vera þátttakandi í starfinu, þarna leið mér vel. Nú er ánægjulegt að eiga minningarnar um gott starf og góða samferðamenn og vita að þarna var ég í vinafylgd.

Og enn hljómar:

*O, kærur vinur, um veröld alla
þið vorsins tóna nú heyrð kalla.
Til verka stærri, til verka meiri
til verndar lífi, ei hafið bið.*

*Í hjarta ræktið þið besta blómið,
svo blöð og rætur þess fylli tómið,
og sjáið til þess að fáí fleiri
þá friðarrós sem að eignist þið.*

(Texti: Biggi Mar.)

Nokkur gullkorn:

Einhver spurði eitt sinn: Á hverju græðir Gefjun svona mikið? Þá var Jónas Þór forstjóri.

*Allt er hér úr tuskum tætt
tog og þel er sparað.
Á hverju hefur Gefjun grætt?
Getur Jónas svarað?
– spurði þá einn starfsmaður.*

Ástin blómstraði líka þarna og fölnaði. Starfsmaður hafði fengið nóg af kærustunni og sleit sambandinu. Hún sendi honum bréf og vildi taka þráðinn upp að nýju. Hann sendi bréf til baka:

*Ég þakka lítið listabréf,
það leiðir mig á beina veginn.
Í raunum mínum ratað hef
á rétta ljósið hinum megin.
– eða einhvernveginn þannig, heyr á vinnustaðnum.*

Alltaf var húmorinn í góðu lagi:

Ein starfsmaður hjá Gefjuni bað Arnþór um fyrirfram greidd laun, 500 krónur.

Sjálfsagt, sagði Arnþór og bað starfsmanninn að kvitta fyrir.

Já, getur þú lánað mér penna?

Hvað, áttu ekki penna, drengur? spurði Arnþór.

Jú, hann er í sparifötunum mínum, svaraði drengur.

Nú, áttu spariföt?

Já, en þau eru bara úr Gefjunarefni, svaraði drengur.

Þá hló Arnþór.

Þetta eru bara minningar, brot frá tímanum 1954-1985, sem samt er enn svo nærri. Sumt byggir á gömlum fundargerðum og sögn-um.

*Skrifað í febrúar 2015
Júlíus Thorarensen*

VALDIMAR GUNNARSSON

Bóndanefna, þó sveitarvandræði

Ágrip af lífshlaupi eyfirskra hjóna

á fyrri hluta 19. aldar

Valdimar Gunnarsson er fæddur 19. mars 1947 á Bringu í Eyjafirði. Eftir stúdentspróf frá MA lauk hann BA- prófi í íslensku og sagnfræði og gerðist síðan kennari við MA. Þar bætti hann störfum vorið 2013 eftir 40 ára kennslu. Hann var skjalavörður við Héraðsskjalasafnið á Akureyri um tíma, ritstjóri Súlna nokkur ár, fyrst ásamt Jóhannesi Óla Semundssyni og síðar Þórhalli Bragasyni, skjalaverði. Valdimar bjó til prentunar Bæjalýsingar og teikningar Jónasar Rafnar sem út komu á vegum Sögufélags Eyfirðinga 1975.



Hann var og einn af höfundum Byggða Eyjafjarðar sem út kom árið 2012.

Þann 25. maí 1755 gengu í hjónaband Ásgrímur Jónsson (f. um 1727, d. eftir 1801) og Guðríður Grímsdóttir (1719-1768). Bæði voru þau af eyfirsku bændafólki en virðast hafa verið frekar fátæk og ekki mikil fyrir sér. Þau settu þó saman bú í Miðhúsum í Hrafnagilshreppi og bjuggu þar í 6 ár, síðan í 3 ár á Sámsstöðum í Öngulsstaðahreppi en lengst í Syðra-Dalsgerði í Saurbæjarhreppi. Þau eignuðust tvö börn, Sólrúnu, f. 1761 og Jón f. 1765. Ekki varð búskapur þeirra mjög langvarandi því Guðríður andaðist þann 19. sept. 1768.

Ekkjumaðurinn Ásgrímur Jónsson kundi illa einlífinu og kvæntist annað sinn, 2. jan. 1772 mágkonu sinni, Úlfheiði Grímsdóttur (f. 1725, d. 1785) og gat við henni tvö börn. Þau voru Guðmundur, f. 27. mars 1772, sem segir meira frá síðar, og Guðríður (f. 1774, d. 1843). Líklega hefur Ásgrími veist erfitt að sjá fyrir eldri börnunum enda fóru fljótlega í hönd þau ár sem hafa orðið slíku fólki

einna þingst. Sólrún dó 11. júní 1784 í Fjósakoti þar sem hún var hjá föður sínum og síðari konu hans, Úlfheiði, en Jón bróðir hennar deyr tæpu ári síðar, 21. apríl 1785, og er þá niðursetningur í Stóradal. Banamein hans var skv. kirkjubók „úr hor og óþrifum“. Við húsvitjun fyrr á því sama ári fékk Jón þann vitnisburð að hann lesi vel, sé frómur og kunní bænir og vers.

Úlfheiður var ein þeirra mörgu sem laut í gras fyrir harðindunum miklu og lést 1785 frá börnum sínum og ektamanni. Þá er hún raunar kölluð „gift förukona“ og deyr á Hlöðum í Glæsibæjarhreppi.

Guðríður litla er ári síðar með föður sínum sem var þá í húsmennsku í Syðra-Dalsgerði. Árið 1788 var hún 14 vetra niðursetningur í Sandhólum, fermd en ekki rétt hlýðin. Ári síðar er hún tókubarn í Hvassafelli, stautar og hegðar sér dável. Guðríður giftist síðar tvisvar og átti eftir að búa í Gullbrekku, Stóra-Dal, Ytra-Dalsgerði og Miðgerði. Hún missti mann sinn frá þrem börnum en virðist hafa verið dugleg að sjá fyrir sér og börnum sínum, fær auk þess lofsamleg ummæli í kirkjubók.

Árið 1786 er Guðmundur Ásgrímsson 14 vetra ófermdur niðursetningur á Gilsá og fær það vitni í kirkjubók að hann lesi sæmilega og hegði sér í meðallagi, „kann Drottinlega bæn í Pontoppidan“ segir þar. Næsta ár er hann enn á Gilsá, nokkuð læs – ei ófrómlyndur.

Við húsvitjun 1788 er Guðmundur Ásgrímsson niðursetningur í Miklagarði, ófermdur þótt 16 ára sé, stautar en er „mjög ónæmur“. Árið eftir er hann enn í Miklagarði, niðurseta að hálfu leyti, enn ófermdur, les nokkuð en er skilningslítill. Loks árið 1790 er hann skráður vinnumaður, 18 vetra, les sæmilega og hefur nú loksins fermst. Annars er hann sagður meinhægur en daufur.

Við þessi umskipti hefur komist rót á piltinn því ekki verður rakin slóð hans þar til hann kemur fram við húsvitjun á Syðra-Laugalandi árið 1795.¹ Þá er hann sagður lesandi, skikkanlegur og sæmilega að sér. Þá er líka sagt um bóndadóttur Helgu Kolbeinsdóttur á Syðra-Laugalandi að hún sé ástundunarsöm, margt kunnandi gott og sé bóklæs. Þessi hjú voru árið 1796 „copuleruð

¹ Þegar hreppstjórninn á Syðra-Laugalandi sendir, árið 1815, bréf til amtsins um sveitfesti Guðmundar Ásgrímssonar kemur fram að Guðmundur „i næst forgaaende 25 Aar dels som Tienestekarl og dels som Jordbruger eller Bonde har opholdt sig...“ í Öngulsstaðahreppi. Þetta bendir til að hann hafi þegar árið 1790 verið kominn í Öngulsstaðahrepp úr Saurbæjarhreppi.

Maii 9 ... Forlofarar: hs P Hjalmarsson en hennar Kolbeinn Bjarnason“.

Helga þessi var fædd 1776 og fermdist 14 vetra með þeim vitnisburði að hún kunni bænir og sálma rétt vel og lesi nógu vel. Foreldrar hennar voru Kolbeinn Bjarnason (1741–1803) frá Stokkahlöðum og kona hans, Helga Einarsdóttir frá Merkgili (1744–1825).

Þessum hjónum er svo lýst í kirkjubók að Kolbeinn „les og skrifar, fínlega að sér og ferðugur“ en Helga er sögð „meðaumkunaröm, góðvikin, gagnsöm; skýr og fróð í Guðs orði“.

Kolbeinn og Helga bjuggu á parti af Grund 1770-1772 en á Syðra-Laugalandi 1772–1797. Þá er Kolbeinn hreppstjóri í Öngulsstaðahreppi, oft skírnarvottur og virðist hafa verið vel metinn. Þessi hjón eignuðust 5 börn:

1. Guðmundur f. 1770, d. 1846 að Marbæli í Óshlíð. Átti a.m.k. 7 börn sem upp komust og er af honum stór ættbogi.
2. Jón f. 1771, d. sama ár.
3. Jón f. 1772, fermdur 1785, kann þá bænir og sálma rétt vel, les í bók fínlega. Bjó á Jódíarstöðum og Stokkahlöðum, afi Helga Pálssonar, föður Þóreyjar á Hranastöðum. Síðar fór Jón suður á Mýrar og mun hafa dáið niðursetningur þar. Espólín kallar hann flæking.
4. Guðrún f. 1774, fermd 1789, kann þá bænir og sálma rétt vel, les nógu vel. Hún varð síðar kona Jónasar Jónssonar á Stóra-Hamri og voru meðal barna hennar Jónas á Stóra-Hamri, faðir Sigtryggs og Jónasar; Sæmundur, forfaðir Lómatjarnarmanna, og Soffía á Bringu, kona Davíðs Gottskáلكssonar.
5. Helga f. 1776, fermd 1789, kann rétt vel, les sémilega.

Ungu hjónin, Guðmundur og Helga Kolbeinsdóttir, settu fyrst saman bú á Syðra-Laugalandi 1797 og voru þar fram yfir aldamót eða til 1801. Þar fæddust þeim fjögur börn:

- a) Guðmundur f. 1797
- b) Gunnlaugur f. 1798
- c) Helga f. 1799
- d) Jón f. 1800

Á Syðra-Laugalandi er lausafjártíund Guðmundar fyrst 4 en síðar 5 hundruð og virðist þeim hjónum hafa búnast þokkalega. En árið 1801 kom þangað nýr prestur, sr. Magnús Erlendsson og þá hefur líklega þrengst um ábúendur.

Næstu sjö árin voru Guðmundur og Helga á Sigtúnum og for-eldrar hennar í húsmennsku hjá þeim. Þar dó Kolbeinn 1803. Helga, kona hans, lifði hins vegar fram til 1825 og settist að hjá dóttur sinni á Stóra-Hamri.

Sigtún var 20 hundraða jörð að fornu tali og árið 1712 var þar talinn fram talsverður bústofn: 4 kýr, 40 ær, 12 sauðir fullorðnir, 22 veturgamlir, 20 lömb, 5 hross og eitt folald.

Lausafjártúnd Guðmundar er fyrsta árið á Sigtúnum 5 hundruð, síðan 4 hundruð en árið 1803 er hún aðeins 1,5 hundrað og síðan eitt eða tvö hundruð. Veturinn 1801-’02 var raunar einn hinn verst af mörgum slæmum og er tekið þingsvitni um hann á manntalsþingi í júní 1802 á Öngulsstöðum. Þá er Guðmundur meðal allnokkurra bænda í hreppnum sem ekki er talið að geti bjargast hjálparlaust.

Á Sigtúnum bættust þrjú börn í hópinn:

e) Álfheiður f. 1802²

f) Guðrún eldri f. 1803

g) Ásgrímur óv. fæð.ár, dó í bernsku³

Líklega hafa harðindin kreppt svo að búskapnum að hann náði sér aldrei síðan. Ómegðin þyngist og fljótlega réðu þau Guðmundur og Helga ekki ein við framfærslu heimilisins. Árið 1804 segir í hreppsþingi „lafir við bú með 6 börn“ og þá fær Guðmundur Ásgrímsson 10 Rd. styrk frá sveit og árið eftir, „fátækur bóndi með 6 börn“ 15 Rd. og 12 sk.

Börnin hröktu í niðursetu eitt af öðru. Árið 1806 er Helga, 7 ára, niðurseta á Þverá og Munkaþverá og með henni eru lagðir 8 Rd. Sama ár er Gunnlaugur, 8 ára, niðursetningur á Ytri-Tjörnum og lagðir með honum 13 Rd. Ári síðar hefur Guðrún, 4 ára, bæst í hóp þessara styrkþega sveitarinnar og er hluta ársins á Grýtu en annars heima. Með henni er lagður styrkur að upphæð 20 Rd 82 sk.

Árið 1808 eru fimm systkini á 16 bæjum samtals og kostar það sveitina 65 Rd.

Þetta sama ár, 1808, fluttust hjónin í Syðra-Tjarnakot og bjuggu þar til 1815. Syðra-Tjarnakot var sennilega 10 hundruð og skv. Jarðabók ÁM og PV var þar árið 1712 1 kýr, 20 ær, 10 sauðir fullorðnir, 4 sauðir veturgamlir, 10 lömb og 3 hross. Slíkur bústofn


² Íslendingabók segir hana fædda 1800 en kirkjubók segir hún sé 16 ára fermd 1818.

³ Íslendingabók giskar á fæðingarárið 1802 (innan sviga).

hefði svo sem mátt fæða dálitla fjölskyldu en á manntalsþingi á Öngulsstöðum 2. maí 1809 telur Guðmundur í Syðra-Tjarnakoti aðeins fram eina kú – enga sauðkind. Enda virðist eftir hreppsbókum að dæma aðeins frumburðurinn, Guðmundur 11 ára, hafa fylgt þeim hjónum í kotið. Sennilega hefur Ásgrímur verið fæddur þá en sem áður segir er óvíst um fæðingar- og dánarár hans. Í hrepps-bók 1808 segir að fimm börn þeirra hjóna séu í niðursetu. Í Syðra-Tjarnakoti er lausafjártíund Guðmundar aðeins 1 – 2 hundruð. Þarna fæddust enn þrjú börn:

- h) Sigríður f. 1811
- i) Kolbeinn f. 1814
- j) Guðrún yngri f. 1815

Næstu árin eru börn þeirra á kostnað hreppsins á hinum og þessum bæjum, en til sumra er lagt heim í kotið. Þannig er t.d. árið 1813 Gunnlaugur matvinnungur um sumarið á Uppsölum en um veturinn þarf að leggja með honum 108 fiska (líklega rúma 11 Rd.) og Helga systir hans er á Rifkelsstöðum á svipuðum forsendum en með henni leggjast þó 188 fiskar (rúmir 19 Rd). Tvö börn sem heima eru, Jón og Guðrún, fá sveitarstyrk að upphæð 322 fiska (rúml. 33 Rd) og auk þess fær bóndi sjálfur 140 fiska (rúma 14 Rd) vegna kýmíssis.



Húsakynnin í Syðra-Tjarnakoti eftir teikningu Jónasar Rafnar. Málín eru í metrum en myndin því sem næst í kvarðanum 1:500 eins og hún er hér.⁴

⁴Jónas Rafnar. 1975 : 133.

Árið 1814 er þó líklega erfðast allra þeirra ára sem Guðmundur og Helga „löfðu við búskap“. Þá er Gunnlaugur fjórða árið í röð á Uppsölum,⁵ matvinnungur um sumarið en kostar um veturinn 83 fiska (8 Rd). Helga systir hans er þriðja árið sitt á Rifkelsstöðum,⁶ matvinnungur að sumri en þarf styrk um veturinn að upphæð 138 fiska (rúml. 14 Rd). Til þriggja barna heima í Syðra-Tjarnakoti, Jóns, Guðrúnar og Sigríðar, eru lagðir samtals 498 fiskar (51 Rd) en Álfheiður er „sökum báginda föður hennar frá honum tekin í Sumar og sett niður hjá Jóhannesi á Þórustöðum“ gegn meðgjöf 136 fiska (14 Rd 6 sk.). Þar á ofan var Guðmundi sjálfum gefið eftir útsvar, 11 fiska virði (1 Rd 7 sk.). Þetta ár hefur sveitarsjóður, „hreppskassinn“ sumsé lagt út nærri 90 ríkisdali til að halda á floti fjölskyldunni í Syðra Tjarnakoti – ef fjölskyldu má kalla þar sem sum börnin höfðu ekki verið þar heima í nærri 10 ár.

Þess er að gæta að þessi ár sem hér er frá sagt voru yfirleitt hörð, grasspretta stopul, nýting heyja misgóð og oft jarðbönn á vetrum. Ís var stundum við land fram á sumar og sigling óvís, m.a. vegna styrjaldar í Evrópu. Hjónin í Syðra-Tjarnakoti voru því ekki ein um það að eiga erfitt með að brauðfæða heimilisfólk og sjá fyrir börnum sínum.⁷

Það er þó sök sér að hjálpa þessum veslingum ef það væri þegið með þökkum – en það var nú öðru nær.

Anno 1814, þann 1sta Julii að Aungulstöðum setti og héldt Sekret-ere og Sýslumaður Briem⁸ einn Pólití-Rétt með þingvottunum Arna Hallgrímssyne á Svertingstöðum og Jóni Halldórssyne á Gröf. Mættu so fyrir réttinum: Pólitíþjón og hreppstjóri Msr. Sigfús Jónsson sem klagari, og Bóndanefna, þó Sveitarvandræði: Guðmundur Ásgrímsson sem klagadur.

Klagarinn, Sigfús hreppstjóri á Syðra-Laugalandi færði fram ákæru sína bæði munnlega og skriflega og er hún á þessa leið – að nokkru leyti færð til nútímamáls:

⁵ Sennilega hjá Árna Þorsteinsyni og Halldóru Jónsdóttur.

⁶ Þar bjuggu þá Rafn Rafnsson og Jórunn Þorlákisdóttir.

⁷ Það má svo kallast hlálegt að meðal útgjalda Öngulsstaðahrepps árið 1814 var sjúkrakostnaður vegna sveitarlíms sem sendur var vestur í Ólafsvík til tóbakskaupa fyrir nokkra bændur í innanverðum Eyjafirði. Hann veiktist á leiðinni og féll af því kostnaður á hreppinn svo nam 304½ fiskum.

⁸ Gunnlaugur Briem (1773-1834), sýslumaður Eyfirðinga 1804-1834. Hann þótti fremur strangur og gekk talsvert fram í að uppræta uppivöðslusemi almúgans. Gunnlaugur bjó á Kjarna 1807-1815 en síðan á Grund.

Þegar ég í vor fór að ráðstafa hreppsins niðursetum komu að vana til hreppsumsjónar börn Guðmundar Ásgrímssonar á Syðra Tjarnakoti, en 2 þeirra eru annars staðar forsorguð af hreppnum en fjórum er að miklu leyti lagt heim.

- - - Þegar að vorinu leið þótti mér ekki óráðlegra að fækka einu krökkunum í kotinu einkum þar sem mönnum þykir uppeldi þeirra heldur ábótavant. Ráðstafaði ég því - hreppnum til hagsmuna - einni stúlkunni að nokkru leyti sem matvinnungi hjá bóndanum Jóhannesi Halldórssyni á Þórustöðum, en hún gat honum ekki að gagni komið sökum óyndis hennar. Hann fell því uppá [samþykkti] umskipti þessarar og annarrar systur hennar, nokkru eldri,⁹ sem að sönnu ekki undi sér heldur í fyrstu en varð þó lokuð og yfirtöluð þar til. Það gaf Jóhannes Guðmundi föður hennar til kynna, en strax þar eftir sótti Helga kona Guðmundar þessa þeirra dóttur að Þórustöðum að Jóhannesi fjarverandi og móti forboði konu hans. En nær ég fékk þetta að vita skikkaði ég þeim hjónum Guðmundi og Helgu stúlku þessa, Álfheiði, að Þórustöðum aftur að flytia. En þau stóðu stíft á móti og færðu til orsaka að stúlkann hefði af ótta hlýðni lofað þar sem Jóhannes hafi hótað henni að segja hreppstjóra frá svo hún hýdd yrði með fleiru jafn marklitlu skrafi.

Daginn eftir féll ferð ekkjunnar Sigríðar frá Klauf¹⁰ út á bæi; til-sagði ég þá skriflega tveimur mönnum að burt taka nefnda Álfheiði úr kotinu og láta hana með Sigríði úteftir fara. Þeir reyndu til forgefins og máttu svo búnir frá hverfa. Þar sem ég gat nú engu til ráðs komið með nefnd hjón í þessu falli, sem hafa og fyrir sýnt mótþróa velmeintum ráðleggjngum mínum, verð ég í undirgefni að leggja þetta málefni fyrir þennan Pólitírétt svo úrskurðað verði hvort þeim ei borið hafi að hlýða þessari skikkun minni og hvers þau verðug séu ef ótilbærilega þverskallast hafa. –

Sekreterinn og sýslumaðurinn Gunnlaugur Briem hlýðir á þessa ákæru og spyr síðan bóndanefnuna hvaða vörn hann hafi í þessu máli.

Guðmundur svarar hér til slétt engu öðru en að hann hafi beðið

⁹ Hér virðist eitthvað hafa ruglast. Eftir því sem best verður séð var það eldri systir-in, Helga, sem fyrst fór í Þórustaði en Álfheiður sem var síðar send í skiptum fyrir hana. Arið 1816 er Álfheiður niðurseta á Þórustöðum svo sem síðar segir.

¹⁰ ekkja Kristjáns Ólafssonar, „fátæk og forstöðulaus ekkja, baslar með bú, með þremur ungum börnum og örvasa móður“, segir í hreppsþók 1811.

hreppstjórann að láta það vera annað Barn sem hann tæki og því hafi hann lofað. Það kvaðst hreppstjórinn og so haldið hafa en þá það Barn hafi verið plágað af óyndi svo hafi húsbóndi þess fengið á því skipti hjá Foreldrunum og þau hitt ljúflega aftur látið hvað Guðmundur hér játar satt að vera; hefur svo téðr Uppásláttur ekkert upp á sig.

En bóndinn er þó ekki alveg tilbúðalaus að reyna að mýkja hin háu yfirvöld og leggur fram í réttinum

einn Seðil sem á að vera Vitnisburður honum gefinn af Meðhjálpara Knúti Ásmundssyni á Hóli og Birni Vigfússyni á Sydre Tjörnum af Dags Dató, að sönnu þettað Mál eckert snertandi heldur að þeir meine skikkanlega Breytni Gvöndar og Konu hans yfir höfuð...

Sýslumaðurinn kann ekki við svona slettirekuskap einhverra nágranna og bendir á í dómsorði sínu – eða reifingu málsins – að þessi seðill sé

alltso útgefin beinleiðis mót Reskripti af 7da April 1787 hér nóg-samlega auglýstu og seinast hér á Manntalsþingi næstliðið Ár og eptir því straff forþenandi fyrir útgjafarana ef annars ecki frá Undirskriftunum gánga.

Fleira verður raunar mótdrægt í rannsókn þessa máls því

Kona Guðmundar, Helga Kolbeinsdóttir hefur að sönnu verið fyrir þennann Rétt kölluð en fyrirber í Dag Kránkleika og er ekki komin. Þessi kona qvað vera óliett nú, þó ei að falli komin - annars er hún kunnug fyrir að vera óhyrðin og þiónustulítíl samt annars allt lakare Vitnisburð hafandi enn Maðurinn.

Nú verður ekki séð hvaða vitnisburðar sýslumaður er að vísa til – væntanlega hefur hann verið munnlegur og því ekki gagnstæður lögum og tilskipunum. En ljóst er – hér og síðar – að þessi kotakona, dóttir fyrrverandi hreppstjóra á Syðra-Laugalandi, á ekki upp á pallborðið hjá yfirvöldunum.

Dómur sýslumannsins er í stuttu máli á þá leið að hann skikkar „þau nefndu hjón til að láta hvört þeirra Barn sem vera vill þangað sem hreppstjórinn segir“, og þar skuli barnið lúta venjulegum húsaga.

En Foreldrarner sem ættu fyrir þeirra Þversköllun við hreppstjóranann í Stað skyldugrar auðsveipni og þacklætismarkis við Sveitina fyrir hennar þégnu Velgiörðer, þau ættu fyrir það þessu gagnstæða háttalag að sæta 1 rds Útlátum...

Jafnharðan kemst sýslumaður að þeirri niðurstöðu að þessi sekt myndi að sjálfsgöðu falla á sveitarsjóð og þá er ekki nema eitt til, það er að láta þau „líða á kroppnum og eiginlega hvört um sig 10 Vandarhagga Pólití aga“. En ekki fá kotungarnir slíka meðhöndlun sér að kostnaðarlausu því svona refsing „kostar 2 Rd fyrir hvört um sig“. Til að mæta þeim kostnaði er talið rétt að

Guðmundur betale með Vinnu, hvar og so hvert hreppstjórin tilsegir, það er með 1 Dagsláttu sie það í Slætti, fæðislaust en sé það aðra Tíð þá með Vinnu í svo marga Daga sem Verkið og Árstíðin er til, til d[æmis]. 3, 4 alt að 6 Dögum án fæðis þá fæðið kostar aðra Vinnu í Viðbót. - - -

Þann dæmda Aga skal áleggja á manninn við fyrsta tækifæri en á konuna ekki fyrr en hún er léttare orðen.

Á þessum tíma er líka kostnaður við svona málaferli og réttarvitnunum skal hinn dæmdí vinna kauplaust, einn dag hvoru, en fæði bjóðast þeir til að gefa honum. Auk þess verður honum skylt að þjóna hreppstjóranum kauplaust tvo daga fyrir sláttinn – um fæði þá daga er ekki talað.

Hreppstjóranum er að sjálfsgöðu falin öll framkvæmd í málinu og hann skal auk þess

tilkynna gefa Réttinum hvört við Agan tilsigtuðum Arði hefir náð verið á hvörju Manntalsþingi þareptir so að ef út af ber Agenn ítrekast geti, ellegar annað Straff; sérdeilis skal hann skyldugur vera að ákiæra Helgu fyrir óþrifnað hennar og Leti vinni hún á sömu enga Bót.

Þetta hljómar nokkuð merkilega í eyrum nútímamanns en virðist nánast vera einhvers konar skilorðsdómur. Ekki er ljóst hver hinn tilætlaði arður af refsingunni átti að vera nema ef hann kæmi fram í auðsveipni og þacklæti þeirra hjóna gagnvart yfirvöldum og þá líklega einnig í auknum þrifnaði og dugnaði Helgu.

Eftir því sem í dómsorði er tilgreint má ljóst vera að auk „10 vandarhagga pólitíaga“, þ.e. hýðingar, hefur Guðmundur þurft að

leggja fram a.m.k. 4 dagsverk hjá þingvitnum og hreppstjóra að viðbættum 1-6 dagsverkum (eftir því hvað unnið var) sem þóknun fyrir að hafa látið hýða sig. Ekki verður séð í dómabók hvort eða hvenær pólitíaginn hefur verið lagður á Helgu. Hún hefur líklega ekki orðið léttari fyrir en á úthallandi sumri eða haustdögum.

Þá er komið að þætti nággranna Guðmundar og Helgu, sem létu góðvild sína í þeirra garð ginna sig til að brjóta reglur hins opinbera. Slíkt má að sjálfsgöðu ekki láta órefsað en þó er ljóst að þeim býðst útgönguleið.

Hvað snertir þá 2 Menn Knút Ásmundsson á Hóle og Björn Vigfússon á Syðre Tiörnum sem móþróanliga broteð hafa mót Rescripte af 7 Apr 1787, þá skal hjá hvörjum þeirra úttækur vera ½ rd að liðnu Miðsumre hafe þeir sama ei áður góðviliuglega betalað, hvörjer Penningar til saman 1rd tilfalle Aungulsstaðahrepps Fátækra Kassa nema svo sie að nefnder Menn sér með Eiði fráleggi þeirra Nafna undirskriftir og giöri það annar þá betale hinn þá heilu Múltk.

Ekki finnst neitt skrifað um það í bókum hvort þeir Knútur og Björn hafa dregið undirskriftir sínar til baka, ekki verður þó séð að þeir hafi greitt ríkisdalinn atarna svo líklega hafa þeir dregið í land.


Að öðru leyti hefur hreppstjóri drifið í embættisfærslu sinni því neðan við útskrift af dómnum stendur:

að framan skrifuðum Dómi sie fullnægt á Guðmundi A[s]grímssyni vitnar þann 14da Júlíu 1814.

S.Jónsson
Nærstaddir sem vottar
Knútur Ásmundsson Björn Vigfússon

Ekki er hægt að skilja hvort það hefur sérstaka merkingu eða er einber tilviljun að þessir nefndu menn eru vottar – var hreppstjóri e.t.v. að áminna þá á óbeinan hátt?

Knútur Ásmundsson var austan úr Fnjóskadal og virðist hafa komið sér vel hér innra, var m.a. um sinn meðhjálpari í Munkaþverárkirkju. Björn Vigfússon var frá Naustum en bjó lengst af á einhverjum Tjarnabæjanna. Hann varð gamall maður en ætíð sjálfbjarga. Er ekki að efa að þessir nággrannar Guðmundar og Helgu hafa viljað rétta þeim hjálparhönd þótt í litlu væri og ekki litið hýru auga af yfirvöldunum.



Útskrift úr dóma- og þingbók Briems sýslumanns.

Hvað sem líður réttlætinu á Kjarna og Syðra-Laugalandi fer nú senn að ljúka búskap Guðmundar og Helgu í Syðra-Tjarnakoti.

Í hreppsþóki er þann 2. október 1815 dregið saman yfirlit um þennan þunga bagga sem hvílt hafði á bændum sveitarinnar – þeim sem voru á annað borð þess megnugir að gjalda í hreppskassann og á þann hátt sýna þessum veslingum velgjörðir sínar:

Styrkþegi	Meðlag
Kolbeinn [1814] kom á hreppinn í fyrra þá foreldrar hans Guðmundur Ásgrímsson og Helga Kolbeinsdóttir flosnuðu upp frá Syðra-Tjarnakoti	240 fiskar
Guðrún [1803], annmarkalaus	140 fiskar
Álfheiður [1802], ekki óskörp til vinnu – tornæm	120 fiskar
Sigríður [1810]	
Jón [1800], ekki rétt þægur, þó með skörpu aðhaldi nýtanlegur fyrir smalamann	80 fiskar
Helga [1799], ekki þæg í geðlagi og til heyskapar á votu Engi ódugleg sökum fótaveiki ¹¹	60 fiskar
Til 4rra krakka forsorgunar í Syðra Tjarnakoti næstliðinn vetur hvar af 1 var fullþungur ómagi fæddur eftir hreppstjórnarþings aðgjörðir í fyrra, samt fyrir landskuld af kotinu, þinggjald og tilstyrk til að fódra quikfénað áhangandi þessara krakka foreldrum og svo frv.	500 fiskar
Samtals	1140 fiskar
[118 Rd.]	

¹¹ Helga mun hafa verið sú dóttirin sem fór í Þórustaði en undi sér ekki. Því eins fór Álfheiður í stað hennar þar til móðirin sótti hana svo sem greint er í málskjölum hér að framan. Þessi athugasemd um fótaveikina gæti bent til að það hafi e.t.v. ekki einasta verið óyndi sem olli vanlíðan stúlkunnar svo mjög.

Síðan er bætt við svofelldri klausu:

Meira útlagt í fatnaði til þessa kviknakta fólks, samt matvælum að halda því við lífið til fardaga í vor er var og til undirhalds og uppá-kostnaður Guðmundar sjálfs (til mr. Gríms Sáragraðara) með fengið fingurmeið betalast með búrusli hans við auktion seldu þann 8da Maí næstliðinn hljóp fyrir 43 rd 77 sk. kúrant eður 420,5 fiska.

Það er því ljóst að ekki hefur tekist að ljúka sveitarskuld Guðmundar Ásgrímssonar með því að selja búrusl hans.

En Sigfús Jónsson hreppstjóri flanaði ekki að því að leysa upp heimilið í Syðra-Tjarnakoti, um það vitnar erindi sem hann hefur sent amtmanninum, Stefáni Thorarensen. Það erindi finnst nú að vísu ekki heldur einasta svar amtmannsins sem hann sendir Briem sýslumanni þann 25. maí 1815. Þetta bréf amtmanns hefst á þennan veg:

Repstyreren i Aungulstade Rep Sigfus Jonsen paa Laugeland har med Skrivelse til dette Amt af 29de f. m.

1. anholdt om amtets Tilladelse til Skilsmisse fra bord og Sæng for Ægte fellene Gudmunder Asgrimsen og Helga Kolbeinsdatter af Sydra-Tjarnakoti...¹²

Af þessu má ljóst vera að hreppstjóri hefur óskað leyfis til að mega skilja Syðra-Tjarnakotshjónin að borði og sæng og kemur fram að það sé gert í því augnamiði að geta séð fyrir hjónunum og börnum þeirra með minni tilkostnaði en áður hefur verið. Óneitanlega læðist að manni sá grunur að hreppstjóra hafi einnig hugkvæmst að með skilnaði mætti draga úr sífelldum barneignum þessa bláfátaka fólks.

Annað erindi hefur Sigfús hreppstjóri lagt fyrir amtið, nefnilega hvort Guðmundur Ásgrímsson eigi sveitfesti í Öngulsstaðahreppi, þar sem hann hefur búið sl. 25 ár ellegar kannski í Saurbæjarhreppi þar sem hann kvað vera fæddur og upp alinn til 18 ára aldurs.

Amtmaður svarar því skýrt og skorinort að amtið hafi ekki við

¹² Hreppstjórinn í Öngulsstaðahreppi, Sigfús Jónsson á Laugalandi hefur með bréfi til Amtsins þann 29. fjyrra] m[ánaðar] 1. sótt um leyfi amtsins til skilnaðar að borði og sæng fyrir hjónin Guðmund Ásgrímsson og Helgu Kolbeinsdóttur í Syðra-Tjarnakoti.

skilnað þeirra hjóna að athuga meðan slíkur skilnaður gangi ekki gegn öðrum úrskurðum embættisins. En þegar kemur að úrskurði um sveitfesti verður amtið afar hátíðlegt og flókið í orðavali. Samt sem áður er bent á að ekki séu forsendur fyrir að víkja frá reglum um 20 ára dvöl sem skapi sveitfesti, og því síður þegar efasemdir vakni ekki fyrr en að liðnum meir en 20 árum. Auk þess er bent á að „de ofen meldte Egtefolks uheldige Skiebne langt mere burde tilregnes konen Helga Kolbeinsdatter end hendes mand Guðmundur Asgrimsen“.¹³ Nú verður ekki fullyrt hvaða rök amtmaður hafði fyrir því að kenna Helgu frekar en Guðmundi um ógæfu þeirra hjóna. En þar sem er vitnað til umsagnar hreppstjórans um að Guðmundur geti auðveldlega bjargað sér sjálfur og sé því ekki rétt að líta á hann sem sveitarlim, gæti læðst inn sá grunur að í því bréfi hafi verið imprað á slíku.

Það á ekki af þessari konu að ganga.

En í öllu lögfræðilegu orðskrúði amtmanns má sjá að Öngulstaðahreppur hefur ekki getað losnað við framfærsluskyldu sína vegna Syðra-Tjarnakotshjóna. Að vísu eru það einasta börn þeirra sem þiggja styrk af hreppnum en auk þess lagði hreppskassinn fram álag á Syðra-Tjarnakot þegar búskap Guðmundar og Helgu lauk þar.

Svo fór því að búhokri þeirra hjóna í Syðra-Tjarnakoti lauk vorið 1815. Þá fór Guðmundur sem vinnumaður á Hellu á Árskógsströnd og var þar eitt ár, þá annað ár í Hrísey en síðan á Upsum í Svarfaðardal. Þangað kom Helga til hans 1818. Reyndar finnst hún hvergi skráð í manntalinu 1816, líklega hefur hún þá verið í einhvers konar limbói, á vegum sveitarinnar en e.t.v. ekki niður sett á tiltekinn bæ. Í hreppsþóki segir þegar árið 1816 er gert upp:

Guðrún Guðmundsdóttir yngri á 1ta ári fæddist næstliðið sumar hvörrar foreldrar, Guðmundur Ásgrímsson og Helga Kolbeinsdóttir ekki geta aðdugað þessu sinni að styrkja til hennar undirhalds þar maðurinn, sem er í vist hlýtur að [að]stoða konuna með bjargræði hvörr barnþungans vegna og undanfarins ódugnaðar vegna ekki gat vist fengið næstliðið vor.

¹³ „...hin áður nefndra hjóna óheppilegu örlög sýnist miklu frekar mega kenna konunni Helgu Kolbeinsdóttur en hennar manni, Guðmundi Ásgrímssyni.“

Enn segir árið 1817 frá 6 börnum þeirra hjóna sem þiggja styrk af sveit og síðan segir:

Guðmundur faðir þeirra er vinnumaður á Hellu á Árskógsströnd en móðirin, Helga Kolbeinsdóttir er að kalla í vist verandi á Sámsstöðum hér í hrepp.

Árið eftir heitir það „*móðirin, Helga Kolbeinsdóttir á að beita í vist á Munkaþverá.*“

Má nærri geta að þessi fátæka kona sem hafði nú gengið með og alið 10 börn á 17 árum hafi ekki verið sú frískasta í flekknum. Ekki verður þó séð í hreppsþóki að Helga hafi fengið sveitarstyrk þessi ár. Varla hefur hún þó verið á bæjum án þess að vinna fyrir sér. En vissulega virðist anda býsna köldu í garð hennar frá ráðamönnum hreppsins; ef til vill var hún ekki nógu auðmjúk og lítilþæg í samskiptum þeirra. Framkoma hennar í vistunarmáli Álfheiðar litlu bendir vissulega til þess.

En sem sagt, árið 1818 fer Helga út í Svarfaðardal og þar eru þau hjónin – vandræðalaust að því er virðist – til þess að þau flytja vestur í Skagafjörð árið 1824. Guðmundur Kolbeinsson, bróðir Helgu, var þá bóndi í Marbæli í Óslandshlíð. Hvort hann hefur einhverja hönd haft í þessum bagga verður ekki séð en ekki er það ólíklegt.

Í manntalinu 1816 má finna börn þeirra hjóna sem velflest eru þá enn í Öngulsstaðahreppi:

1. Guðmundur er að líkindum sá sem skráður er 19 ára vinnumaður á Vatnsenda í Ólafsfirði. Í manntali 1835 er hann búsettur í Sauðagerði í Rvík, kvæntur Guðríði Þorleifsdóttur og á með henni tvö börn.
2. Gunnlaugur finnst ekki í manntali 1816 en 1835 er hann titlaður verkstjóri og búsettur í Hólmi á Seltjarnarnesi. Kona hans er Gróa Jónsdóttir, þau eru barnlaus.
3. Helga er léttastúlka á Rifkelsstöðum 1816. Hún varð síðar húsfreyja á Garðsá, Ytra-Hóli og í Kaupangsseli, kona Jóns Þórðarsonar.
4. Jón er sennilega sá sem skráður er vinnumaður á Öngulsstöðum, sagður 16 ára en það var hann reyndar líka skráður 1814 þegar hann var fermdur á Trinitatis. Jón fluttist austur í Vopnafjörð og átti þar afkomendur.¹⁴

¹⁴ Hafði viðurnefnið „sólargangur“ skv. Íslendingabók.

5. Álfheiður er niðurseta á Þórustöðum. Hún fermist 1818 og er þá 16 vetra. Álfheiður var síðar í vistum í Skagafirði, eignaðist 4 börn með sama manni án þess þó að giftast honum.
6. Guðrún eldri er kölluð hrepps barn á Þverá. Hún fermist með Álfheiði, þá sögð 15 ára. Hún hefur líklega dáið án afkomenda.
7. Sigríður er niðurseta í Syðra-Tjarnakoti. Hún fermist 14 ára á hvítasunnu 1825. Hún var síðar húsfreyja á Sílastöðum, átti margt barna.
8. Kolbeinn er hrepps barn á Litla-Hamri. Hann fermist 1829, er þá á Stóra-Hamri, 15 ára. Kolbeinn var síðar bóndi á Kambi 1845-1858, dó í Vopnafirði 1865.
9. Guðrún yngri er ekki skráð í manntalinu 1816 frekar en móðir hennar en skv. kirkjubók við fermingu á hvítasunnu 1832 er hún sögð fædd 1. okt. 1816. Þá fær hún þann vitnisburð að hún sé meinhæg og allvel kunnandi. Vinnukona á Hrafnagili.¹⁵

Þessi börn Guðmundar og Helgu tínast af forsjá hreppsins smátt og smátt en árið 1826 er svofelld grein gerð í hreppsókinni:

Guðrún Guðmundsdóttir á 11ta ári getur ekki fengið meðlagsstyrk af foreldum hennar Guðmundi Ásgrímssyni og Helgu Kolbeinsdóttur verandi til vistar í Skagafjarðarsýslu vegna föðurins aldurdóms og Móðurinnar ódugnaðar. - - -

Af álagi Syðra-Tjarnakots síðan Guðmundur Ásgrímsson (faðir ómaganna No 10 og 13 [þ.e. Kolbeins og Guðrúnar]) þar bjó eptir standa 7 rbd sem hann ekki hefir enn getað betalað og þar sem ekki er nein von til þess framvegis sökum hans aldurdóms en hreppurinn stóð í Ansvari fyrir Afgjaldi og Ábúð kotsins vegna hans Örbirgðar og ómegðar þá má ei lengur undan fella að færa hreppnum téð 7 rbd álag til úrgiptar.

Þegar þetta er skráð er Guðmundur reyndar aðeins 53 ára og á enn mörg ár ólifuð. Um ódugnað Helgu eru engar heimildir

¹⁵ Í Íslendingabók er hún sögð fædd 1815 og hlýtur þá að vera barnið sem Helga gekk með sumarið 1815 þegar henni verður ekki komið fyrir „sakir barnsþunga“. Þegar hún er fermd, á hvítasunnu 1832, er hún sögð fædd 1. okt. 1816. E.t.v. er það misritun fyrir 1815.

a ad hjálf þess þess fimm tulliugu, og þó vandrögg-
 um. — 100 á hann og að borga allan af völdinu löplega
 kuldandi kofnad, og þarinnadal til. Skons 48. þuldringa,
 og til. De þess 30. þuldringa, hvörtveggja í þessli-
 til þuldringa vandrögg eftir löpnum. —
 Þ. Þorvaldsson
 Ólafur Þorvaldsson,
 G. Ásgrímsson.

Undirskrift Guðmundar Ásgrímssonar í þingbók Lárusar sýslumanns

frekar en fyrri daginn, hún er talin vinnukona þar sem hennar er getið í skagfirskum bókum.

Þau Helga og Guðmundur settust um sinn að á Brúarlandi í Deildardal, börn þeirra, Guðmundur og Álfheiður (sem ekki undi á Þórustöðum), Helga og Guðrún eldri voru í vistum á nokkrum bæjum þar vestra næstu árin, m.a. Marbæli, Skúfsstöðum (í Hjaltadal), Enni, Stafnshóli, Þúfum og Hofi.

Ekki er ljós í smáatriðum ferill Guðmundar og Helgu í Skagafirði en 1824 hafa þau gerst vinnuhjú hjá Lárusi Stefánssyni Thorarensen á Enni. Lárus var sonur Stefáns Þórarinssonar, amtmanns á Möðruvöllum en átti fyrir konu Elínu Christine Havsteen, kaupmannsdóttur á Hofsósi. Vissulega var nú létt framfærslubrýðinni hinni þyngstu af þeim Syðra-Tjarnakotshjónum því ekki eignast þau börn eftir að búhokri þeirra lýkur. Þegar leiðir þeirra liggja saman á ný 1818 er Helga 42 ára en Guðmundur 46 ára.

Í Skagafirði bregður hins vegar svo við að hornin virðast ekki rekin í þetta fyrirverandi sveitarvandræði úr Öngulsstaðahreppi. Þvert á móti virðist Guðmundur hafa verið talinn að minnsta kosti jafngóður hverjum öðrum. Til marks um það er að hann er í allmörg ár þingvitni við þau mörgu extraréttarhöld sem Lárus sýslumaður á Enni heldur heima hjá sér. Fyrst verður nafn hans fyrir í þingbók 21. nóv. 1829 en síðast 2. mars 1842. Þetta er til marks um að Guðmundur Ásgrímsson hafi notið nokkurs álits hjá sýslumanni Skagfirðinga – meir en tíðkaðist austan Tröllaskaga.

Helga er á þessum árum kölluð vinnukona á Enni í kirkjubók og ekki gefin nein frekari einkunn.

Í manntali 1840 eru Guðmundur og Helga titluð vinnuhjú í Enni, hann 69 en hún 64 ára.

Þann 20. ágúst 1842 kveður Guðmundur Ásgrímsson þetta

jarðlíf og er grafinn þann 29. ágúst á Hofi á Höfðaströnd. Í kirkjubókinni er hann kallaður vinnumaður á Enni, 70 ára. Helga Kolbeinsdóttir lifði mann sinn í tæp fjögur ár. Eitthvað hefur líklega hallað undan fæti hennar því í manntalinu 1845 (í nóvemberbyrjun) er hún sögð 68 ára gömul ekkja og staða hennar tilgreind: „tökukelling“. Þann 23. mars 1846 lauk svo hennar hérvist.

Hún var jarðsett að Hofi og í kirkjubókinni stendur: Ekkja á Enni 65 ára.

Var þá lokið lífsstríði þessa fólks sem hafði lifað erfiðustu tíma sem komið höfðu yfir landið, Móðuharðindin, og baslað við búskap sinn á einstökum harðindaárum um og upp úr aldamótunum. Vissulega var í mörg horn að líta fyrir þá sem ráðstöfuðu því litla sem var til hjálpar bágstöddum en einhvern veginn virðist svo sem þau hjón hafi altjént ekki átt sérstaklega upp á pallborðið hjá þessum yfirvöldum. Engu að síður tókst – með hjálp þessara yfirvalda – að koma á legg 9 börnum sem hafa alið af sér marga afkomendur sveitarvandræðanna úr Öngulsstaðahreppi.

DANÍEL PÁLMASSON

Minningar frá hernámsárunum í Eyjafirði

Daníel Pálmason fæddist að Gnúpufelli í Eyjafirði 21. júní 1912. Foreldrar hans voru

Pálmi Þórðarson og Anna Einarsdóttir Thorlacius. Tök próf frá Alþýðuskólanum að Eiðum 1932. Bjó með föðurömmu sinni á hluta Gnúpufells 1925-40, en var bóndi á jörðinni eftir föður sinn frá 1945. Í hreppsnefnd Saurbæjarbrepps í tólf ár, þar af oddviti 1946-50. Hreppstjóri 1958-62.

Deildarstjóri Saurbæjardeildar KEA og sýslunefndarmaður um skeið. Gegndi ýmsum

fleiri trúnaðarstörfum. Stundaði barnakennslu í fjóra vetur. Sinnti skógrækt mikið. Kona hans var Ingibjörg Bjarnadóttir frá Lambadal í

Dýrafirði og eignuðust þau fimm börn. Daníel andaðist 19. mars 1999.

– Meðfylgjandi mynd af honum mun einmitt vera tekin á stríðsárunum.



Þótt liðið sé hátt á fjórða tug ára síðan breska hernámið átti sér stað á ég þó furðu margar skýrar minningar frá þeim árum.

Hinn 10. maí 1940 gekk breski herinn á land í Reykjavík svo sem kunnugt er og ekki löngu síðar var herliðið komið út um allt land. Lítil herdeild settist að á Melgerðismelum í Inn-Eyjafirði. Þar var sjálfgerður flugvöllur og einmitt þess vegna hefur þótt sjálfsagt að hafa varðstöð á þessum stað. Ekki mun setuliðið hafa verið búíð að dvelja þarna marga daga þegar nokkrir ungir menn úr sveitinni fóru á stjá til að forvitnast um hagi þessara nýju landnema. Okkur var vel tekið enda voru þessir hermann, ef hermenn skyldi kalla, á svipuðum aldri og við, ósköp drengjalegir og virtust kunna því vel að blanda geði við okkur sveitastrákana. Og brátt var farið í leiki, t.d. fótbolta. Og fleira var sér til gamans gert. Fyrirliði

þessara ungu manna, með þrjá borða á handleggnum, amaðist ekki heldur við okkur nema síður væri. En brátt fjölgaði á Melunum og þar var hafist handa um ýmsar framkvæmdir, og þá var nú þessi leikaraskapur fljótt úr sögunni. Og svo síðla sumars hófst setuliðsvinnan. Þá var byrjað á því að endurbæta flugvöllinn, því að þótt hann væri vel gerður frá náttúrunnar hendi voru í honum smálægðardrög sem betra var að fylla upp í og nóg var af nærtæku efni.

Hér í hreppnum voru aðeins örfáir vörubílar til, þá var hægt að telja á fingrum annarrar handar. Ég held að þeir hafi verið af árgerðunum 1929-34, mestu kostagripir. Og það var ekki að sökum að spyrja, yfirmenn hersins föluðu þessa bíla til malarflutnings. Og þeir stormuðu út á Melgerðismela, Keppur, Spóinn og Búkolla. En á þessum árum fengu sveitabílarnir nöfn. Og allir stóðust þeir kröfurnar sem til þeirra voru gerðar með mikilli þrýði. Allri mól var handmokað, það gerðu setuliðsmennirnir og fóru sér að engu óðslega.

Já, það mátti segja að það yrði bylting með komu hersins. Eins og nærri má geta orðu viðbrigðin mikil í þessari kyrrlátu sveit. Það var t.d. sífelldur vélagnýr í lofti og á láði. Herbílar og skriðdrekar þustu um alla vegi, a.m.k. í næsta nágrenni við herstöðina. Og oft sá maður allmargar herflugvélar fljúga oddaflug yfir sveitinni.

Á góðviðrisdegi skömmu eftir hernámið kom geysistór flugvél svífandi inn Eyjafjörð. Þetta var fjögurra hreyfla vél sem sveimaði um stund yfir herstöðinni en hélt síðan í átt til Akureyrar. Þvílíkt ferlíki hafði maður þá aldrei augum litið. Já, það er margs að minnast frá þessum tíma. Einn daginn kom skriðdreki askvaðandi hér heim í hlað. Maður vissi varla hvaðan á sig stóð veðrið. Hálfhræddir og undrandi biðum við átektu. Út úr drekanum stigu tveir hermenn, heilsuðu ósköp góðlátlega og spurðu hvort þeir gætu fengið keypt egg.

Það var að haustlagi, síðla kvölds í þreifandi myrkri, að þeir í herstöðinni töldu sig sjá ljósmerki neðarlega í fjallshlíðinni suður og yfir af Melunum. Það varð uppi fótur og fit í herbúðunum. Loftvarnabyssurnar voru mannaðar og allt búið sem best undir árás frá þýskri herflugvélasveit sem birtast myndi innan tíðar. Ekkert varð þó af árás að þessu sinni, enda var hér ekki um að ræða mors eða annað slíkt. Bóndinn á Helgastöðum hafði farið út þetta kvöld einhverra erinda og tekið með sér stormlugt sökum þess hve niðdimmt var. Og þar sem hann rölti nú sárasklaus götuna til



Fram-Eyjafjörður, flugbrautin á Melgerðismelum á miðri mynd.

Myndin tekin 1943 af USAF.

næsta bæjar með lugtarkrílið í hendi sér bar fætur hans til skiptis fyrir ljósið, og þetta olli öllu þessu fjaðrafoki í herstöð hans há-tignar.

Spölkorn vestan við Melgerðismelana fellur Djúpadalsá í kletta-gljúfri. Dag nokkurn var hermaður að aka skriðdreka meðfram árgilinu. Þá vildi svo slysalega til að maðurinn missti stjórn á drekanum svo að hann steyptist niður í gljúfrið og hafnaði í ánni, á beltunum þó. Þarna fór nú betur en á horfðist, maðurinn meiddist lítið eða ekki. Hann sat sem fastast enda þótt fallið væri varla undir tuttugu metrum.

Einn hrollkaldan vetrardag runnu nokkrir herbílar hérna heim að bæ mínum og á að giska fimmtán til tuttugu hermenn stigu út úr bílunum, gráir fyrir járnum og skálmudu áleiðis til fjalls, en farartækin hurfu á braut. Það var mjög kalt þennan dag, norðan næðingur og hörkufrost. Ekki fóru hermennirnir langt. Þeir námu staðar á Réttarhjallanum, um það bil einn kílómetra frá bænum og hófu skoðingur upp í brekkurnar. Í þrjár til fjórar stundir voru þeir þarna við einhverjar heræfingar og skoðingarnir bárust til okkar í skipulegum lotum. Að því búnu komu þeir heim, heldur kuldaleitir, og hurfu á braut í herbílum sem komnir voru aftur fyrir stuttri stundu að sækja þá. Maður varð harla feginn þegar þeir voru á bak og burt. Seinna fréttum við að herflokknum hefði orðið illa kalt og



Melgerðismelar og braggahverfið í Rauðhúshólum.

Myndin tekin 1943 af USAF.

suma mennina kalið lítils háttar. Þó virtust þeir vera skjóllega búnir.

Leiðin til Akureyrar var ekki alltaf fljóttfarin á þessum árum. Vegurinn var mjór svo að erfitt var að mætast og þó mætti maður oft tugum herbíla. Til að greiða fyrir umferðinni gerðu setuliðsmenn útskot þar sem henta þótti og var það til mikilla bóta. Það var ótrúlega algengt að sjá herbíla utan vegar, ýmist á hvolfi eða á hliðinni. Sjálfsgat hafa þessir erlendu bílstjórar verið vanir betri og breiðari vegum, ef til vill hafa þeir líka verið óvanir malarvegum, enda hlekkist þeim ótrúlega oft á.

Eitt sinn er ég var á leið til Akureyrar sá ég herbíl á hliðinni úti í mýrarfeni, rétt hjá svokallaðri Konuklöpp. Sögur herma að í þessari klöpp hafi búið álfkona og hefur því verið ónæðissamt í híbýlum hennar. Ég nam staðar til að hyggja að hvort einhver þyrfti á hjálp að halda. Jú, bílstjórinn lá skorðaður undir bifreiðinni og bað veikum rómi um að bílnum yrði lyft ofan af sér. Hann átti mjög erfitt um andardrátt því að bifreiðin þrengdi að brjóstkassanum. Til allrar hamingju bar að rétt í þessu nokkra herbíla og þá gátum við hnikað bílnum það til að okkur tókst að ná manninum, og var hann þegar í stað fluttur til Akureyrar. Um þær mundir lá þar við bryggju stórt og glæsilegt spítalaskip þar sem hann fékk alla þá læknishjálp og umönnun sem hægt var að veita. Trúlega

hefur það bjargað lífi þessa manns hversu linur jarðvegurinn er þarna.

Það var daglegur viðburður að fleiri eða færri herflugvélar af ýmsum gerðum væru á flugi yfir sveitinni. Alla jafna voru þær með sprengjur neðan á vængjunum. Maður sá þessa sívalninga greinilega með berum augum. Svo gerðist það dag einn í júlí 1943 að flugvél missti niður sprengju sem sprakk þó ekki. Óðara er vitnaðist um þennan atburð voru sendir út af örkinni menn úr herstöðinni til að leita sprengjunnar. Hún fannst fljótlega í svokölluðum Lambhaga, örskammt frá Þjóðveginum innarlega í sveitinni. Af einhverjum ástæðum sem mér eru ekki kunnar var ákveðið að sprengja hana þarna á staðnum. Hermenn lokuðu veginum beggja vegna og fólkinu á næstu bæjum var gert viðvart. Það varð skollans mikill dynkur þegar sprengjan sprakk og margra metra djúpur gígur myndaðist, víst átta til tíu metrar í þvermál. Nú er þessi gígur horfinn, því að mónum hefur verið breytt í tún. En lengi vel blöstu verksummerkin við þeim er þarna áttu leið um.

Það mun hafa verið á fyrri hluta hernámsáranna, a.m.k. á meðan Bretarnir voru hér enn, að einhverjir gallar komu fram í flugvél sem var í herstöðinni á Melgerðismelum. Sá var háttur setuliðsmanna að fara snemma á morgnana í eftirlits- og könnunarflug hér við strendurnar. Þegar tæknimenn hersins voru búnir að yfirfara þessa umræddu vél mjög nákvæmlega og allt virtist í lagi settist háttsettur og þrautreyndur maður við stjórn tækin og hugðist fara í venjulegt eftirlitsflug. Það var kaffpoka þennan morgun og bóndinn í Rauðhúsum var að fara með mjólkina sína út á Þjóðvegin. Sá hann og fleiri þegar flugvélin hóf sig til flugs, en hún hvarf skjótt inn í þykkann þokubólstur. Andartaki síðar kvað við brestur og þustu menn á vettvang. Vélin hafði ekki látið að stjórn heldur fallið niður í Rauðhúshólana, örskammt frá flugbrautinni. Þarna lá hún í þrennu lagi og loguðu eldar í flakinu, en skothylki sem voru í vélinni sprungu með hvissi og látum. Flugmaðurinn lét þarna líf sitt.

Um fardagaleytið 1943 fórum við tveir ungir menn að sækja dráttarvél sem búnaðarfélag hreppsins átti og var notuð til jarðvinnslu. Þetta var International-vél, ein af hinum fyrstu sem fluttar voru til landsins. Vélin var á járnhjólum að aftan og framan og engan veginn skemmtilegur farkostur, allra síst á malarvegum. Þegar félagi minn hafði gangsett vélina og leiðbeint mér um það helsta ók ég af stað. Nú hagaði svo til að ég þurfti að fara í gegn-

um herstöðvarsvæðið. Hermenn voru jafnan á verði á ytri og syðri mörkum. Oft voru vegfarendur stöðvaðir og litið eftir því hvort þeir væru með nokkurn grunsamlegan farangur. Það skal fúslega viðurkennt að ég hálfkveidd fyrir að þurfa að fara þarna í gegn, ekki síst vegna þess að ég var algjör byrjandi í meðferð dráttarvéla, en um aðra leið var ekki að ræða. Ég slapp auðveldlega í gegn hjá ytri varðstöðinni og hélt sem leið liggur suður Melana og enginn skipti sér af ferðum mínum. Ég hjakkaði svona áfram hægt og rólega og átti stuttan spöl eftir ófarinn að syðri varðstöðinni þegar varðstjórinn snaraðist út úr byrgi sínu með stóran riffil og hóf ákafa skothríð. Mér varð ekki um sel og fór að skima í kringum mig og sá þá hvar herbíll lá á hliðinni fast við vegginn, nokkrum metrum norðar. Ég bjóst við að þetta væri ástæðan fyrir viðbrögðum varðmannsins og hélt ferðinni áfram. Og ég slapp óáreittur fram hjá varðstöðinni og varð harla feginn. En ekki hafði ég ekið marga metra þegar ég þóttist verða var við hreyfingu fyrir aftan mig. Jú, það stóð heima. Á dráttarskeifu vélarinnar stóð hermaður sem auðsjáanlega vildi hafa tal af mér. Ég nam þegar staðar þótt ég hefði heldur kosið að halda ferðinni áfram. Ég fann strax að manninginum var ákaflega mikið niðri fyrir, það óð mjög á honum en ég skildi ekki orð af því sem hann sagði. Þó fannst mér að þarna myndi vera kominn maðurinn sem hafði verið svo óheppinn að velta bílnum þarna skammt frá. Hafi það verið erindi unga mannsins að fá mig til að aðstoða við að koma bílnum á hjólin aftur fór hann bónleiður til mín, því að ég vildi með engu móti blanda mér í það mál, enda var herinn að sjálfsgöðu einfær um slíka smámuni. En þetta er nú eitt af því sem aldrei fæst upplýst. Þegar ég reyndi að gera honum skiljanlegt að ég vildi halda ferðinni áfram hvarf hann frá, mjög hnugginn, rölti nokkurn spöl út í móana, settist þar á stein og fól andlitið í höndum sér. Þannig sat hann meðan ég sá til, en fljótlega bar leiti á milli. Ég finn ennþá sárt til þess að hafa ekki getað orðið unga manninginum að liði því að hann var svo góðlegur en jafnframt svo umkomulaus og vart kominn af barnsaldri. Það er ósk mín og von að hann hafi komist heill heim frá ógnum styrjaldarinnar, heim til ættlands síns og foreldra.

Bærinn Melgerði stendur rétt sunnan við Melana, því sem næst í beinni línu frá flugbrautinni. Það bar til að vetrarlagi er Melgerðisbændur voru nýkomnir inn frá morgunverkum að flugvél sem var að búast til landingar lét ekki vel að stjórna. Þetta var amerísk vél, P-35. Flugmaðurinn óttaðist að landingin gengi ekki



Breskir hermenn með hriðskotabyssu skammt sunnan við bæinn í Samkomugerði vorið 1940 (eða 1941). Ljós. Steingrímur Guðjónsson.

áfallalaust, svo að hann losaði sig við bensíntankinn. Ekki tókst þá betur til en svo að tankurinn dúndraði niður á fjárhúspak Ólafs bónda, braut þekjuna og varð a.m.k. einni kind að bana. Og svo var bensínsvækjan mikil í húsunum að í langan tíma á eftir var ekki hægt að bregða þar upp ljósi sökum eldhættu.

Eitt sinn bar svo við að flugvél úr flugsveitinni á Melgerðismelum hitti óvænt þýska flugvél yfir Grímseyjarsundi. Þeim tókst að laska þýsku flugvélinu svo að hún varð að nauðlenda á sjónum. Þjóðverjarnir komust í lítinn gúmbjörgunarbát sem þeir höfðu meðferðis og munu síðan hafa verið teknir upp í íslenskt skip sem var á þessum slóðum.

Upp úr áramótum 1944-45 fór ameríski herinn að tína saman föggur sínar og búast til brottferðar. Nokkru áður en Þjóðverjar gáfust upp voru herbúðirnar á Melunum auðar og yfirgefnar. Þar með virtist þessu lokið og ekki að vænta neinna tíðinda úr þeirri átt. En á miðju sumri kom Douglas-flugvél frá hernum svífandi inn Eyjafjörð. Það var stinnings norðangjóla en bjart. Miðað við vindátt og aðstæður hefði verið eðlilegt að fljúga suður fyrir völlinn og lenda svo upp í vindinn. En þeir sem þarna komu voru ekkert að hafa fyrir því. Þeir skelltu sér bara niður á flugbrautina, en sáu samt fljótt í hvert ófni var komið og vélin yrði ekki stöðvuð í tæka tíð. Reyndu þeir þá að komast á loft aftur. Það tókst ekki

og vélin stöðvaðist á moldarbarði nokkurn spöl sunnan flugvallarins. Mennirnir sluppu með minniháttar meiðsli og skrámur en flugvélin eyðilagðist. Jeppabifreið sem var með í þessari för var þó óskemmd og eftir að hafa náð henni úr vélinni með hjálp góðra manna var haldið til Akureyrar. Líklega hafa þessir menn ekki þekkt íslenska spakmælið „betri er krókur en kelda“, og því fór sem fór.

Styrjöldum fylgja að jafnaði hvers konar hörmungar, mannfórnir, sorgir og tár. Og auðvitað fór íslenska þjóðin ekki varhluta af slíku. Þó held ég að við höfum sloppið vel miðað við frændþjóðir okkar, Norðmenn og Dani, enda ólíku saman að jafna. Þar var það áráraðilinn sem tók allt þjóðlífið ógnartökum en hér komu fremur vinveittar þjóðir. En þessar tvær þjóðir, Bretar og Bandaríkjamenn, voru um margt ólíkar, eða þannig kom mér það fyrir sjónir. Mér fannst breska hernámið miklu bærilegra, enda voru öll samskipti við Bretana mun frjálsgri og óþvingaðri. Þegar Kaninn kom, en svo var jafnan tekið til orða, breyttist andrúmsloftið og maður umgekkst þá menn með meiri varúð og helst ekki nema þeir gæfu sjálfir tilefni til. Þeir settu upp varðstöðvar, stöðvuðu alla bíla sem um veginn fóru og skoðuðu oft farangur fólksins. Og þeir gengu svo langt að loka þjóðveginum fyrir allri umferð í nokkrar nætur. En sem betur fór stóð þetta umferðarbann ekki lengi. Það hefði líka orðið afdrifaríkt fyrir okkur sem búsett vorum sunnan við herstöðina því að á þeim árum var þetta eini vegurinn að og frá Akureyri.


Heyrt hef ég að breskur höfuðsmaður hafi sagt: „Þegar Kaninn tekur við af okkur fáid þið meiri peninga en leiðinlegri menn.“ Ekki er mér kunnugt um hvort meiri peningar komu með ameríska hernum. Hitt veit ég að sá her kom með alls konar vélknúin tæki, áður óþekkt hérlandis, t.d. jeppa, sex- og tíuhjóra vörubíla með drifi að aftan og framan, jarðýtur, vélskóflur og mætti svo lengi telja. Það má með sanni segja að þetta hafi orðið upphafið að almennri vélvæðingu hér á landi.

(Flutt í útvarp nálægt 1980)

JÓHANNES SIGVALDASON

Dátar koma af Hofsárdalnum

Jóhannes Sigvaldason fæddist 1936 í Hofsárkoti í Svarfaðardal. Hann varð búfræðingur frá Hólaskóla og stúdent frá MA og lauk licentiatsprófi frá Landbúnaðarháskólanum í Kaupmannahöfn 1964. Var framkvæmdastjóri Ræktunarfélags Norðurlands 1964–81, eftir það tilraunastjóri við Tilraunastöðina á Möðruvöllum í Hörgárdal til 1990. Kenndi nokkuð um skeið, síðast á Hvanneyri. Jóhannes hefur fengist við ritstörf og komið að félagsmálum, m.a. verið formaður Félags eldri borgara á Akureyri.



Nokkuð er umliðið frá því breska herliðið kom í dalinn á túnaslættinum sumarið 1940 – það kom og fór og svo ekki söguna meir. Fréttir bárust um að reistar hefðu verið heilar byggðir í næstu sveitum og á Akureyri væri urmull af hermönnum. Það eina sem minnti á stríðið í sveitinni, fyrir utan fréttir í útvarpi og blöðum, var að endrum og eins sáust flugvélar á sveimi yfir dalnum og greip stundum um sig ótti hjá fólki þegar þær voru margar í einu ungann úr degi að sniglast um loftið – einkum var hræðslan meiri í brjóstunum þegar fréttir höfðu borist um að sprengjum hefði verið varpað einhversstaðar á byggðir alsaklausra. Dátar voru hins vegar ekki hið daglega brauð.

En svo er það eitt síðdegi komið fram í september og fé farið að færast að fjallgirðingu og berjalaufið tekið að roðna suður og upp við Selgilið, þá er allt í einu eins og einhver dökk slæða læðist upp á öxlina þar sem komið er úr Hofsárdalnum. Þessi slæða er á hreyfingu og er allt í einu öll komin út úr dalnum og færirst suður fjallið. Þegar eitthvað mjög óvenjulegt varð á þessum tíma eru allir

á bænum sem til þess eru bærir kallaðir á vettvang að greina hvað sé á seyði. Þarna er nokkuð sem þarf skoðunar við. Fullorðna fólk-ið taldi að hér færu hermenn – heil herdeild á göngu um fjallið.

Þótt undarlegt megi virðast þá hafði sá er nú ritar á sínum efri dögum, en á þeim tíma þegar þetta gerist aðeins fjögurra ára, mikinn áhuga á þeim ósköpum er gengu á úti í hinum stóru löndum. Fólst það meðal annars í því að hlusta ætíð á umræður fullorðna fólksins um þessa viðburði. Hafði hann því oft heyrt getið um mörg þeirra landa sem undir voru lögð í þessum hildarleik. Átti það til, meðan kýr voru passaðar um sumarið, að leika stríðið. Fólst það meðal annars í því að skipta landareigninni í hin ýmsu lönd er slógust og láta þau berjast í huganum. Man ég enn að nokkru þessa skiptingu en verð þó að viðrækna að stærðarhlutföll landa eru kannski ekki alveg kórrétt. Til dæmis var Belgía allt land ofan fjallgirðingar. Og nú voru grænklæddir dátar, dálítið dökkir í haustbirtunni, að hernema Belgíu.

Er við höfðum horft um stund á þennan dökka flekk í fjallinu þokast áfram suður hlíðina sjáum við allt í einu að lítill depill skilur sig frá stóra blettinum og þessi depill tekur stefnu á bæinn. Að lítilli stundu liðinni, þegar depillinn hafði færst neðar í fjallið og nálgast bæinn meir, kom í ljós að þarna voru á ferðinni tveir menn og virtist nú allt benda til þess að þeir ætluðu að koma heim til okkar. Þeir klofuðu yfir fjallgirðinguna hjá Gamlasteknum og fóru beinustu leið til bæjarins niður bratta brekkuna fyrir ofan Hallið. Þeir komu að bæjarlæknum þar sem hann rann inn í túnið og þræddu slóð meðfram læknum sem orðin var til af því að ég var strax á þessum tíma byrjaður í bílaleik með hrífustúf á öxlinni og þessi slóð var vegurinn sem ekinn var.

Fyrir en varði voru dátar á hlaði en þar voru til móttöku faðir minn og við börnin öll sem upprétt gátu gengið. Móðir mín hafði gengið í bæinn þegar víst þótti að gesti bæri að garði til þess að taka ögn til í húsinu. Það var ekki laust við geig í okkur sem stóðum á hlaðinu. Það er ekki á vísan að róa þegar dátar við alvæpni koma í heimsókn. En þessir ungu menn sem nú voru í varpa létu ekki dólglega, þeir gengu að föður mínum og réttu fram hönd til að heilsa og þó engin orð fylgdu er handtak alþjóðamál og tók faðir minn hendi þeirra með feginleik. Við okkur börnin sögðu þeir eitthvert hæ hæ eða annað sem nú meir en sjötíu árum seinna er úr minni dottið.

Ekki varð mikið um samræður á varinhellu. Enskukunnátta föður

míns takmarkaðist við setningu sem hann af einhverri tilviljun hafði lært utan að og hljóðaði svo í hans framburði: Örlí tú bedd og örlí tú ræs – jú vill bí bóþ happí og væs. Þó þessi texti sé sjálf-sagt sannur og réttur, ef einhver skildi, taldi faðir minn þó varla stað né stund að fara með þessa þulu ekki síst af því að viðmælend-ur voru mjög vopnum búnir og enn á þessum tíma ekki ljóst hvað þetta vers þýddi.

Því var það eina gert sem þá var siður í sveitum að vísa gestum til stofu og bjóða veitingar. Með bendingum og handapati gekk þetta vonum framar og reyndu þessir ungu dátar af fremsta megni að þóknast fólkinu á bænum. Ekki vildu þeir skilja við sig byssur heldur báru þær til stofu og reistu við stóla sína.

Á þessum tíma voru ekki fjölskrúðug húsgögn í Hofsráskoti – borð eitt lítið var til, svolítið puntað, með rennda fætur og kallað baðstofuborð, tveir stólar voru þarna einnig. Á þessa stóla við borðið voru gestirnir settir og notuðu þá allan húsbúnað baðstof-unnar utan rúmannar.

Ekki voru tök á að bjóða á svo skömmum tíma soðinn mat en á borðið var tínt fram pottbrauð, flatbrauð og soðiðbrauð, smjör og niðurskornir döndlar og fleira álegg hefur kannski fundist. Svo var mjólk fram borin og hrært skyr með rjóma og sykri. Þeir ensku gerðu matnum góð skil og töluðu eitthvað sín á milli og fengum við þar í fyrsta sinn að heyra annað talað en íslensku. Var þetta heilmikil lífsreynsla.

Þegar dátar höfðu etið sig metta risu þeir úr sætum kvöddu fólk með handabandi nema föður minn – hann fór á undan út á hlað minnugur þess að enginn má fara með vitið úr bænum og allra síst bláóknunir enskir hermenn, aldrei að vita hvar vitið endaði.

Á hlaði settu gestir byrðar á bak sitt að nýju en lofuðu föður mínum að skoða hversu þungar þær voru og undraðist hann hve mikið var á þessa ungu menn lagt að flytja þessi ósköp um fjöll í leit að óvin sem þó engan var að finna.

Þegar dátar höfðu gengið frá klyfjum á baki og axlað vopn sín kvöddu þeir föður minn og stefndu aftur til fjalls en nú suður og upp frá bænum en flekkurinn, sem þeir voru partur af, var kominn nokkuð langt inn fyrir bæ og hafði stansað þar og beið félaga sinna. Við börnin stóðum og horfðum á eftir þessum gestum okkar og hugsuðum í fávísku barnsins: svona er þá stríðið – dátarnir koma og fá rjómaskyr og döndla, já það er sannarlega gott að vera dáti.

JÓHANNA Þ. GUÐMUNDSDÓTTIR

Fátækt, freisting og sauðabjófnaður í Eyjafirði 1697–1838

Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir er fædd 1968 í Vestur-Skaftafellssýslu. Hún lauk BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands haustið 2009 og MA-prófi í sagnfræði frá sama skóla vorið 2012. Frá 2007 hefur hún starfað sem skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands, fyrst í blutastarfi en frá 2012 í fullu starfi. Greinin sem hér birtist byggir á BA-ritgerð hennar, „Sá kann ekki að stela sem ekki



kann að fela.“ Athugun á sauðabjófnaðarmálum í Eyjafjarðarsýslu 1697–1838.

Inngangur

Alls kyns bjófnaðir bæði smáir og stórir voru litnir alvarlegum augum í íslensku samfélagi fyrr á öldum. Þrátt fyrir það voru bjófnaðir meðal algengustu mála fyrir rétti.¹ Búsfjárþjófnaður var þó sá bjófnaður sem litinn var hvað alvarlegustum augum enda varðaði hann afkomugrundvöll flestra manna í gamla bændasamfélaginu. Segja má að lífsafkoma Íslendinga hafi byggst að mörgu leyti á sauðkindinni. Allar afurðir voru gjörnýttar í fæði og klæði, s.s. mjólk, kjöt, slátur, ull og skinn. Við rannsókn á sauðabjófnaði koma við sögu fulltrúar ólíkra hópa innan samfélagsins, þ.e. þjófurinn, yfirvaldið sem rannsakaði bjófnaðinn og sá sem stolið var frá. Þannig geta heimildir um sauðabjófnað endurspeglad samfélagsgerð fyrri alda þar sem málefnið varðar lífsviðurværi allra þeirra sem við sögu koma.

Héraðsdómar úr Eyjafjarðarsýslu eru þær heimildir sem rann-

¹ Sjá: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Því demist rétt að vera*, bls. 28–31.

sóknin grundvallast á. Hvað er hægt að lesa út úr dómum í sauðaþjófnáðarmálum um íslenska samfélagsgerð á tímabilinu 1697–1838? Fjögur atriði verða tekin til umfjöllunar til að varpa ljósi á efnið. Í fyrsta lagi að skýra orsakir eða ástæður afbrotanna. Í öðru lagi verður hugað að viðhorfi samfélagsins til afbrotsins, einkum yfirvalda. Í þriðja lagi er fjallað um félagslegt taumhald, þ.e. leitast er við að skýra hvernig lögum og reglum var framfylgt í samfélagi þar sem engin eiginleg lögregla var til staðar. Í fjórða lagi er þáttur vinnufólks skoðaður sérstaklega. Hugtakið sauðaðjófnáður er látið ná yfir stuld eða töku á sauðfé annars manns hvort heldur sem um var að ræða, kind, sauð eða lamb og hvort sem sauðkindinni var slátrað strax eða hún afmörkuð og látin ganga með öðru fé.

Hafa ber í huga að rannsókn sem þessi nær aðeins til afmarkaðs hóps innan samfélagsins, þess hóps sem skar sig úr fjöldanum að því leyti að hann fylgdi ekki venjum og reglum samfélagsins. Þess vegna er þetta fólk að finna í dómabókunum. Reynt er að nálgast efnið út frá sjónarhorni þessa fólks. Þá verður að hafa í huga að dómabækur eru heimildir sem varpa einkum ljósi á viðhorf ráðandi stétta, þær voru skráðar af sýslumanni eða ritara hans sem töldust jafnan til annars hóps en sakborningar og lýsa því ekki síður viðhorfi þeirra.²

Skjalasöfn sýslumanna á Norðurlandi hafa varðveist betur en annars staðar af landinu. Eyjafjarðarsýsla er því mjög heppilegt úrtak þar sem heimildaskortur ætti ekki að hamla rannsókn. Byrjað er við árið 1697 af því að frá því ári er elsta varðveitta málið sem fundist hefur og endað 1838 þegar danski sakamálarétturinn var tekinn upp hér á landi. Þannig er reynt að draga upp mynd af gamla íslenska bændasamfélaginu áður en verulegra breytinga fór að gæta í því. Sýslumenn stóðu næstir almenningi í landinu af embættismönnum konungs. Rannsóknir sýslumanna í þjófnáðarmálum ættu því að gefa skýrari mynd af samfélaginu en t.d. yfirréttardómar. Auk þess voru rannsóknir í héraði oftast ítarlegri. Þar voru bæði sakamennirnir og nágrannar þeirra kallaðir fyrir réttinn og yfirheyrðir um hvað eina sem gat orðið til þess að upplýsa málið. Um leið sögðu þeir frá lífskjörum sínum og aðstæðum, ýmist með beinum eða óbeinum hætti.

Málsmeðferð í dómabókunum tekur nokkrum breytingum á tímabilinu. Þeirri reglu er þó ávallt fylgt að fyrst var skráð dag-

² Sama heimild, bls. 19.

setning þings og hvar það var haldið. Því næst voru skráð nöfn þeirra sem sátu þingið sem vottar. Afskaplega misjafnt er hve umfangsmikið hvert og eitt mál var. Í elstu bókunum tók málareksturinn fljótt af, málið var reifað, sakborningur játaði, refsing var ákveðin og í lokin rituðu sýslumaður og vottar nafn sitt undir. Um miðja 18. öld var farið að skipa sækjanda og verjanda í sakamálum og þá voru nöfn þeirra einnig rituð í bækurnar. Þá var einnig farið að kalla til vitni og þau yfirheyrð ef þurfa þótti. Væru vitni kölluð til voru þau látin sverja eið þess efnis að allt sem þau sögðu væri satt og rétt. Allt fór þetta fram á einu og sama þinginu. Eftir aldamótin 1800 vex umfang málanna mikið. Málarekstur gat staðið yfir í marga þingdaga og teygt sig yfir langt tímabil. Yfirheyrslur urðu mun ítarlegri og mörg vitni voru kölluð til. Eins og gefur að skilja verður þá mun auðveldara að greina ýmsa þætti málsins, eins og t.d. ástæður afbrotanna og hvernig komst upp um málin. Á sama tíma áttu sér líka stað miklar breytingar innan réttarkerfisins. Með tilskipun frá 3. júní 1796 var lögð aukin áhersla á að gera meðferð mála nákvæmari og greiðari. Ákveðið var að sérstakt ákærvald tæki frumkvæði í málum og málflutningur átti að vera skriflegur í öllum aðalatriðum.³

Rannsóknin byggir á 48 sauðabjófnaðarmálum sem finna mátti í þeim 20 dómabókum Eyjafjarðarsýslu sem varðveittar eru frá tímabilinu 1694–1838. Farið var skipulega yfir öll málin og þau flokkuð eftir kyni og stöðu sakborninga, búsetu, þyngd refsingar, hvernig sönnun var fengin fram, ástæðum sem þjófarnir báru fyrir sig og hvernig komst upp um málin. En líka er reynt að fjalla um einstaklingana að baki tölunum til þess að skilja betur þær aðstæður sem fólkið bjó við. Þannig er reynt að beita í bland félagssögulegum aðferðum og einsögulegri nálgun. Hluti rannsóknarinnar er tölfræðilegur og beinist að einni tiltekinni gerð sakamála á löngu tímabili en einnig er reynt að rýna í yfirheyrslurnar sjálfar og fá innsýn í líf og aðstæður þess fólks sem við sögu kemur.⁴ Einstök sauðabjófnaðarmál eru þó ekki rakin sem sjálfstæðar sögur, heldur skoðuð í samhengi við umfjöllunarefnið hverju sinni.


³ *Lovsamling for Island VI*, bls. 232–249. (Forordning ang. Rettens vedbørlige og hurtige Pleie, 3.6.1796); Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum,“ bls. 78–79.

⁴ Um félagssögulegar rannsóknaraðferðir, sjá: Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Því dem-ist rétt að vera*, bls. 20. Um einsögulega nálgun, sjá: Christina Folke Ax, „Menn-ingarmunur á Íslandi í lok 18. aldar,“ bls. 63–90.

Fjöldi mála og samfélagsstaða sakborninga

Af þessum 48 málum var sakfelld í 41 máli og sýknað í þremur. Í öðrum þremur tilvikum var málið látið niður falla og í einu tilviki var um ósakhæf börn að ræða. Alls var 81 einstaklingur ákærður, 57 karlar og 24 konur. 60 voru ákærðir fyrir þjófnað og 21 fyrir vitorð og yfirhýlmingu.⁵ Var gjarnan talað um þá sem „þjófsméðvitara.“⁶

Mynd 1. Fjöldi sauðaðþjófnaðarmála í Eyjafjarðarsýslu 1697–1838.



Heimildir: ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–GA/7. Dóma- og þingbækur 1694–1842; Vef: Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://skjalasafn.is/domabokagrunnur>. Dóma- og þingbækur frá árunum 1708–1720 og 1726–1727 hafa ekki varðveist.

Málin dreifast nokkuð misjafnt yfir tímabilið. Á 18. öld skera þrjú tímabil sig úr. Árin fyrir og um aldamótin 1700, miðbik aldarinnar og níundi áratugurinn (sbr. mynd 1). En þessi tímaseið eru einmitt þekkt sem ein helstu harðindatímabil Íslandssögunnar. Mikinn hafis rak upp að landinu 1694–1701 og aftur 1751–1757

⁵ *Lbs.-Hbs.* Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Sá kann ekki að stela sem ekki kann að fela,“ bls. 21–24. Hér eftir vísað til sem: JPG, „Sá kann ekki að stela.“

⁶ Í dómabókunum koma heitin, „þjófsméðvitari“ eða „samvitandi“ oft fyrir. Einnig var talað um að dæma fyrir „hýlmingu og hluttekningu“ eða fyrir „matreiðslu og nautn þess stolna.“ Þegar svo var, var viðkomandi skráður sem vitorðsmaður.

með tilheyrandi kuldum og harðindum. Oft er þess getið að Eyja-fjörður hafi fyllst af ís á þessum árum og lá hann gjarnan inn á firði langt fram eftir sumri.⁷ Á árunum 1783–1785 riðu svo Skaft-áreldarnir yfir landið með tilheyrandi hörmungum, búfjár- og mannfalli.

Á fyrri hluta 19. aldar fjölga málum nokkuð, þau verða tíðari og dreifast jafnar milli ára. Ekki er víst að þetta verði skýrt með neinum óvenjulegum harðindum. Greinilegt er að í byrjun 19. aldar hafa fleiri þjófar verið staðnir að verki og dregnir fyrir dóm en áður hafði verið að jafnaði. Þá voru harðindi en ekki er ástæða til að ætla að fátækt og matarskortur hafi verið meiri þá en almennt á 18. öld. Skýringuna er líklega að finna í virkni réttarkerfisins. Þjófnaðir voru áreiðanlega ekki óalgengari á 18. öld heldur en á þeirri níttjándu, heldur hafa þeir mun fremur komið til kasta yfirvalda. Er það í takt við þær breytingar sem áttu sér stað innan réttarkerfisins um aldamótin 1800.

Eingöngu var stuðst við dómabækurnar til þess að finna samfélagsstöðu eða starfsstétt sakamannanna enda um fáar aðrar heimildir að ræða. Farin var sú leið að skipta þjófunum og vitorðsmönnum þeirra í 10 mismunandi hópa eins og best mátti greina samkvæmt dómabókunum og þannig reynt að halda í samtímasýnina á hópaskiptingu samfélagsins eins og hún birtist í bókunum. Yfirleitt kemur skýrt fram hver staða viðkomandi var, þ.e. bóndi, vinnumaður, flakkari eða eitthvað annað. Í öðrum tilfellum má greina það óbeint af kringumstæðum og umsögn dómara, þá segir t.d. að viðkomandi hafi verið búandi á tilteknum bæ eða hann fær umsögnina „aðkominn óknyttastrákur.“⁸ Oft kemur ekki annað fram en að um sé að ræða son aðalsakbornings eða annan ættingja hans. Því er ekki alltaf hægt að sjá hvort um var að ræða t.d. ungan vinnumann í þjónustu föður síns eða ungling enn á ómagaaldri. Sömuleiðis var ekki alltaf víst hvort t.d. tengdamóðir afbrotamannsins taldist á framfæri viðkomandi eða var vinnukona á heimili hans. Þeir sem falla undir þessa skilgreiningu flokkast sem ættingjar á heimilinu bæði skyldmenni og tengdafólk aðalsakbornings. Í þó nokkrum tilvikum, einkum í elstu málunum frá lokum 17. aldar og byrjun 18. aldar, er þess einungis getið að þjófurinn sé

7 Sjá t.d.: Hannes Finnsson, *Mannfækkun af ballerum*, bls. 71–77 og 84–89.

8 T.d. Ólafur Guðvarðsson og Snjólfur Runólfsson. Þeir voru settir í flokkinn flakkari, þar sem þeir voru aðkomnir. Sjá: *ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–3*. Dóma- og þingbók 1740–1768, án bls. (14.2.1753 og 13.12.1756).

„dregur“ eða „óknýttadregur,“ sem þó sé til lögdaldurs kominn.⁹ Hér er líklega annaðhvort um unga drengi á framfæri sveitarinnar að ræða eða flakkara, ekkert skal þó fullyrt um það. Þeir voru einfaldlega settir í einn hóp sem kallast „drengr.“ Í nokkrum tilvikum reyndist ekki mögulegt að finna stöðu viðkomandi. Þegar svo var háttað var viðkomandi merktur með stöðuna óvíst (sjá töflu 1).

Tafla 1. Staða þeirra sem voru ákærðir fyrir sauðahjófnað 1697–1838.

Staða	Þjófnaður	Vitorð
Prestur	1	0
Bóndi	21	1
Húsmóðir	6	6
Ættingi á heimili	4	4
Vinnumaður	7	1
Vinnukona	0	4
Barn	2	3
Flakkari	5	0
Dregur	7	1
Óvíst	7	1
	60	21

Heimildir: ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–GA/7. Dóma- og þingbækur 1694–1842. Sjá einnig: JPG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 21–24.

Nokkur mismunur reyndist vera á samfélagslegri stöðu afbrota­mannanna á 18. öld annars vegar og fyrri hluta 19. aldar hins vegar. Óbreyttir bændur voru stærsti hópurinn allt tímabilið. Hins vegar voru flakkarar og svokallaðir „drengr“ mjög áberandi á harðinda­ tímabilunum á 18. öld. Það er ekki gott að átta sig á hverjir þessir drengrir eru, yfirleitt talað um „óknýttadrengr“ eða „aðkomna óknýttastráka.“ Þetta eru yfirleitt drengrir milli tvítugs og þrítugs sem hafa enga atvinnu. Þeir, ásamt flokkurunum, hverfa svo alveg af sögusviðinu sem sérstakur hópur um aldamótin 1800 en bændur orðnir langstærsti hópurinn. Vitorðsmennirnir eru venjulega

⁹ T.d. Guðmundur Halldórsson og Jón Sigurðsson. Sjá: ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–3. Dóma- og þingbók 1694–1701, bls. 69–70. (4.3.1697); GA/2–2. Dóma- og þing­bók 1742–1753, bls. 109v–110v. (26.10.1750).

húsmæðurnar eða annar ættingi á heimilinu og vinnukonur. Og þá þannig að húsmæðurnar aðstoða sína menn, húsbændurna, en vinnukonurnar vinnumennina.¹⁰ Einn prestur var ákærður, það var séra Hallgrímur Thorlacius í Miklagarði, hann var reyndar sýknaður af sauðabjófnaði en dæmdur fyrir ólöglega meðferð á vafagimb-ur. Hann hafði geymt eina gimbur í fjárhúsinu hjá sér um veturinn sem enginn vissi hver átti — en láðist að tilkynna sýslumanni um það.¹¹

Um aldamótin 1800 óx fjöldi kvenna sem var ákærður mikið. Kvenfólkið verður þá allt í einu mun sýnilegra. Alla 18. öldina var einungis níu konur að finna í dómabókum sýslunnar en á fyrstu fjórum áratugum 19. aldar urðu þær 15 talsins. Skýringin á því hlýtur fyrst og fremst að vera sú að þá var farið að leita betur og skipulegar eftir hugsanlegum vitorðsmönnum. Við yfirheyrslur er iðulega spurt sérstaklega eftir vitorðsmönnum og kvenfólkið þá oftast en ekki dæmt „fyrir matreiðslu og nautn þess stolna.“

Ástæður sem sakborningar nefna

Ekki reyndist alltaf auðvelt að finna beina ástæðu fyrir þjófnaðin-um. Í 33 tilvikum af þessum 48 var hægt, ýmist með beinum eða óbeinum hætti, að finna einhverja ástæðu sem sakborningar báru fyrir sig við réttarhöldin. Hafa ber í huga að raunverulegar ástæður gætu þó verið aðrar, þetta er spurningin um hvað fólk var tilbúið að viðurkenna fyrir rétti. Oft voru hinir ákærðu beinlínis spurð-ir um hvort þeir ættu sér einhverjar málsbætur. Það á einkum við um málin eftir 1800. Algengar ástæður, sem nefndar voru, voru hungur og neyð eða bjargarskortur og freisting. Fullvíst má telja að í harðindunum á 18. öld hafi það einkum verið langvarandi neyð og hungur sem rak afbrotamennina til þess að stela. Þegar kom fram á 19. öld bar fólk frekar fyrir sig fátækt og freistingu. Þá verður mjög áberandi að fátækir bændur, sem bjuggu við hálfgerð-an bjargarskort, hafi freistast til þess að slátra fé annarra sem slæddist saman við þeirra eigið fé í kvíum eða á annan hátt. Menn tóku kindur nágrannans af því að það lá vel við. Talað var um að kindin eða lambið hefði komið sjálfkrafa saman við féð. Þannig voru þetta langmest svokallaðir neyðarþjófnaðir og tækifærisþjófna-

¹⁰ Þegar húsmæðurnar voru ákærðar einar eða með öðrum ættingja á heimilinu var ástæðan venjulega sú að húsbóndinn var ekki heima þegar þjófnaðurinn átti sér stað.

¹¹ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–4. Dóma- og þingbók 1809–1813, án bls. (28.2.1811).

aðir. Engin dæmi um beinan ásetning eða þjófnað í hagnaðarskyni fundust. Niðurstöður greiningar eru settar fram í töflu 2.

Tafla 2. Ástæður sem sakborningar nefna við réttarhöld 1697–1838.

<i>Ástæða</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Neyð og hungur	10	28%
Bjargarskortur og freisting	5	14%
Fátækt og freisting	12	33%
Freistingin ein	2	6%
Segjast ekki eiga sér neinar málsbætur	4	11%
Nefna auk þess vitsmunabrest og sinnisveiki	3	8%
Samtals	36	100%

Heimildir: ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–GA/7. Dóma- og þingbækur 1694–1842. Neyð og hungur: ekki um nein önnur úrræði að ræða fyrir viðkomandi til að bjarga lífi sínu. Bjargarskortur: skortur á mat á heimilinu. Fátækt: ekki beinlínis matarskortur en viðkomandi er greinilega eignalaus eða eignalítill og skuldugur.

Þær tölur sem nefndar hafa verið hér segja þó ekki alla söguna. Segja má að hvert og eitt mál sé sérstök saga. Til þess að skilja betur aðstæður þessa fólks er nauðsynlegt að skoða nokkur dæmi.

Í Skaftáreldunum kemur neyðin sem fólk stóð frammi fyrir hvað greinilegast í ljós. Einhvern tíma um veturinn 1784–1785 var Svanlaugur Arnason orðinn bjargarlaus og kominn á flakk. Hann var 28 ára gamall, fæddur í Hvammshreppi. Flakk var með öllu bannað á þessum tíma og Svanlaugur hefði að réttu átt að fara á framfæri síns fæðingarhrepps, þegar hann gat ekki framfleytt sér lengur. Í apríl 1785 var Svanlaugur uppvis að því að stela einni á og var dreginn fyrir rétt. Við yfirheyrslur kom í ljós að hreppstjórnir í Hvammshreppi höfðu ekki gert neinar ráðstafanir til að koma Svanlaugi fyrir í hreppnum, eins og þeim bar að lögum, heldur höfðu þeir þvert á móti rekið hann úr hreppnum. Svanlaugur var með bréf þess efnis undirritað af hreppstjórunum og lagði fram í réttinum. Hreppstjórnir voru dæmdir til að greiða sekt en Svanlaugi var dæmd húðlátsrefsing innan luktra dyra.¹² Í október árinu áður hafði svipað tilfelli komið upp í

¹² ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–5. Dóma- og þingbók 1771–1788, án bls. (13.4.1785).

Skriðuhreppi. Þá fékk Magnús Jónsson ekki hýsingu í sínum hreppi og lagðist því í flakk. Hann náði að stela fimm kindum áður en upp komst.¹³ Á aukahéraðsþingi að Eyrarlandi 4. desember 1783 höfðu hreppstjórar verið áminntir alvarlega, að setja niður alla ómaga í hverjum hreppi svo að þeir væru ekki á flakki „fátækum almúga til óbærilegs skaða.“ Tekið var fram að hreppstjórar í Hvammshreppi þyrftu að grandgæfa þessi mál sérstaklega.¹⁴ Sú áminning hefur greinilega ekki skilað miklum árangri. Á þessum árum hefur ástandið í sýslunni væntanlega verið orðið svo slæmt að hrepparnir voru þess varla umkomnir að sinna fátækraframfærslunni eins og þeim bar.

Það þurfti þó ekki alltaf hallæri til. Í árslok 1804 voru Jón Jónsson bóndi í Ytri-Haga í Hvammshreppi og kona hans Kristín Jónsdóttir tekin fyrir þjófnað á tveimur veturgömlum kindum. Við yfirheyrslur kom fram að Jón taldi að refsingin við þessu broti hans væri ekki önnur en vist í tukhúsinu á Arnarhóli, „hvað hann álíta mátti hagfella umbreyting á kjörum sínum og bágingum“ að sögn verjanda hans.¹⁵ Samkvæmt þessu virðist Jón hafa talið það betri kost að fara í fangelsi en lifa við skort eða biðja um sveitarstyrk. Jón var hins vegar dæmdur til að kagstrýkjast og erfða í tukhúsinu í Kaupmannahöfn ævilangt, sem verður að teljast æði harður dómur miðað við það sem tíðkaðist á þeim tíma.¹⁶ Kristín, kona hans var dæmd fyrir vitorð og fékk að dvelja hálf ári í íslenska tukhúsinu.¹⁷

Í febrúar 1816 var Sigurður Jakobsson bóndi á Króksstöðum í Öngulsstaðahreppi uppvís að því að hafa afmarkað tvö lömb sem höfðu komið saman við fé hans. Sigurður var greinilega bláfátækur og sagðist hafa gert þetta í „ráðaleysi og ofboði“ því hann hafði misst mikið fé árinu áður.¹⁸ Líklega hefur Sigurður séð fram á að verða matarlaus um vorið og því freistast til þessa verks.

Vorið 1837 voru börnin Skúli Þorsteinsson og Jóhanna Kristjánsdóttir í Gljúfurárkoti í Skíðadal, kölluð fyrir rétt að Völlum í Svarfaðardal vegna horfins sauðar. Þau voru bæði á 14. ári og ját-

¹³ Sama heimild, (31.10.1784).

¹⁴ *Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*; bls. 379. (Aukahéraðsþingi að Eyrarlandi 4.12.1783, bls. 377–380).

¹⁵ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–3. Dóma- og þingbók 1802–1809, bls. 124. (15.12.1804).

¹⁶ Sjá dóma sem aðrir fengu: JPG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 21–24.

¹⁷ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–3. Dóma- og þingbók 1802–1809, bls. 125. (15.12.1804).

¹⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/4–1. Dóma- og þingbók 1813–1819, án bls. (22.2.1816).

uðu umsvifalaust að hafa tekið forystusauð prestsins á Völlum og slátrað honum. Þau höfðu verið skilin eftir ein heima um einhvern tíma og að því er virðist ekki með neitt til að borða nema þrjá smáfiska, hann með tvo en hún með einn. Þegar fiskarnir voru búnir tóku þau sauðinn vegna hungurs eftir því sem þau segja sjálf, en sauðurinn hafði verið að þvælast í túninu heima við bæinn hjá þeim. Aðspurður sagðist Skúli ekki hafa komið sér að því að biðja nágrannana um að bjarga þeim með eitthvað matarkyns.¹⁹ Ekki kemur fram hvort eða hvernig börnunum var refsað en samkvæmt reglugerð frá 1789 hefði átt að hýða þau með vendi innan luktra dyra.²⁰ Hreppstjórum var jafnan falið að framfylgja því þegar börn áttu í hlut. Í kjölfar þessa var Skúla og Jóhönnu síðan komið fyrir á öðrum bæjum í sveitinni.

Mjög áberandi er að langflestir sakborninganna játuðu brot sitt strax og án allra undanbragða eða í 90% tilvika.²¹ Í öðrum tilvikum kemur það ekki beint fram eða dæmt á líkum. Einnig er áberandi að fólk viðurkenndi fyrir réttinum fátæktina og matarskortinn sem það bjó við. Það má teljast vel skiljanlegt í ljósi þess að neyð átti alltaf að leiða til vægari refsingar. Hins vegar er umhugsunarvert hvers vegna fólk leitaði sér ekki þeirrar hjálpar sem samfélagið bauð upp á, þ.e. að segja sig á sveit eða fá fátækraaðstoð, áður en það greip til þess óyndisúrræðis að stela sér til matar. Það virðist hafa verið algert neyðarúrræði. Börnin Skúli og Jóhanna höfðu ekki einu sinni komið sér að því að biðja nágrannana um hjálp. Ekki var heldur alltaf þá hjálp að fá sem þó var lögboðin, einkum á hallæristímum, eins og dæmin um flakkarana tvo frá tímum Skaft-áreldanna sýna.

Þá er það mjög áberandi í gegnum allt tímabilið að nánast aldrei var um endurtekin brot sakamanna að ræða, þ.e. sami einstaklingur var aldrei tekinn tvisvar fyrir sauðapjófnað. Einungis örfá dæmi voru um að viðkomandi hafi verið uppvis að „hvinnsku-stuldi“ eða smáþjófnaði áður.²² Í þessu samhengi verður þó að hafa

¹⁹ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/6–2. Dóma- og þingbók 1835–1838, bls. 195–204. (9.6.1837).

²⁰ *Lovsamling for Island V*, bls. 578. (Forordning ang. Straffe for Tyve og Hælere, 20.2.1789). Ákvæðið náði til barna á aldrinum 10–15 ára.

²¹ Sjá lista yfir sakborninga: JÞG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 21–24.

²² T.d. drengirnir Sigurður Magnússon (5.5.1697) og Jón Sigurðsson (26.10.1750). Illugi Bjarnason var sá eini sem tekinn var tvisvar fyrir sauðapjófnað eða meðvitund í sauðapjófnaði. Hvinnska: hnupl eða smáþjófnaður, ef þýfi nam minna en eyri (6 álnum) var talað um hvinnsku.

í huga að sauðþjófnaður taldist stórþjófnaður og refsing var mun harðari við annað eða þriðja brot, oftast ævilangt fangelsi.²³

Refsingar og málsbætur – viðhorf yfirvalda

Um viðhorf yfirvalda má spá nokkuð í út frá þyngd refsingar og málsbótum sem viðkomandi sakamanni voru virtar til refsilækkunar. Þegar refsingar eru skoðaðar vekur strax athygli að einungis er eitt dæmi um húðlátsrefsingu og ævilangt fangelsi sem var alla jafna sú refsingin sem gert var ráð fyrir, fyrir búfjárþjófnað framinn í fyrsta sinn.²⁴ Oftast voru þetta húðlátsrefsingar, gjarnan 27 vandarhögg, og 2 x 27 eða 3 x 27 vandarhögg. Eða fangelsi í tvö til fimm ár meðan tukthússins á Arnarhóli naut við.²⁵

Almennt virðast sýslumenn Eyjafjarðarsýslu ekki hafa kveðið upp mjög harða dóma. Miklu frekar virðast þeir hafa leitað eftir ástæðum sem þeir gátu notað viðkomandi sakamanni til refsilækkunar. Neyð var alltaf virt til refsilækkunar. Þá má nefna ástæður eins og ungan aldur og skýlausar játningar. Einnig er þess gjarnan getið að „gott orð“ fari af viðkomandi og honum virt það til refsilækkunar. Lítum á nokkur dæmi.

Árið 1812 varð Benjamín Ketilsson, vinnupiltur á Myrká í Hörgárdal, uppvís að þjófnaði á einum sauð sem hafði slæðst með kvíaánum á bænum. Benjamín, sem þá var 19 ára gamall, slátraði sauðnum í laumi en athugaði ekki að gæta þess að kjöt og slátur fyndust ekki svo að fljótlega komst upp um málið. Sauðinn átti Halldór Jónsson á Búðarnesi, næsta bæ við Myrká. Gunnlaugi Briem sýslumanni þótti Benjamín hafa staðið heldur klaufalega að verki og taldi hann ekki efni í stórþjóf eins og orðatiltæki hans við dómsuppkvaðningu ber með sér: „Sá kann ekki að stela sem ekki kann að fela.“ Ungan aldur og klaufaskapinn virti sýslumaður Benjamín til refsilækkunar og dæmdi hann eins og um smáþjófnað hefði verið að ræða, 20 vandarhögg. Í dómnum kemur einnig fram að sýslumaður telji að ekki beri að líta á refsinguna sem hefnd,

²³ Sbr. *Lovsamling for Island III*, bls. 96–98. (Forordning ang. kagströgne Delinquenter, 19.11.1751); *Lovsamling for Island V*, bls. 576–579. (Forordning ang. Straffe for Tyve og Hælere, 20.2.1789).

²⁴ Það var Jón Jónsson í Ytri-Haga sem fékk þann dóm árið 1804, sbr. hér ofar.

²⁵ JÞG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 21–24. Um refsingar fyrir þjófnað á tímabilinu, sjá: Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálu,“ bls. 67–68, 70–74.

heldur sé hún til þess ætluð að gera afbrotamanninn að betri manni.²⁶

Annað athyglisvert viðhorf frá sýslumanns hendi má einnig sjá í þessum sama dómi. Fram kemur að hreppsþúar höfðu ekki fylgt nógu vel eftir þeirri reglu að láta reka allt geldfé á fjall, sauðurinn hefði að réttu átt að vera á fjalli en ekki að þvælast í haganum með kvíaánum. „Tækifærisins tilvera“ hafi því einnig átt nokkurn þátt í þessum glæp, að hans mati.

Svipað sjónarmið má sjá við önnur réttarhöld fjórum árum síðar en þá hafði Sigurður Jakobsson bóndi á Króksstöðum í Öngulstaðahreppi afmarkað tvö lömb sem höfðu komið sjálfkrafa saman við hans lömb. Sigurður var bláfátækur og bjó við þröngan kost og taldi rétturinn, bæði í tilliti til þess og „nálægðar þess stolna“, að lækka mætti refsingu Sigurðar. Einnig þóttu „aðferðir hans, æfingar og fimleikar“ í sökinni ekki gefa til kynna „mjög sterka þjófnaðar tilhneigingu.“²⁷

Annars konar viðhorf má þó líka finna. Áður en dómurinn yfir Jóni Jónssyni í Ytri-Haga, sem minnst var á hér að framan (sá sem hlaut ævilanga tukhúsvist í Kaupmannahöfn), var kveðinn upp var þess getið að uppeldi hans hafi ekki verið gott, hann byggji við bágindi og bjargarskort, freistingin hefði verið mikil og gott orð fór af honum. Samt treysti dómurinn sér ekki til þess að taka tillit til þess þar sem sauðþjófnaður væri „hér einkum í bágri tíð mjög tíðkaður“ og raski „í mesta lagi eignar rólegheitum bænda, þar þessar skepnur hafa og eiga að hafa sömu friðhelgi í haganum, sem húsunum.“²⁸ Það var Sigurður Snorrason aðstoðarsýslumaður sem kvað upp þann dóm í árslok 1804.²⁹

Samt má segja að sýslumenn í Eyjafjarðarsýslu hafi yfirleitt leitað mjög samviskusamlega eftir ástæðum sem mætti virða viðkomandi sakamanni til refsilækkunar og varla kom fyrir að þeir sendu menn í ævilangt fangelsi. Svipunni var beitt miklu oft, af mismikilli hörku þó, eða sakamenn sendir í tukhús í tvö til fimm ár. Magnús Stephensen dómstjóri í Landsyfirréttinum (1800–1833)

²⁶ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–4. Dóma- og þingbók 1809–1813, án bls. (11.9.1812). Nánar má lesa um mál Benjamíns í *Súlum* frá 2011: Bernharð Haraldsson, „Sauðþjófnaðir á Myrká í Hörgárdal – Fyrri hluti“, bls. 71–81.

²⁷ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/4–1. Dóma- og þingbók 1813–1819, án bls. (6.3.1816).

²⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–3. Dóma- og þingbók 1802–1809, bls. 125. (15.12.1804).

²⁹ Sigurður Snorrason var aðstoðarmaður Jóns Jakobssonar sýslumanns 1803–1805 og settur sýslumaður í Eyjafirði í framhaldi þar til Gunnlaugur Briem tók við sýslunni haustið 1806.

og upplýsingarmaður í húð og hár var talsmaður þess að refsingar yrðu mildaðar og vildi ávallt taka tillit til þess ef glæpir voru framdir í neyð. Ekki er laust við að margir dómar Gunnlaugs Briems sýslumanns séu nokkuð í anda Magnúsar.³⁰

Félagslegt taumhald – þjófnaður eftir svæðum

Félagslegt taumhald er hugtak sem beinist að því hvernig lögum og reglum var framfylgt í samfélagi þar sem engin lögregla var til staðar. Formlegt félagslegt taumhald beindist að því hvernig formlegum lögum og reglugerðum var framfylgt í samfélaginu og var einkum falið hreppstjórum og prestum. Í óformlegu félagslegu taumhaldi fólst eftirlit einstaklinganna hvers með öðrum í nánasta umhverfi þeirra og beindist jafnt að skráðum sem óskráðum lögum og reglum.³¹ Mjög forvitnilegt reyndist að skoða hvar flest sauðabjófnaðarmálin komu upp, með tilliti til nálægðar og aðgengis að yfirvaldinu. Skipti máli að búa í nálægð við sýslumann? Hvernig komst upp um sauðabjófnaðinn? Hversu virkur var almenningur að láta yfirvöld vita? Hvað vissu nágrannarnir hver um annan og voru þeir tilbúnir að segja frá?

Langoftast voru það eigendur horfinna sauðkinda sem létu sýslumann vita um hvarf þeirra og hvern þeir höfðu grunaðan. Framan af tímabilinu komu þeir fram með tilkynningu sína á hinum árlegu manntals- og héraðsþingum. Um miðja 18. öld ber meira á því að eigendur séu búnir að láta sýslumann vita nokkrum dögum fyrir þing.³² Það er ekki fyrr en komið er fram á 19. öld að hreppstjórar tilkynna málið til sýslumanns frekar en eigendur kindanna og þá er orðið meira um að tilkynning sé skrifleg. Hér gættir án efa áhrifa frá reglugerðinni um störf og hlutverk hreppstjóra frá árinu 1809 en með henni óx lögregluhlutverk þeirra til muna.³³ Í byrjun 19. aldar er orðið miklu algengara að sýslumaður setji aukabing til að rannsaka málið. Það var gert í öllum tilfellum

³⁰ Um Magnús Stephensen og skoðanir hans á refsirétti, sjá: Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamáli“, bls. 85–88. Magnús hafði einnig mikil afskipti af löggjöf og lagasetningu í landinu á þessum tíma. Gunnlaugur Briem var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu 1805–1834.

³¹ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Því dæmist rétt að vera*, bls. 13–14, 71.

³² Sjá t.d.: *ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–2*. Dóma- og þingbók 1742–1753, bls. 81r–83r. (16.11.1748). Eigandi hafði tilkynnt um málið til sýslumanns 10 dögum fyrir þing.

³³ *Lovsamling for Island VII*, bls. 305–340. (Instruction for Repstyrerne i Island, 24.11.1809).

eftir aldamótin 1800 en reglugerðin frá 1796 kvað einmitt á um að slíkt skyldi gert.³⁴ Annað sem vekur athygli er hve oft þingin voru haldin á heimili sýslumanns en ekki á þinghaldsstað viðkomandi hrepps. Mjög áberandi er hve oft Þórarinn Jónsson hefur sett þing á heimili sínu, Grund í Eyjafirði, en hann tók við sýslumannsembætti 1748. Sama á við um þá sýslumenn sem á eftir honum komu, Jón Jakobsson á Espihóli í Hrafnagilshreppi 1768–1805 og Gunnlaug Briem, fyrst á Kjarna 1806–1815 en lengst af á Grund 1815–1834.³⁵

Í ljósi þessa og þess hve eigendur horfnu kindanna fóru oft til sýslumanns sjálfir og tilkynntu honum um þjófnaðinn er fróðlegt að skoða hvar flest sauðþjófnaðarmálin komu upp.


Meðan heimili sýslumanns var á Möðruvöllum (1696–1721) er mjög áberandi hvað mörg mál komu upp í Glæsibæjarhreppi, þ.e. í nágrenni sýslumanns (bæirnir merktir með gráu kössunum á mynd 2). Einungis eitt mál kom til kasta yfirvalda 1728–1748, í tíð Jóns Jónssonar sýslumanns en hann bjó utan sýslu, á Grenivík.³⁶ En eftir að aðsetur sýslumanns færðist innar í Eyjafjörð 1748, ýmist að Grund, Espihóli eða Kjarna, urðu sauðþjófnaðarmál algengari þar í kring (svörtu punktarnir á mynd 2). Ákaflega fá mál komu upp í Ólafsfirði og engin í Siglufirði. Ekki er ástæða til að ætla að íbúar þar hafi verið heiðarlegri en annars staðar, heldur er mun sennilegra að ekki hafi komist upp um málin og því eru engar heimildir til um þau. Það má svo kannski segja að það sé galli á rannsókninni að ekki er tekið tillit til annarra þjófnaða. Eðlilega var mun meiri sjávarútvegur stundaður í kringum Siglufjörð og Ólafsfjörð heldur en inni í Eyjafirði og því ýmsu öðru að stela þar. Samt sem áður má ætla að nálægð við sýslumann sé veigamikill þáttur í þessu öllu. Ekkert gamanmál var að fara langar vegalengdir í veglausu landi, hvort heldur var að vetri í ófærð og frosthörkum eða um hábjargræðistímamann á sumrin. Venjulega fór sýslumaður ekki til Siglufjarðar og Ólafsfjarðar nema einu sinni á ári, á vorin til að halda manntalsþingin. Tiltölulega fá mál komu upp í Svarfaðardal, samt var hann langfjölmennasti hreppur sýslunnar á

³⁴ *Lovsamling for Island* VI, bls. 232–249. (Forordnig ang. Rettens vedbørlige og hurtige Pleie, 3.6.1796).

³⁵ Þinghaldsstaðir við dómsuppkvaðningu, sjá: JÞG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 38–41.

³⁶ Ásláksstaðakot í Hvammshreppi. Málið látið niður falla. ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–1. Dóma- og þingbók 1728–1742, bls. 76–80. (16.5.1730).

Mynd 2. Dreifing sauðahjófnaðarmála innan Eyjafjarðarsýslu 1697–1838.



Þessum tíma. Reiknað í þjófnað á hverja 100 íbúa miðað við manntalið 1703 var hlutfallið hæst í Glæsibæjarhreppi eða 1,9. Í hreppunum inni í Eyjafirði, þ.e. Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahreppum, var hlutfallið um 1,4 á hverja 100 íbúa en ekki nema 0,7 í Svarfaðardalnum.³⁷

³⁷ Sjá: JÞG, „Sá kann ekki að stela,“ bls. 36.

Óformlegt félagslegt taumhald – hvað vissu nágrannarnir?

Við athugun á óformlegu félagslegu taumhaldi var fyrst leitað eftir því hvernig hefði komist upp um málin. Hvað varð til þess að rannsókn hófst? Um þetta atriði eru heimildir reyndar mjög þögular framan af tímabilinu. Ekki hefur þótt ástæða til að færa slíkt til bókar. Það er fyrst 1748 sem kemur fram að eigandi hafi fengið „njósn“ um málið og látið sýslumann vita.³⁸ Tveimur árum síðar kemur fram að rannsókn hafi hafist eftir að hræ hafði fundist dysjað í jörðu þegar menn voru í lambagöngum. Þá tilkynnti eigandi kindarinnar einnig um málið.³⁹ Jafnframt var mjög algengt að sýslumaður hæfi rannsókn máls eftir að leit hafði farið fram í hreppnum, á einum eða fleiri bæjum. Talað var um að gera þjófa-leit.

Í janúarbyrjun 1757 var gerð leit hjá Jóni Jónssyni á Hóli í Öngulstaðahreppi. Að leitinni stóð Einar Bessason á Hranastöðum í Hrafnagilshreppi ásamt þremur öðrum mönnum eftir að ein ær hafði horfið úr fjárhúsinu hjá honum að nóttu til skömmu áður. Ærin fannst í híbýlum hjá Jóni á Hóli, svoleiðis á sig komin, „að hafi verið slátruð, kjötið niðurhöggið í kvartel, gæran rökuð, klippingurinn skertur og af honum skornir útnárarnir allt í kring, lausungin með sviðunum hafi verið fargað og nokkuð af skammrifunum hafi verið í potti yfir eldi þá þar komu.“⁴⁰ Í framhaldi af kjötfundinum var Jón færður til sýslumanns og daginn eftir var sett aukahéraðsþing að Grund í Eyjafirði þar sem mál Jóns var tekið til meðferðar. Varla er hægt að gera ráð fyrir að Einar hafi þekkt ána sína í því ástandi sem hér var lýst. Samt játaði Jón strax fyrir leitarmönnum að kjötið væri af kind Einars. Svo virðist sem ekki hafi hvarflað að Jóni að þræta fyrir það. Enda kom fyrir að nóg væri að fátækir bændur ættu nóg af kjöti til að þeir yrðu grunnadir um þjófnað.⁴¹ Leitarmenn virðast hafa haft einhverja hugmynd um hvað væri eðlilegt að Jón ætti mikið af kjöti.

Hinn 25. september 1784 voru hjónin Guðmundur Grímsson og Guðný Jónsdóttir í Syðri-Villingadal í Saurbæjarhreppi, ásamt

³⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–2. Dóma- og þingbók 1742–1753, bls. 81r-83r. (16.11.1748).

³⁹ Sama heimild, bls. 109v-110v. (26.10.1750).

⁴⁰ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–3. Dóma- og þingbók 1740–1768, án bls. (11.1.1757).

⁴¹ Dæmi um slíkt kom upp í Gullbringusýslu árið 1813. Sjá: Christina Folke Ax. „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar,“ bls. 69–73.

Þorsteini Jónssyni á Úlfsá, dæmd fyrir að hafa stolið fjórum lömbum af Leyningsdal þá um sumarið. Ólafur á Ytri-Villingadal var kallaður til og hann spurður hvað hann vissi um málið. Hann kvaðst hafa haft grunsemdir um þjófnað Guðmundar og Þorsteins, „síðan þar hafi rokið ólíkindalega stundum, og Þorsteinn hafi lagt leiðir sínar að Villingadal í sumar, og verið þar um slóðir seint og snemma.“⁴² Ólafur hefur greinilega verið mjög vakandi yfir því sem var að gerast í kringum hann og nóg að nágranni hans hefði eitthvað að setja í pottana til þess að hann færi að gruna hann um þjófnað. Að auki hafa tíðar gestakomur vakið enn frekari grunsemdir hjá honum. Þetta var á harðindaárinu 1784 og svo virðist sem Ólafi hafi þótt óeðlilegt hve oft Guðmundur og Guðný gátu eldað sér mat.

Einu hvernu tíma um veturinn 1829–1830 var kominn orðrómur á sveim um að Grímólfur Gunnlaugsson á Sílastöðum í Kræklingahlíð væri valdur að hvarfi nokkurra kinda þar í sveit. Orðrómurinn virðist hafa átt upptök hjá Gísla Ólafssyni, 13 ára stjúpsyni Grímólfs. Í kjölfar orðrómsins fékk hreppstjóri, Jón Jónsson í Lögmannshlíð, Grímólf til að játa verknaðinn fyrir sér og tilkynnti um málið til sýslumanns þann 27. janúar 1830.⁴³ Ekkert skal fullyrt um hvernig Jón fékk Grímólf til að játa en um það gekk samt dálítill saga í sveitinni sem höfð var eftir nágrönnum Grímólfs við yfirheyrslur í rannsókn málsins. Jón hreppstjóri í Lögmannshlíð þótti einkar laginn að veiða upp úr mönnum það sem hann vildi vita. Eitt sinn er Grímólfur var gestkomandi á heimili Jóns, bar Jón þjófnaðinn upp á hann en Grímólfur neitaði. Þá á Jón að hafa sagt: „að annað eins væri hægt að fá að vita, það þyrfti ekki nema að kríta staf á kistulok og láta nokkurn á setjast, þá ef sá þjófur væri, gæti sá hinn sami ekki uppstaðið heldur yrði hann fastur við kistuna.“⁴⁴ Síðan bauð Jón honum að setjast en Grímólfur vildi ekki þiggja, frekar játaði hann að hafa stolið tveimur lömbum sem höfðu verið í eigu hreppstjórans sjálfs. Rannsókn málsins hófst 1. febrúar en deginum áður hafði sýslumaður látið færa stjúpsoninn Gísla Ólafsson af heimilinu, samkvæmt hans eigin ósk, eftir ráðfærslu við prest og hreppstjóra.⁴⁵ Grímólfur og Guðrún Jónsdóttir,

⁴² ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/2–5. Dóma- og þingbók 1771–1788, án bls. (25.9.1784).

⁴³ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/5–2. Dóma- og þingbók 1827–1831, bls. 251. (1.2.1830).

⁴⁴ Sama heimild, bls. 260. (19.2.1830).

⁴⁵ Sama heimild, bls. 256. (1.2.1830).

kona hans voru síðan dæmd á vordögum fyrir að hafa stolið 12 kindum og fengu hýðingu fyrir.⁴⁶

Það voru þó ekki eingöngu bændur og hreppstjórar sem önnuð-ust eftirlit með misferli innan sveitar. Húsfreyjur og vinnukonur koma líka við sögu ásamt prestum og jafnvel börnum eins og dæmið um Gísla Ólafsson stjúpson Grímólfs sýnir. Þá má nefna Arnþóru Ólafsdóttur, vinnukonu á Hrappstöðum í Kræklingahlíð, en hún fór sjálf til sýslumanns árið 1836 og tilkynnti um stuld húsbónda síns, Ólafs Sigurðssonar.⁴⁷

Ekki reyndist grunur sveitunganna alltaf á rökum reistur. Á vordögum 1812 var Oddný Bjarnadóttir, húsmóðir í Skjaldarvík, farin að gruna Hálfdán Sigurðsson bónda á Garðshorni um sauðabjófnað. Upphaf málsins mátti rekja til þess að Hálfdán hafði tekið frá henni ól og í þriðja sinn sem hún spurði eftir henni játaði hann og skilaði ólinni. Af því tilefni reyndi Oddný að veiða upp úr honum hvort hann hefði einnig tekið kindur frá fólki. Hálfdán játaði því ekki beint en gaf samt skýrt og greinilega í skyn við hana að svo hefði verið. Þá fór Oddný til prestsins að Glæsibæ og lét hann vita og prestur tilkynnti um málið til sýslumanns. Í framhaldi var sett aukabætur að Lögmanshlíð, þar neitaði Hálfdán hins vegar öllum sakargiftum og sagðist bara hafa verið að gera að „gamni“ sínu við Oddnýju. Framburður Hálfdáns þótti trúlegur og hann var sýknaður af þessari ákæru en áminntur „að leggja ei soddan í vana sinn, þar þaraf innretast kynni fyrir vanann virkileg þjófs náttúra og verknaður.“⁴⁸ Eru þetta allt dæmi um hve allir íbúar voru virkir í eftirliti hver með öðrum og voru tilbúnir að segja frá við réttarhöld.

Hjónin á Strjúgsá

Fyrir kom að sumir sættu meira eftirliti en aðrir. Hjónin Ásmundur Sigurðsson og Margrét Halldórsdóttir voru orðin jarðnæðislaus vorið 1813. Þá voru þau með fimm börn á framfæri sínu, Ásmund 14 ára, Snjólaugu 12 ára, Margréti 7 ára, Stefán 5 ára og Sigmund á öðru ári. Auk þess áttu þau einn uppkominn son, Bárð um

⁴⁶ Sama heimild, bls. 314. (6.5.1830).

⁴⁷ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/6–2. Dóma- og þingbók 1835–1838, bls.117. (15.10.1836). Við yfirheyrslur er Ólafur sagður Jónsson en við dómsuppkvaðningu Sigurðsson og mun það rétt samkvæmt manntalinu 1835. Vef: Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. Manntalið 1835. <http://manntal.is/>.

⁴⁸ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–4. Dóma- og þingbók 1809–1813, án bls. (11.5.1812).

tvítugsaldur.⁴⁹ Þau áttu sveitfesti í Saurbæjarhreppi en þar sem þeim var „hvörgi til búhokurs fyrirkomid“ innan sveitarinnar var gripið til þess ráðs að byggja þeim jörðina Strjúgsá (Þrúgsá) svo að fjölskyldan lenti ekki á framfæri sveitarinnar. Það orsakaði strax í upphafi kurr meðal sveitarmanna vegna þess hve jörðin lá nærri afréttinum, „svo nærri að búsmali hennar og afréttarfénu ei verður fráhaldið hvað öðru.“⁵⁰ Þeim var samt byggð jörðin vegna þess að önnur úrræði fundust ekki. En vegna legu bæjarins langt inni í af-dal voru þeim gefnar meiri gætur en ella og fljótlega kom upp orðrómur í sveitinni um þeirra „ófrómleika.“ Engin vitni fengust þó til að staðfesta það í bili.

Tveimur árum síðar réðst Snjólaug, elsta dóttir hjónanna, í vist að Kambfelli í Saurbæjarhreppi. Eftir að hún hafði dvalið þar í um ár lét hún „á sér merkja ófróma háttsemi í hennar foreldra-húsum í tilliti til sauðkinda“ var haft eftir húsbónda hennar, Sigurði Ólafssyni á Kambfelli.⁵¹ Ekki er ástæða til að ætla að Snjólaug hafi látið þetta í ljós að eigin frumkvæði og vilja. Miklu frekar má ætla að nokkuð hafi verið gengið á hana að viðurkenna eitt-hvað misjafnt um foreldra sína eftir umtalinu í sveitinni að dæma. Húsbóndi hennar sagði hana ekki alltaf segja satt og réttur-inn áleit hana litla og aumlega að sjá, „ei stærri en 12 vetra ung-lingur.“ Þá var hún orðin 15 ára gömul. Í framhaldi af þessari uppákomu mættu hreppstjórar og yfirheyrðu hana nánar og skýrði hún þá frá að foreldrar hennar hefðu tekið fjórar kindur ófrjálstri hendi.⁵²

Vorið 1816 var heimilisfólkinu á Strjúgsá stefnt til sýslumanns að Grund til yfirheyrslna og upplýsingar í málinu.⁵³ Einhverra hluta vegna var réttarhöldunum frestað fram á haust en þá var kominn upp orðrómur um að heimilisfólkið á Strjúgsá hefði stolið allt að sjö kindum. Hinn 30. ágúst var réttur settur aftur og Bárður Stefánsson í Stóradal ásamt fleirum kallaður til. Bárður minntist þess við yfirheyrslur að hafa séð höfuð af lambi í höndunum á Sig-mundi syni hjónanna á Strjúgsá í eitt sinn þegar hann kom þar að

⁴⁹ Fjöldi og aldur barnanna er samkvæmt manntalinu 1816. *Manntal á Íslandi 1816*, bls. 958.

⁵⁰ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/4-1. Dóma- og þingbók 1813-1819, án bls. (31.8.1816).

⁵¹ Sama heimild, (31.8.1816). Sjá einnig yfirheyrslur yfir húsbónda hennar 30.8.1816.

⁵² Sama heimild, (30.8.1816).

⁵³ Sama heimild, (17.5.1816).

haustinu áður. „Höfuðið var af hrútlambi og hvítt var höfuðið, ei var markið neitt frábrugðið, hvörki bragð yfir né að neitt brysti, það er annars stíft vinstra og biti framan hægra.“⁵⁴ Markið átti Vigfús í Litladal. Þetta kann okkur nútímafólki ef til vill að finnast furðu gott minni en fleiri slík dæmi má finna í dómabókunum.⁵⁵ Á þessum tíma kunni fólk fjölmörg fjármörk utan að og þekkti kindur sínar og nággranna sinna vel. Upp úr dúrnum kom síðan að Vigfús í Litladal hafði gefið eða selt Þórönnu vinnukonu sinni eitt hrútlamb þá um haustið og hún selt hjónunum á Strjúgsá slátrið og sviðin af því.⁵⁶ Við yfirheyrslur játuðu Margrét og Ásmundur sonur hennar engu að síður að hafa stolið einni kind sem presturinn séra Sigurður á Saurbæ átti og fengu að líða 3 x 27 vandarhögg hvort fyrir tiltækið.⁵⁷ Ásmundur Sigurðsson, húsbóndinn á heimilinu, reyndist ekki hafa vitað af þessari kindatöku.⁵⁸

Eins og sjá má af dæmi þessu var almenningar mjög vökull yfir næsta nágrenni sínu og lagði sitt af mörkum til að upplýsa mál og koma í veg fyrir þjófnað á sauðfé ef minnsta ástæða þótti til að ætla eitthvað misjafnt.

Vinnufólk – kjör og aðstæður

Mjög fá dæmi fundust í dómabókunum um vinnufólk sem staðið var að sauðþjófnaði, sérstaklega á 18. öldinni. Í húsaगतilskipuninni frá 1746, sem var nokkurs konar vinnulöggjöf þess tíma, var kveðið á um ýmis réttindi og skyldur vinnuhjúa og húsbænda. Húsaaginn hefur verið túlkaður þannig að hann veitti húsbændum svipaðan rétt yfir vinnuhjúum sínum og foreldrar höfðu yfir börnum sínum hvað varðar hlýðni og aga. Á móti bar húsbændum að halda hjú sín í mat, greiða þeim kaup og bera ábyrgð á þeim að ýmsu öðru leyti líkt og börnum sínum.⁵⁹ Lítum á dæmi um hvernig kjör og aðstæður vinnufólks birtist í dómabókunum.

Tvö mál sem tengjast vinnuönnnum komu upp um aldamótin 1700. Þá voru þeir Illugi, vinnupiltur í Glæsibæ og Símon, vinnumaður prestsins á Kvíabekki í Ólafsfirði, dæmdir fyrir að drepa

⁵⁴ Sama heimild, (30.8.1816).

⁵⁵ Sjá t.d. mál Jasonar Guðmundssonar: *ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/6–2*. Dóma- og þingbók 1835–1838, bls. 6–10, 52–57. (17.10.1835, 14.3.1836).

⁵⁶ *ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/4–1*. Dóma- og þingbók 1813–1819, án bls. (30.8.1816).

⁵⁷ Sama heimild, (31.8.1816).

⁵⁸ Sama heimild, (17.5.1816).

⁵⁹ Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*, bls. 15.

hvor sína ána. Símon var sagður „langsamlega illa kynntur“ og var hýddur og Illugi fékk brennimark á kinnina og báðir síðan reknir til sinnar heimasveitar.⁶⁰ Hvað um þá varð svo er ekki vitað. Eftir þetta er ekki fleiri vinnuhjú að finna í dómabókunum fyrr en á 19. öld. Er það umhugsunarvert í ljósi þess hve flakkarar og alls kyns óknyttadrengir voru algengir á harðindatímabilunum á 18. öld. Þetta hljóta mesta að vera ungir menn sem ekki fengu vist neins staðar, þ.e. einfaldlega atvinnulausir og áttu í engin hús að venda. Þeir voru allra manna fyrst reknir út á guð og gaddinn eins og sagt er.

Næsta dæmi um vinnufólk kemur ekki fram fyrr en árið 1812. Það var Benjamín Ketilsson, vinnupiltur á Myrká sem minnst var á hér að framan. Hann hafði drepit eina á frá bóndanum á næsta bæ síðsumars 1812 og staðið heldur klaufalega að verki. Við yfirheyrslur kom einnig fram að Benjamín hafi átt það til að hnupla frá aðkomufólki en hann væri nú búinn að játa það og húsbóndi hans hefði bætt þjófnaðinn. Séra Jón Jónsson, húsbóndi Benjamíns tók það sérstaklega fram að Benjamín hefði ekki stolið frá sér eða öðru heimilisfólki.⁶¹ Hér tekur séra Jón alla ábyrgð á gerðum vinnupilts síns eins og honum bar samkvæmt ofangreindri túlkun húsagatilskipunarinnar.

Eitt mál sker sig úr hvað varðar þátt vinnuhjúa í sauðapjófnaði. Á vordögum árið 1815 komst upp um eitt allra stærsta málið á öllu tímabilinu. Aftur var það á heimili prestsins á Myrká, séra Jóns Jónssonar. Að þjófnaðinum stóðu þeir Magnús Þórðarson og Jóhannes Jónsson, vinnumenn ásamt vinnukonunum, Helgu Jónsdóttur, Sæunni, Björgu og Sesselju Matthíasdætrum, en þau náðu að stela alls 24 kindum og sauðum á tveggja ára tímabili áður en upp um þau komst. Öll báru þau fyrir sig sult og hungur við yfirheyrslur.⁶² Fljótlega vaknaði upp grunur um að prestur hefði ekki verið að gefa fólki sínu nóg að borða eins og ráð var fyrir gert samkvæmt lögum og reglum. Yfirheyrslur urðu mjög ítarlegar þar sem fólk var m.a. látið lýsa mataræðinu á bænum sem lyktaði með því að séra Jón var dæmdur til að greiða 20 álna sekt til hreppskassans fyrir vanrækslu á heimili sínu. Magnús og Jóhannes voru

⁶⁰ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–3. Dóma- og þingbók 1694–1701, bls. 166–167. (10.3.1699); GA/1–4. Dóma- og þingbók 1699–1707, án bls. (19.8.1701).

⁶¹ ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/3–4. Dóma- og þingbók 1809–1813, án bls. (3.9.1812).

⁶² ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/4–1. Dóma- og þingbók 1813–1819, án bls. (17.5.1815).

dæmdir til fimm ára tukthúsvistar en vinnukonurnar fengu níu mánuða til eins árs tukthúsvist sem „meðvitendur þjófnaðar.“⁶³

Við yfirheyrslur í þessu máli er líka mjög áhugavert að sjá hvað vinnumennirnir, þeir Magnús og Jóhannes, voru skipulagðir og þekktu kindur nágrannanna vel. Þeir tóku eingöngu sauði og geldfé sem slæddist í kvíarnar á kvöldin frá nágrannabæjunum og slátruðu þeim inni í fjárhúsi á nóttunni. Þeir vissu upp á hárfyrir átti hvaða kind og hvenær þeir tóku þær. Og ekki er að sjá annað en þeir hafi þekkt öll fjármörk í sveitinni en flestar kindanna sem þeir tóku átti amtmaðurinn á Möðruvöllum eða níu af þessum 24 kindum. Vinnukonurnar suðu fyrir þá kjötið og neyttu með þeim. Kjötið elduðu þær í eldhúsinu á heimili sínu á nóttunni, um slátt og eftir hann.

Í þessu máli koma fram nokkur atriði sem eru umhugsunarverð. Vinnuhjúin fengu minni matarskammt en þeim bar. Því má líkja við að í dag fái verkamenn borguð lægri laun en taxtar kveða á um. Hvers vegna létu þau ekki vita að húsbóndi þeirra skammtaði mat of naumt? Lögum samkvæmt hefðu þau getað leitað til hreppstjóra eða sýslumanns. Landsyfírréttur metur vanrækslu prestsins ekki sannaða og telur að þau hafi ekki getað afsakað sig með of litlum matarskammti þar sem þau hefðu ekki kvartað til hreppstjóra eða yfirvalda.⁶⁴ Þorðu þau því kannski ekki af ótta við húsbónda sinn? Var algengt að vinnufólk fengi of lítið að borða? Olli það ekki hneyksli ef slíkt komst upp? Var erfiðara fyrir eignalítið eða eignalaust vinnufólk að leita réttar síns en fyrir þá sem áttu meira undir sér? Fannst strákunum frekar í lagi að stela frá þeim vel efnuðu? Nokkuð bíræfið verður þó að teljast að stela í stórum stíl frá sjálfum amtmanni, einum æðsta yfirmanni dómsmála í landinu. Einnig voguðu þeir sér að taka sauðfé sem var í eigu húsbónda þeirra. Fannst þeim það í lagi af því hann mældi ekki út réttan matarskammt? Omögulegt er að fullyrða neitt um það nú. Því verður ekki gerð tilraun til að leita svara við þessum spurningum að sinni, heldur er þeim varpað fram hér til umhugsunar um þau kjör og aðstæður sem vinnufólk bjó við fyrir á öldum.

63 Sama heimild, (15.6.1815). Nánar má lesa um mál Magnúsar og vinnuhjúanna á Myrká í *Súlum* frá 2012: Bernharð Haraldsson, „Sauðþjófnaðir á Myrká í Hörgárdal – Síðari hluti,“ bls. 28–44.

64 *Landsyfírréttardómar og hestaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873*. II, bls. 8.

Niðurlag

Hér hefur vonandi tekist að sýna að fjölmargt má lesa út úr dómum í sauðþjófnaðarmálum um íslenska samfélagsgerð fyrir á öldum. Fullvíst má telja að orsakir afbrotanna megi einkum rekja til harðinda, fátæktar og hungurs. Áberandi er hvað sauðþjófnaðarmálum fjölgaði mikið þegar harðindi gengu yfir landið. Flestir sauðþjófarnir voru fátækir bændur sem stálu frá nágrönnum sínum þegar tækifæri gafst. Þannig var mest um svokallaða neyðarþjófnaði og tækifærisþjófnaði að ræða.

Yfirleitt litu sýslumenn í Eyjafjarðarsýslu til þeirra aðstæðna sem þetta fátæka alþýðufólk bjó við og tóku tillit til þess við dómsuppkvaðningu. Mörg dæmi eru þess að sýslumenn hafi dæmt í sauðþjófnaðarmálum eins og um smáþjófnað hefði verið að ræða þótt búfjárþjófnaður hafi ávallt átt að teljast til stórþjófnaðar.

Óhætt er að segja að félagslegt taumhald hafi verið mjög virkt í Eyjafirði á tímabilinu. Nágrannar fylgdust vel hver með öðrum og voru tilbúnir að segja frá við réttarhöld. Þó skipti nálægð við sýslumann verulegu máli um hvort almenningur hafði tók á að tilkynna um þjófnað eða ekki.

Hlutur kvenna í sauðþjófnaði var mun minni en karlanna. Algangara var að þær væru dæmdar fyrir meðvitund og hylmingu. Verkaskipting kynjanna birtist þannig á augljósan hátt í dómabókunum, þar sem karlarnir sáu um slátrunina en konurnar um matreiðsluna. Tiltölulega fá vinnuhjú er að finna í dómabókunum og nánast engin fyrir en árið 1812. Margt bendir til að kjör vinnufólks hafi oft verið bág og á harðindatímum hafi þetta fólk þurft að leggjast í flakk, einkum unga fólk.

Heimildir

Óprentaðar:

ÞÍ. Sýsl. Eyjafj. GA/1–GA/7. Dóma- og þingbækur 1694–1842.

Lbs.-Hbs. Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, „Sá kann ekki að stela sem ekki kann að fela.“ Athugun á sauðþjófnaðarmálum í Eyjafjarðarsýslu 1697–1838. BA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2009. <http://hdl.handle.net/1946/3534>.

Vef. Dómabókagrunnur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://skjalasafn.is/domabokagrunnur>.

Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: <http://manntal.is/>.

Prentaðar:

- Bernharð Haraldsson, „Sauðabjófnaðir á Myrká í Hörgárdal – Fyrri hluti. Mál Benjamíns Ketilssonar árið 1812.“ *Sútur. Norðlenskt tímarit* 37. árg. 50:2011, bls. 71–81.
- Bernharð Haraldsson, „Sauðabjófnaðir á Myrká í Hörgárdal – Síðari hluti. Mál Magnúsar Þórðarsonar og annarra vinnuhjúa árin 1813–1814.“ *Sútur. Norðlenskt tímarit* 38. árg. 51:2012, bls. 28–44.
- Christina Folke Ax, „Menningarmunur á Íslandi í lok 18. aldar.“ *Saga. Tímarit Sögufélags* XL:1 (2002), bls. 63–90.
- Davíð Þór Björgvinsson, „Refsilöggjöf og réttarfar í sakamálum.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir*. Ritstj. Ingi Sigurðsson, Reykjavík 1990, bls. 61–91.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Því dæmist rétt að vera. Afbrot, refsingar og íslenskt samfélag á síðari hluta 19. aldar*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 28. Ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík 1991.
- Guðmundur Jónsson, *Vinnuhjú á 19. öld*. Ritsafn Sagnfræðistofnunar 5. Ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík 1981.
- Hannes Finnsson, *Mannfækkun af hallerum*. Jón Eyþórsson og Jóhannes Nordal sáu um útgáfuna, Reykjavík 1970.
- Landsyfirréttardómar og hestaréttardómar í íslenskum málum 1802–1873 II*. 1815–1824. Reykjavík 1919–1924.
- Lovsamling for Island III.–VII. 1749–1818*. Samlet og udgivet af Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson, København 1854–1857.
- Manntal á Íslandi 1816*. Guðni Jónsson og Jóhann Gunnar Ólafsson sáu um útgáfu, Akureyri og Reykjavík 1947–1974.
- Skaftáreldar 1783–1784. Ritgerðir og heimildir*. Reykjavík 1984.

ÓLAFUR GRÍMUR BJÖRNSSON

Þýðlyndur uppreisnarmaður

IV. Elliár séra Magnúsar Jónssonar á Grenjaðarstað

*Ólafur Grímur Björnsson er fæddur 1944.
Varðandi nánari æviatriði hans sjá Súluur
XXXVIII. árg. 2012, bls. 151.
Þessi lokaþáttur um séra Magnús er fram-
hald greina í Súlum 2011, 2012 og 2014.*



Í þrjá ættliði höfðu forfeður Magnúsar Jónssonar (1809–1889) verið prestar á Norðurlandi. Meðfram preststarfinu stunduðu þeir lækningar. Hugur Magnúsar sjálfs stóð til læknisfræðináms og náttúrufræði eftir útskrift úr Bessastaðaskóla 1832, en til þess naut hann ekki stuðnings föður síns, séra Jóns Jónssonar (1772–1866) á Grenjaðarstað. Árið 1838 var Magnús skikkaður prestur í Grímsey og sat þar í daufri vist á fjórða ár. Þá samdi hann sóknarlýsingu Grímseyjar fyrir Bókmenntafélagið og var fyrstur manna til að gera reglubundnar veðurathuganir í eyjunni. Hann kvæntist Þórvöru Skúladóttur (1810–1872), prests í Múla í Aðaldal, og haustið 1841 fluttu þau úr Grímsey, og séra Magnús varð prestur í Garði í Kelduhverfi. Í Garði fæddust þeim hjónum fimm börn, þrír drengir og tvær stúlkur, sem öll komust til fullorðinsára.

Magnús hafði alizt upp við lækningar föður síns, sem voru umsvifa-
miklar, enda hafði séra Jón konungsleyfi til lækninga. En Magnús gerðist
fráhverfur hefðbundnum lækningum og tók fyrstur manna á Íslandi að
stunda smáskammtalækningar (homöopathy) að erlendri fyrirmynd. Smá-
skammtalækningar þekkti hann eingöngu af bókum, sem hann aflaði sér
erlendis frá. Vinsældir Magnúsar voru orðnar miklar, þegar hann fékk
prestakallið að Ási í Fellum 1852, og þar launuðu bændur honum vel
prests- og læknisverk. Dvöl hans á Héraði stóð hins vegar stutt. Eftir tvö

ár varð hann við kalli föður síns og gerðist aðstoðarprestur hans á Grenjaðarstað með fullri ábyrgð og tók formlega við staðnum að föður sínum látnum árið 1866. Séra Magnús lét endurbyggja kirkjuna og endurbæta staðarhúsin á Grenjaðarstað, sem hvorutveggja var í niðurníðslu. Hróður hans sem smáskammtalæknir barst nú um allt land. Margir urðu til að nema smáskammtalækningar af séra Magnúsi. En lækningar hans ollu líka deilum. Hann átti í deilu við Jón Hjaltalín (1807–1882), landlækni, sem var eindreginn andstæðingur smáskammtalækninga. Magnús hélt samt lækningum sínum áfram, og áratugum saman flutti hann inn smáskammtalyf frá Kaupmannahöfn auk bóka um smáskammtalækningar og margvíslegt annað efni. Í Höfn gat hann reitt sig á fornvinnu sinni með alla fyrirgreiðslu, Magnús Eiríksson (1806–1881), guðfræðingur. Auk þess að vera andófsmaður gegn hefðbundnum lækningum, hafði séra Magnús litla trú á guðfræðikennslu í Prestaskólanum í Reykjavík. Var sjálfur frjálssyndur í trúmálum svo sumum þótti nóg um og hliðhollur trúarskoðunum Magnúsar Eiríkssonar í Kaupmannahöfn (únitarisma). Rit Magnúsar Eiríkssonar átti hann öll. Ekki sendi séra Magnús neinn sona sinna í lærðan skóla, hafði sjálfur blendnar minningar um slíkan skólastað. Séra Magnús aðhylltist nútímamálin og hvatti ungt fólk til að lesa bækur á Norðurlandamálum svo og þýzku og ensku og útvegaði bækur til þess. Séra Magnús var andófsmaður í kennslumálum jafnt sem í heilbrigðismálum og trúmálum á sinn hógværa hátt.

Einn á Grenjaðarstað

Svo snemma sem 1872 velti séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað fyrir sér að segja prestakalli sínu lausu. Umbrot voru með stiftsýfirvöldum og í brauðanefndinni svokallaðri um að breyta prestaköllum í sýslunni. Stungið var upp á því, að Þverársókn (sem heyrði þá undir Grenjaðarstað) sameinaðist Mývatnsþingum með öllum sóknartekjum og prestsmötu frá Þverá, en Einarstaðasókn átti að leggjast til Grenjaðarstaðar. Þótt þetta gæfi 130 rd. meiri tekjur, segist séra Magnús hika, því Einarstaðasókn yrði ferfalt örðugra að þjóna en bæjum Þverársóknar, bæði vegna fjarlægðar og fjölda. Magnúsi óar við að taka aðstoðarprest og íhugar í bréfi til Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, hvort ekki sé betra að segja brauðinu lausu.[1] Nær væri að sameina Lundarbrekku Mývatnsþingum. Ekki yrði ungum prestum ofvaxið að þjóna þeim, séra Jón Austmann hafði sýnt það, svo aldraður sem hann var orðinn. Ljósavatnssókn sameinaðist þá Helgastaðasókn og Þóroddsstaðir Múla. Múlaprestur hefði svo litla heimasókn. Þá ættu auvirðilegar

torfkirkjur í Reykjahlíð og á Þverá að afmást sem fyrst. Þrír fremstu bæir Þverársóknar ættu að leggjast til Skútustaðasóknar, en hinir að sameinast Grenjaðarstað. Þetta þætti Magnúsi gaman að ræða við Jón, næst þegar þeir hittust.

En svo átti ekki eftir að verða. Rúmum mánuði seinna er líf séra Magnúsar breytt. Þórvör Skúladóttir, kona hans, lézt 27. febrúar 1872. Andlát hennar verður því efni næsta bréfs Magnúsar til Jóns á Gautlöndum, dagsetts 5. apríl 1872[2]:



Þórvör Skúladóttir.

„Þú hefir líklega frjett um mótlæti það sem komið er fram við mig og mína í andláti minnar elskul. eiginkonu miðvikudaginn 27. f. m. Rjett í því að jeg var farinn að vona bata, sló konu m. niður um morguninn hinn nefnda dag, er hún eins og tók nýja veiki og það svo ákafa, að hún að afkallandi nóni hinn sama dag var örend.

Ef Guð lofar, er jarðarför áformuð laugardaginn hinn 13. þ.m. – Við hana er mjer kærast að mega sjá góða vini til hluttekningar og samhrygðar í sorg minni, meðal hverra jeg tel þig fyrstan og Pjetur mág þinn í Reykjahlíð, ásamt konum ykkar, ef færð veðrátta og aðrir hentugleikar ekki verða því til fyrirstöðu.

Af því jeg fæ beina ferð í þessari svipan fram í Ljótstaði en kemst ekki til að skrifa Pjetri okkar í Rhlíð vil jeg mega leyfa mjer að biðja þig, að koma í tíma orðsending til hans áhrærandi hið framanskriafaða. Jeg vænti sjálfsagt ykkar beggja hvað sem blessuð-um konunum líður, er síður eiga heimangengt.“

Séra Magnús nefnir Pétur Jónsson, bónda í Reykjahlíð. Kona Jóns á Gautlöndum var Solveig, systir Péturs í Reykjahlíð.

Þórvöru Skúladóttur var svo lýst, að hún hafi verið myndar-kona, fríð sýnum og höfðingleg, glaðlynd og viðfellin. Hún hafði haft heimilisstjórnina á hendi, á meðan heilsan leyfði, og þeim hélzt á vinnuhjúum og búnaðist vel á Grenjaðarstað.[3]

Ofan á þetta bættist í upphafi árs 1872, að séra Magnúsi var stefnt fyrir dóm í svokölluðu „Geitafellsómagamáli“, málastappi, sem hann hafði lengi átt í við hreppstjóra sýslunnar. Geitafell í forn-um Helgastaðahreppi (síðar Aðaldælahreppi) tilheyrði Grenjað-arstað, og Geitafelli fylgdi sú kvöð frá fornu, að staðurinn sæi fyrir þriggja marka ómaga, sem kostaði 3 merkur eða 24 sex álna aura að hafa á framfæri sínu. Magnús hugðist losa sig og staðinn undan þessari kvöð, þegar hann tók formlega við Grenjaðarstaðar-forráðum 1867. Stóð svo í þrætu næstu árin, og kærðu hreppstjórar málið.

Séra Magnús skyldi nú mæta að Helgastöðum í Reykjadal mánudaginn 15. janúar 1872. Sáttanefnd hafði verið sett í málið, og sátu í henni Þorlákur Jónsson á Stóru-Tjörnum og Sigurður Guðnason á Ljósavatni, en séra Benedikt Kristjánsson í Múla, sem einnig hafði átt þar sæti, hafði vikið úr nefndinni. Einar Ásmunds-son í Nesi sótti málið fyrir hönd hreppstjóra, en Jón Sigurðsson á Gautlöndum var til varnar fyrir séra Magnús. Í bréfi 11. janúar 1872[4] veltir Magnús því fyrir sér, hvort Jón geti mætt fyrir sig að

Helgastöðum, ella fari hann sjálfur. Stuttur tími væri til stefnu, og ekki var búizt við sátt.

Þessi málaferli verða ekki rakin hér. Málið var sótt og varið í undirrétti vorið 1872 og vannst Magnúsi í vil, en tapaðist síðan fyrir yfirrétti.[5] Hér kynnumst við því, að Magnús gat verið fastur fyrir, þótt sjaldan kæmi það fram. En var ekki líka þar að sækja allt hans andóf?

Eftir konumissinn gætti þreytu hjá séra Magnúsi, á prestskap og ferðalögum og öllu því innheimtustússi, sem embætti hans fylgdi, og svo fór, að hann sótti um að fá sig lausan. En ekki gekk það þrautalaust. Jóni á Gautlöndum skrifar hann 27. nóvember 1875[6]:

„Ekki verður af því, að jeg losist í vor komandi við umsjón prestakallsins og geti afhent eptirmanni m. stað og kirkju eins og jeg ætlaðist til næstl. sumar með „resignation“ minni, sem fór suður með prófasti útbúin með hans „Erklæring“ og seinna send með bönarbrjefum sækjenda frá biskupi, jeg trúi snemma í September með póstskipinu. Nú hefir séra B.[enedikt] á Helgastöðum fengið skrifað að sunnan, að skjölin verði ekki tekin til greina af því jeg hafi ekki áður verið búinn að fá hjá konungi lausn frá embættinu, en biskup hafi ekki átt með að slá upp brauðinu að svo stöddu. Furðar mig á, að biskup skyldi ekki vita „formalia“ í þessu tilliti eða þá að minnsta kosti nú skrifa prófasti okkar hvar komið er. Sjálfur hafði jeg ímynd að mjer, að jeg þyrfti ekki sjerstaklega að biðja um lausn, heldur að „Resignationin“ ein mundi nægja til þess að geta fengið hana. Sje nú þetta eins og skrifað er að sunnan, má jeg til að gjöra nýja bæn, og leiðist mjer þó, ef svo lengi lifi, að biða eptir því að þetta komist í kring.“

Þá veltir séra Magnús fyrir sér að fá eitthvað borgað af mikilli skuld kirkjunnar við sig, þegar hann sleppti nú brauðinu og hvort hann megi ekki vænta þess, að þeir feðgar, Jón og Pétur, semji fyrir hann bænaskrá, sem þá þyrfti að senda.[6] Magnús hafði á sínum tíma lagt 600 rd. til byggingar kirkjunnar á Grenjaðarstað, og illa greiddu landsetar Grenjaðarstaðarjarða honum. Magnús var linur innheimtumaður, þótt glöggur væri hann á reikninga og talinn heldur fastheldinn á fé.[6]

Hér kemur fram, að Magnús stundaði lækningar á dætrum Jóns á Gautlöndum, Þuríði litlu og Rebekku litlu nefnir hann þær. Tvö

glös hefur hann sent fyrir hvora. Hjá Rebekku eru nefnd höfuð-verkjaköst og spurt, hvort eitlar þrútni; svokallaðan „guðshandar pl.[ástur]“ telur hann ekki eiga að brúkast hér.[6] Ekki nefndi hann lyfin eða hvernig átti að taka þau. Það hefur komið fram skriflega á sér miðum og á glösunum sjálfum.

Árið 1876 fékk Magnús loks aflausn og afhenti staðinn á fardögum 1877 séra Benedikt Kristjánssyni (1840–1915), sem þjónað hafði Helgastöðum í Reykjadal. Magnús var orðinn einn eftir af sínu fólki á Grenjaðarstað. Ingibjörg, dóttir hans, giftist í árslok 1876 Júlíusi Halldórssyni, lækni, og fluttist með honum í læknishérað Júlíusar í Húnavatnssýslu. Ingibjörg hafði verið ráðskona föður síns, frá því að móðir hennar lézt. Og fram til ársins 1875 hafði Björn, sonur Magnúsar, búið með föður sínum á Grenjaðarstað, en flutti þá ásamt konu og börnum að Granastöðum í Kinn.[3,7]

Sögulegur aðdragandi var að giftingu Ingibjargar Magnúsdóttur.[8–9] Júlíus Halldórsson var ráðinn sýslulæknir í Þingeyjarsýslu í október 1874 með aðsetri á Grenjaðarstað. Júlíus var sonur Halldórs Kr. Friðrikssonar, yfirkennara við Lærða skólann og danskrar eiginkonu hans, Charlotte Caroline Leopoldine Degen. Júlíus útskrifaðist úr Lærða skólanum ekki fullra 19 ára, las læknisfræði hjá Jóni Hjaltalín og útskrifaðist úr skóla hans 1872, 22ja ára gamall. Næstu tvö ár starfaði hann á sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, unz hann réðist norður í Þingeyjarsýslu. Júlíus var röskur maður til verka, kátur og léttur í lund, gleðimaður, og orðhvaturljótti hann. Júlíus stóð fyrir því, að Laxá í Aðaldal var brúuð hjá Brúum og var verkstjóri við það verk; áin hefur verið læknum farartálmi á ferðalögum hans. Varðveitt hefur líkan frá þessum tíma af brú yfir Laxá, sem Magnús Þórarinsson á Halldórsstöðum smíðaði. Að vísu ljótti það líkan of íburðarmikið til þess að byggja brú eftir því. En brúað var og fjölmenn vígsluathöfn haldin 30. ágúst 1876. Um þennan atburð átti Einar Benediktsson, skáld, endurminningar, en hann var þá 11 ára í læri hjá séra Magnúsi á Grenjaðarstað.[10–11] Júlíusi Halldórssyni var veitt 8. læknishérað (Húnavatnssýsla) sumarið 1876 og fór vestur þá seint um sumarið eða haustið.

Norður í Pistilfirði bjó á þessum tíma á Svalbarði virtur prestur, séra Guttormur Vigfússon, sem tveimur árum áður hafði misst konu sína frá ungum börnum. Að Ingibjörgu forspurðri hafði samizt svo um með þeim séra Magnúsi og séra Guttormi, að Ingibjörg, dóttir séra Magnúsar, giftist Guttormi. Þegar Ingibjörg



Frú Ingibjörg Magnúsdóttir og fjölskylda. Fremri röð: Ingibjörg Magnúsdóttir, sem heldur á dótturdóttur þeirra hjóna, Ingibjörgu Emmu Guðmundsdóttur (kölluð Bogg), og Júlíus Halldórsson, héraðslæknir, eiginmaður Ingibjargar. Aftari röð: Maggi Júlíusson (kallaði sig Magga Júl. Magnús), Þóra Júlíusdóttir, Guðmundur Björnsson og Halldór Júlíusson.— Maggi, Þóra og Halldór voru börn Ingibjargar og Júlíusar en Guðmundur tengdasonur.

Myndina tók Jakob Kristinsson á Akureyri árið 1904.

frétti þetta, lét hún strax senda eftir Júlíusi Halldórssyni, sem beið ekki boðanna og var kominn til Grenjaðarstaðar, um það leyti sem séra Guttormur var mættur á Húsavík til að sækja kvonfangið. Var nú skotið á fjölskyldufundi á Grenjaðarstað, og var Björn á Grana-stöðum, sonur séra Magnúsar, mættur þar og dvaldi hjá þeim yfir jólin.[9] Ekki er að orðlengja, að ráðagerð Magnúsar og Guttorms var hnekk, Guttormi snúið aftur, og á þriðja degi jóla, 27. desember 1876, gaf séra Benedikt Kristjánsson, prófastur í Múla, Júlíus og Ingibjörgu saman í kirkjunni á Grenjaðarstað. Svaramenn voru Jón Jóakimsson á Þverá og faðir brúðarinnar.[10–11] Björn hefur stutt systur sína, því kært var með þeim. Á 21 árs afmæli Ingibjargar, 22. janúar 1870, orti Björn til hennar afmælisljóð, og eru fyrstu tvær vísurnar þannig[12]:

*Fagna ástrík faðir móðir
fæðingardag þinn að sjá
og systkinin. Þér allir óska
auðnu lífsins vegum á.
Dagar líða, árin esku,
út á tíðar meginsjá.
Leikir barna bráðum gleymast
og blómin, sem að skemmta þá.*

*Man ég, systir, marga stundu,
meðan þú varst lítið ped.
Grena setti ég þig á þúfu,
því þú gazt ei blaupið með.
Ég þér blóma ferði fjölda,
föld er sumarskrúða bjóst.
Barm og kjöltu blómum skreyttir;
[björt við hvönn og fifil blóst.]*

Í fjórða erindi er sagt, að bára skilji Ingibjörgu frá bróður, en óskir muni sá bróðir senda henni heim á kalda grund. Hafi ljóðið verið ort 1870 (5. erindi), er hér ekki átt við Sigfús, bróður Ingibjargar. Hann fór ekki til Vesturheims fyrr en 1873 (fyrri för og þá með seglskipinu Hjalmar frá Húsavík til Noregs í maí/júní 1873 og þaðan vestur)[13]; en Jón Skúli settist að í Danmörku við verzlun-arstörf.

Ekki er vitað hvort Magnús mæddist á þessu giftingarmáli dóttur sinnar eða hvort giftingin hafi orðið honum ánægjuleg undir lokin. Sagt er, að Magnúsi hafi upphaflega ekki litizt á tengdasoninn, talið Júlíus lækni ólíklegan fjáraflamann.[9] Tekið skal fram, að Júlíus Halldórsson var fyrsti læknir, sem hafði aðsetur í Þingeyjarsýslu og hafði útskrifazt úr læknskóla.[14] En þreyttur var séra Magnús orðinn á prestskap og því amstri, sem staðarhaldi fylgdi, innheimtu landskulda, er greiddust seint eða aldrei.

Séra Magnús var sendibréfaritari. Börn hans dreifðust víða, og þeim skrifaði hann oft; Jón Skúli var búsettur í Danmörku eins og

áður sagði. Áður var hann kaupmaður á Eskifirði. Sigfús var nábúi föður síns í Múla til 1882, en fluttist þá með fjölskyldu sína til Vestdalseyrar við Seyðisfjörð og fór þaðan alfarinn til Vesturheims 1886. Ingibjörg bjó í fjarlægri sýslu frá 27 ára aldri. Hún flutti frá Grenjaðarstað í árslok 1876, og hjá Ingibjörgu var Hildur, systir hennar, sem var mál- og heyrnarlaus. Þá ritaði Magnús fjölda bréfa til samtíðarmanna sinna eins og nærri má geta um þekktan lækni og prest, sem árum saman flutti inn frá útlöndum lyf, bækur og tímarit og dreifði um landið mönnum til líkamlegrar og andlegrar heilsubótar.

Árið 1874 (apríl-maí) höfðu 22 heimilismenn verið á Grenjaðarstað, 14 í heimili hjá séra Magnúsi og 8 hjá Birni.[15] Árið 1878 var séra Magnús nánast orðinn einn eftir af þessu fólki:

„Hann sá einnig sín eigin börn berast sitt í hverja áttina, svo að segja sitt á hvert land. Og seinast var hann einn eptir, einn uppi á æskunnar slóðum, og hafði engan nerri sjer af sínum, nema þessi sonarbörn og sonarkonu [Hólmfríði Pétursdóttur á Granastöðum og hennar börn], sem hann unni og vildi allt hið bezta, og elskaði og vildi bera umhyggju fyrir allt til enda.“

— eins og komizt var að orði um Magnús í ræðu.[16]

Á fardögum 1877 hafði séra Magnús afhent jörðina eftirmanni sínum, séra Benedikt Kristjánssyni, sem kom á staðinn með margt fólk. Vinnuhjúin Bergvin Þórðarson og Guðný Jóhannesdóttir voru aftur á móti þau einu, sem eftir voru af fyrra fólki séra Magnúsar og hafa væntanlega orðið vinnufólk nýja prestsins. En auk þeirra var nú komin ekkja séra Jóns Jónssonar á Grenjaðarstað, Helga Kristjánisdóttir, þá áttæð.[15]

Dóttur sinni skrifaði Magnús miðvikudaginn 4. júlí 1877 [17]:

„Naumast get jeg búizt við að nokkur mynd verði á því fyrir mjer að svara eins og jeg vildi og þú ættir skilið brjefinu þínu núna (með þeim J. og fröken Kristínu) sem dagsett er 25. Júní. Það sver sig í ættina við hin undanfögnu og talar hinu sanna hjartans máli til mín og þau, og þá er nú skrifthöndin þín ætíð svo þóknanleg í augum mínum. Ósköp „interesserar“ mig það sem þú skrifar mjer af ykkar litla búskap í húsmennskunni. Það er ekki von til að hann sje betri þegar hvaðeina þarf að fá að föngum til og þar á ofan kaupa dýru verði. Hjer í sýslu ætlar nú að fara þoka að því sama, að flest, ef ekki allt er að hlaupa upp í afarverð.“

Búslóð Ingibjargar

Búslóð Ingibjargar Magnúsdóttur var óflutt vestur í Húnavatns-sýslu, og af því máli hafði faðir hennar mestu armæðu. Ritaði hann um það langt mál í ofanefndu bréfi frá 4. júlí 1877[17]:

„Jeg vík nú að einu aðalatriði í brjefi þínu, eða því um flutninginn á því sem komast átti með skipinu. Hef jeg lengi borið hann fyrir brjóstinu og enginn stuðt mig í útbúningi á honum nema Björn einn, tók það upp meira en viku tíma að umsteypa gömlu kassana mína á suðurstofuloptinu og gjöra þá mátulega stóra til að „pakka“ í þá. Til þessa verks gat jeg engan fengið í vetur — þó jeg væri aptur og aptur að reyna til þess — og Björn gat ekki komizt að heiman vegna heimilis anna fyren í Mai-mán. byrjun í þessum sárbitru kuldu er þá voru, enda veiktist hann af kulda á eptir þessu verki og lá hjer nokkra daga. Þessu getið þið sem von er, ekki getið nærri í fjarlægð.“

Björn er Björn Magnússon, bóndi á Granastöðum í Kinn, sonur séra Magnúsar, kvæntur Hólmfríði Pétursdóttur frá Reykjahlíð. Helga Sörens dóttir segir í endurminningum sínum, að vinnumaður á Grenjaðarstað, Sveinbjörn Gunnlaugsson, hafi á þorranum



Björn Magnússon, bóndi á Grana-stöðum.



Hólmfríður Matthildur Péturs-dóttir, húsfreyja á Grana-stöðum og víðar.

1877 farið með farangur Ingibjargar á hestum undir reiðingi, og hafi það verið erfið ferð ókunnugum manni. Átti Sveinbjörn oft eftir að segja þá sögu. Hann var vinnumaður á Granastöðum hjá Birni og Hólmfríði 1879–1881, kvæntist síðar áður nefndri Helgu Sörens dóttur.[9] Sbr. hér tilvitnað sendibréf var enn margt eftir á Grenjaðarstað af farangri Ingibjargar snemmsumars 1877. Magnús hélt áfram með bréfið[17]:

„Um komu Sk.[aga]strandarskips á Akureyri og sigling þaðan vestur aptur fjekk jeg ekkert að vita fyren á eptir og óhugsandi var að koma flutningi hjeðan inn eptir fyr en vegir skánuðu. Mjer væri forvitni á að vita hvern skrifað hefir ykkur að færi hefði gefist í vetur til að koma flutningnum, ef það hefði verið notað. Má ske Jón á Þverá? Því aðvaraði hann okkur þá ekki og hjálpaði til, það stóð þó sögumanni ykkar næst. Þá voru það nú ein vandræðin að fá nógustóra poka utan um rúmfötin svo jeg varð að kaupa striga á H[úsa]vík í þá, sem ekki fjeckst fyren skipið kom þar 24. Apríl. Þá hefir ekki gengið betur með útvegum á hestunum, og þegar loksins leggia átti af stað á ákveðnum degi sveik einn (Sigtryggur í Kasthvammi) um hið lofaða hestlán. Hef jeg haft marga gremjustund af þessu öllu saman af því jeg vissi vel hvað ykkur kom illa drátturinn á flutningnum. Þó varð það nú að hann komst loksins á 26. f. m. Tvær rúmfata klyfjarnar voru svo þungar, að flutningsmenn (Jón á Langavatni og Tómas í Kasthv.) urðu að láta bestu áburðar hestana bera þær til skiptis. Jeg get þess hjer ykkur til aðgæzlu þegar farið verður að flytja til ykkar frá Skagaströnd.

Það sem nú fór, auk gólfábreiðu strangans í vetur sem þá var ekið inn eptir af J[óni] á Langav.[atni] er þó ætlaði varla að takast – var:

3 kuffort 1 karfa (með kaffekv.)

7 kassar 10 sauðskinn

3 rúmfata baggar 1 par ólarreipa, annað reipið bundið um kvartilíð, hitt um 1 rúmfata baggann.

1 smjörkvartil,

Þetta allt var fullkominn burður á 7 hesta, og þó varð, vegna svika um hið áður nefnda hestlán frá Tryggva, 1 kassi eptir með glasarusli sem varla verður til stórs boga. Samt vildi jeg sæta færi að hann kæmist inn eptir í þessum mánuði til að fylgjast með, en það er nú undir von, því jeg hika mjer við að kosta mann með 2 hesta inn eptir ofan á hinn kostnaðinn, sem nam samtals 60 kr. fyrir kaup til flutningsmanna, hestalan og ferjutolla yfir fljótið, Fnjóská og

seinast yfir pollinn. Sigfús ætlar að borga frá sjer 2 hestlánín og ganga þá frá 8 Kr., svo ekki verða eptir nema 52 kr. sem jeg þarf að borga. Kosti nú flutningurinn frá Sk[aga]strönd til ykkar jafnmikið, eða landvegs ferð hans samtals rúmar 100 kr., þá fer nú hið flutta að verða ofdýrt og, ef til vill, tvöfalt að verði. Því sýnist mjer mikið áhorfsmál að flytja nokkuð hjeðan úr sýslu vestur þegar ekki fæst sjóvegs ferð með það næst um alla leiðina. — Mekka hefir getað sagt þjer, að ótækt þókti að flytja þvottabalann og mjólkurbakkana, sem allir hefðu fallið í stafi á leiðinni.“

Fleira var eftir að senda:

„Kommóðan, lausarúmið á N. loptinu, spegillinn, stóri bollapara bakkinn, og myndaspjöldin 3, sem þarf að smíða um vandaðan kassa, og þar að auki um spegilinn. Í allt vor hefir engin spíta fengizt á Húsavík og fæst ekki enn. Verði nú ferðir Diönu að ári haganlegri en nú, einkum að því leyti að hún komi við á Skagaströnd, þá kæmist þetta sem nú er eptir með henni þangað. Það er allt vanda flutningur og þarf góðan umbúnað, t. a. m. Kommóðan og rúmið að vefjast í hálmi og mottum eða striga. Þið skuluð nú sjálf ráða hvort það er tilvinnandi að kosta til flutnings á þessu á sleða í vetur komandi inn á „Eyrina,“ ellegar þá að selja Komm. og rúmið sem ve[r]st er að flytja, ef að viðunanlegt verð byðist. Yrði það nú að ári eins og nú að Diana kæmi við á Húsavík (og Skagaströnd líka) þá er mjög valt að reiða sig á komu hennar á þeim fyrnefnda stað, sem aldrei yrði nema fárra stunda viðstaða, og getur alveg brugðizt yrði nokkuð að veðrinu. Með því vissara má máské telja skipsferð frá Akureyri ef hún kæmist á tímanlega þaðan til Sk.[aga]strandar. Þið skoðið nú huga ykkar um þetta og skrifið svo mjer eða Sigfúsi hvað ykkur sýnist tiltækilegast að afráða.

Nú er það komið í kring hvar hnakkur Júlíusar er geymdur; segist Bjössi hafa beðið Eggert Laxdal fyrir hann, en honum (æ:Laxdal) gleymszt að koma honum á póstin eða með skipsferðinni sem varð til Skagastrandar í vor. Svo hnakkurinn komist sem fyrst ætla jeg að skrifa Sigurgeiri með próf.[asts]dótturinni og biðja hann að annast um flutning á hnakknum til ykkar.“

Prófastur í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi var þá séra Benedikt Kristjánsson í Múla, en alnafni hans á Grenjaðarstað tók við prófastsembættinu árið 1878. Bjössi var Björn á Granastöðum.

Björn og Hólmfríður á Granastöðum

Séra Magnúsi var umhugað að ræða við dóttur sína um fleira en ósenda búslóð, kúffort, kommóðu, rúmföt og smjörkvartil o. fl. [17]:

„Við Jón Jóhannsson br. G[udmundar] á Br.[eiðu]mýri nefndi jeg að taka af mjer Konráðs orðabók til þín, en það kvaðst hann ekki geta, því hann þyrfti að krækja vestur á Sigluförð. Í Múla stóð hann ekki við nema rjett nóttina. Annars sagði hann að Konráðs bók væri til á bænum, og mundi fást ljeð. Mín er ofþung til póstflutninga, þú gætir annars fengið hana síðar með öðru sem enn er eptir.

Jeg ætlaði að enda þetta brjef í dag, en hjer er veizlu stapp sem tefur svo mikið fyrir mjer að jeg hef ekki frið stundu lengur, því einn vill finna mig eptir annan.

Ættfólk[i] okkar er að fjölga. Fyrir viku síðan er fæddur drengur á Granastöðum enn óskýrður, hann fæddist fyrir tímenn. B.[jörn] segir mjer ekki hvað löngu, en þó á hann að vera heilbrigður og móðir hans líka. Jón [Þórarinnsson] og Þ.[uríður Sveinsdóttir] á Langavatni eignuðust fyrir 3 vikum stúlku, sem heitir „Þórvör,“ ekki mjög litla, næstum 10 pund að þyngd. — Sira St.[efán] Jónsson er trúlofaður Önnu dóttur Kr.[istján]s Jóhannessonar] á Núpum, sem lítið er látið af fyrir kvennkosti, svosem kunnáttu eða ráðdeild. Er haft eptir Guðjohansen að hún sje búinn að taka svo mikið út í reikning prests, að honum (æ:G.) ógni. Þeir Kr.[istján] og prestur eru í útreiðum tímum saman og drekka óspart, og vill sækja allt af í hið sama fyrir presti að honum förlast öðru hverju prests verkin.

Jeg gat um það í brjefi til Mekku, að jeg er nú fluttur í norðurhúsið. Finn jeg það strax að hjer verður hlýrra en var í húsinu okkar, og vona jeg það verði viðunandi þegar lagt verður í ofninn sem fluttur verður hingað undir veturinn, ef jeg lifi svo lengi. Jeg hef aptur allgóðan svefn, þó jeg sje nú farinn að taka þriðjungi minna inn en fyrri og mun jeg reyna að smáminka inntökuna í því skyni að venja mig — ef verða mætti — til fulls af þessu svefneitri, er jeg kalla svo. Allt af er jeg nú góður í augunum að undanteknum þessum hita í þeim og nokkurri höfuðvímu, er jeg hygg að sje verkun meðalsins.“

Nýfætt barn Björns og Hólmfríðar, sem sagt er frá í bréfinu, fæddist 27. júní 1877 og lézt 30. ágúst sama sumar; það var skírt Jón. Þuríður Sveinsdóttir á Langavatni var systurdóttir Þórvarar

Skúladóttur, konu séra Magnúsar, og sú litla, sem var fædd 12. júní 1877, var skírð eftir langömmu sinni, Þórvöru Sigfúsdóttur (1771–1862), prestmaddömu í Múla. Mekka var Mekkín Sýlvía Jóhann- esdóttir (f. 9. júní 1857, látin 1. nóvember 1928); hún var fósturdóttir séra Magnúsar og dvaldi á Grenjaðarstað 1871–1876. Þetta vor var með eindæmum hart, og með lýsingu á því lýkur löngu bréfi:

„Hjer eru svo vondar horfur á grasvexti, að jeg öll mín ár hjer man ekki eptir öðru eins útliti á túni engjum og úthaga. Norðan átt ríkir allt af öðru hverju með jeljum eins og á hausti og þó sólskins dagar komi á millum með heiðríkju þá ber það ósjaldan við að meira eða minna frosts verði vart um nætur.“

Bréfið var skrifað 4. júlí!

Magnús afsakar í sendibréfi sínu til dóttur sinnar, hve bréf hans séu dauf og köld miðað við hennar bréf, sem eru innileg og heit (þau bréf eru glötuð). Og 6 mánuðum eftir giftinguna hefur hann þegar tekið tengdasoninn í sátt (ef ekki löngu fyrr). „*Má ske ʒ. þinn verði nú kominn eða aðeins ókominn að sunnan um það bil, sem þú fer bréfið hjedán,*“ skrifar hann. Magnús fagnar farsælli heimkomu Júlí- usar, og ekki má gleyma að flytja honum kærustu kveðju. Hildi sendir hann föðurlega kveðju, seinna ætti hann að bæta það upp með dálitlum miða, ef hún hefði gaman af, að hann skrifaði henni eða að henni þætti það betra en ekkert. Heyrnarlaus og mállaus varð hún einstæðingur og vinnukona systur sinnar og mágs og stóð lágt í þjóðfélaginu. Sést af skrifum föðursins.[17]

Fram kemur í bréfi Magnúsar til dóttur sinnar,[18] að þegar hún og Júlíus fóru frá Grenjaðarstað á jólum 1876, og Magnús var orðinn einn eftir, hafi hann viljað flytja til Granastaða til Björns og Hólmsfríðar, en vegna húsrúmsleysis var það ekki hægt. Þá hafi hann sætt sig við að vera kyrr:

„Líklegast verð ég hér kyrr eftirleiðis. Enda finn ég litla löngun til að skipta um samastað, úr því ég gat ekki komizt til B.[jörns] bróður þíns vegna kringumstæðna hans með húsrúmsleysisið, sem ég áður hefi tjáð þér frá. Svo hef ég líka tekið eftir, að mér kemur bezt þetta næðislíf og það sem breytingaminnst. Nú orðið gengur mér líka betur og betur að una því, sem er, já, ólíkt betur en fyrst eftir að þið Júlíus fóruð alfarin hédan um veturinn. Marga stund skemmti jeg

mjer með því að rifja upp okkar fyrra samverulíf, meðan þið börnin voruð öll heima og blessuð mamma ykkar lifði. Að hún burtkallaðist og að þið börnin urðuð að fara frá mjer eitt eftir annað, hvert til sinnar lífsstöðu, get jeg nú yfirvegað með jafnaðargeði og rósemi ...“

Magnúsi var tíðrætt um Björn og búskap hans á Granastöðum. Til Björns á Granastöðum var leitað, þegar hjálpar þurfti við, allt eins og til annars sonar Magnúsar, þ.e. Sigfúsar, sem bjó þó á næsta bæ (í Múla). Áður var lýst aðstoð Björns við flutning búslóðar Ingibjargar vestur í Húnavatnssýslu, en þar kom líka til, að Björn var timbursmiður. Þann 7. ágúst 1878 lýsti Magnús fyrir dóttur sinni heimsókn að Granastöðum[19]:

„Mín næsta ferð var ofan í Nes fyrir 1½ viku síðan hvaðan jeg fór eptir messu yfir að Granastöðum. Þangað hafði jeg ekki komið í næst um 1½ ár. Jeg hitti þar á allt fólkíð við góða heilsu. Björn var næst um búinn að slá völlinn og fá inn 1 kýrfóður af töðu en fyrir vallarsláttinn annað eins að vöxtum af útheysi. Þar er sumarfallegtt umhorfs og grasgefið að sjá bæði til fjallsins og á enginu, málnytta góð eða í betra lagi, að minnsta kosti hálfu betri en hjer er vanalegast. 10 manns eru í heimili þar af 1½ vinnumaður og 2 vinnukonur — önnur þeirra er Vilhelmina — og 1 smali. Mjer leizt yfir höfuð vel á börnin. Sigfús l.[itli] sem er á gelgjuskeiði má heita stór eptir aldri (nú á 6. ári). Það ópryðir hann hvað hann er dapur — eða voteygður einsog sumt móðurfólk hans en rjóður er hann einsog hann var er þú sást hann seinast. Bína litla þykir mjer langfallegust, hún hefir hærra enni en Sigf., djarft og hreint upplit og heilsulegt yfirbragð, lík á vangann mömmu þ.[inni] sálugu, en hárið er dökkara en á Sigf., næstum dökkjarpt. Sumum sýnist henni svipa allmikið til móður-systur hennar Jakobínu. Bína er bráðgjörvari til alls náms en S., en bæði eru þau skírt talandi einsog fullorðin væru og svo greindarleg í talinu. Þórir l., nú rúmra 2 ára, er lítið farinn að mynda orð, skilur þó allt, hann er — að mjer sýnist — líkur hvorugu systkyna sinna, fremur andlits nettur, augun svipuð augum móður hans eða grágul, hárið bjart. Hann er mesta fjörbarn eins og fluga um allt, fljótur að hlaupa og ótrúlega snar og liðugur í snúningum svo lítill hnokki. — Eitt sá jeg hjá Birni sem jeg held ykkur kæmi vel að koma ykkur upp. Það eru hrip til að flytja í vott hey í stað þess að binda votaband, þau eru ljett í meðförum ekki með trje- heldur snærisrimum og er það ólíkt ljettara að kasta upp í þau föngunum en vera að binda þau í bagga og

það opt í sókkvandi feni eða leirkesju, því bæði fer minni leir í heyið með þessu móti og líka sígur vatnið úr því á leiðinni mikið. Einnig sparast vinna og reipa slit. — Frá Múla gjöri jeg ráð fyrir að þú fái brjef ef Sigf. fær tíma til þess en það stendur tæpt ef tengdamóðir hans má ráða, sem í eptirrekstrinum gjörir honum ekki hærra undir höfði en hinu vinnufólkinu og er enn hótfindnari við hann en það, að vísu vill prófasturinn allt bæta, en það dugir lítið þegar kerling fer í versta haminn.“

Jakobína var Jakobína Pétursdóttir (1850–1939), þá nýgift Jóni Stefánssyni (1851–1915), bónda og rithöfundu á Litluströnd (Þorgils gjallanda). Vilhelmina Vigfúsdóttir (1857–1927) var vinnukona á Granastöðum, og Þórir, sem þarna er rúmra 2ja ára, fæddist 29. marz 1876 og lézt 20. marz 1880 úr barnaveiki.

Og enn er það búslóðin. Ingibjörg spyr um jurtaþottana. Faðir hennar telur og hefur eftir Guðnýju, væntanlega Guðnýju Jóhannesdóttur, vinnukonu, að þeir muni vera undir í þeim kassa, sem eftir varð í fyrri, en á að vera með, þegar kommóðan fer, sem hlýtur að verða í þessum mánuði eða fyrst í þeim næsta, svo að hún komist vestur með Diönu, segir hann.[19]

Vel talar Magnús um eftirmann sinn, séra Benedikt Kristjánsson, þótt ekki sé hann sammála honum í öllu. Séra Benedikt stundar heyskap af miklu atfylgi. En hann vill fara að sínum eigin ráðum, en ekki að ráðum annarra, og er það í ýmsu nokkuð ólíkt því, sem reynslan hafði sýnt að vera hentugast á Grenjaðarstað. En þrátt fyrir sitt góða búvit (setur ? við góða), er Benedikt óánægður með stöðu sína og tekjurnar og ráðgerir öðru hverju „... að frambjóða sig sem prest fyrir þá sem að ári ætla að fara af Austurlandinu til „Nýja-Íslands.““ Ekkert var þetta þó stöðugt hjá honum. En nábúakrytur Hvömmunga vegna landamerksja vill séra Benedikt leiða hjá sér.[19]

Af börnum stendur Björn Magnúsi nærri, hann þarf mestan stuðning, heilsan veil og barnahópurinn stækkandi.[20] En einnig þarf að hyggja að barni Ingibjargar á öðru ári, Halldóri litla, og í bréfi 26. og 31. desember 1878 lýsir Magnús hóstameðöllum í 6 glösum fyrir þennan dótturson sinn (Chamomilla, Hepar, Ipecacuanha, Nucis vomica, China-Phosphor og Spongia). Aconit og Bromkali vantar, en þau á Klömbur eiga það. Ekki veit Magnús, hvort Júlíusi lækni líki meðalasing sínum. Vonar, að hann meini þó ekki Ingibjörgu að nota meðölin, „... þegar hann annaðhvort

vill ekki brúka sín — þó svo sýnist sem eitthvað þyrfti að brúka — ellegar þegar hann væri ekki heima til að afráða hvað gjöra skuli.“ Betra sé að eiga eitthvað í viðlögum, margreynt sé, að smáskammtarnir hafi fyrirbyggt barkarhóstan, áður en hann hefur náð að magnast og oft læknað hann á hæsta stigi. [20]

Fjölgar í ættinni. Guðrúnu og Sigfúsi fæddist dóttir 28. des. 1878 (annað barn þeirra).[20] Haustið, 17. október 1879, skrifaði Magnús [21]:

„Fyrir 5 dögum síðan voru þau Björn og Hólmfr. á Granast. hjer nótt er þau komu úr veizlu Sigurgeirs Péturssonar í Rhlíð sem giptist Hólmfríði Jónsdóttur Jónassonar frá Grænavatni 9. þ. m. Prófastur í Múla, hjónin hjerna og jeg vorum boðin í brúðkaup þetta en fórum ekki, þó veðrið væri gott, af því prestur hjer var veikur. Björn ljæt heldur vel yfir heyskap sínum í sumar og mun betur en í fyrra þegar hey urðu úti hjá honum sem fleirum þegar veturinn skall á í miðjum september. Í fyrra vetur var svo kalt í baðstofunni að varla þótti verkshiti en þá skorti eldsneyti í ofninn. Nú er B. búinn að koma kúm sínum undir baðstofuna til þess að geta haft nægan hita án þess að ganga þurfi þángað um göngin til baðstofunnar heldur annarsstaðar um sjerstakan ranghala. Víða hefir hann leitað að mó eða sverði en hvergi getað fundið hann nema svo lítin og vondan að ekki svarar kostnaðinum. Sumargagnið af kúm og ám er viðunanlegt, en heyskapur er seinfenginn: túnið allt með hraunþýfi og af eingi verður næstum allt að binda vott sem tefur svo fyrir. Verst af öllu er þó vetrarríkið sem hleypir allri jörðu í kaf er ekki upp tekur fyrri en lengst kemur fram á sumar. Þetta segir B. að sjer leiðist og líka vinnufólkinu sem hjá sjer sje, sem von er til. Betur að hann væri kominn á einhverja skárri jörð en hjer er ekki um gott að velja og sízt að það liggi þá á lausu.“

Allskonar ónæði

Í síðastnefndu bréfi kemur fram, að sonur Magnúsar, Jón Skúli, kaupmaður á Eskifirði, hygðist hafa vetursetu í Kaupmannahöfn (veturinn 1879–1880), líklegast upphafið að því, að hann ílentist þar ytra. [21]

Næst var að víkja að tíðarfari og heilsufari. Utan eitt áfelli um sólstöður mátti heita, að sumarið væri gott og haustið líka, en heyfengur varð minni en árið áður. Magnús getur um grafrarút-

brot í andlitum barna og unglunga. Tveir yngstu drengir Grenjaðarstaðaprests, Bjarni og Gunnar, fengu þessháttar útbrot, svo og Bergþóra Sigfúsdóttir í Múla, sonardóttir hans. Ekki fylgdi þessu hiti.

Ekki hafði séra Magnús eingöngu ónæði af börnum eftirmanns síns. Bjarni, sonur séra Benedíks, var bezti vinur hans[21]:

„Bjarni l.[itli], nú 2gia ára og 1 mánaðar gamall, þykir mjer og fleirum langfallegastur af börnum hjónanna hjerna, hef jeg opt gaman af honum og ljæ honum signetin mín og fl. úr skrifstokknum mínum að leika sjer að, enda erum við optast mestu mátar. Hann skilur flest allt en talar ekkert enn. Segðu mjer af litla Halldóri ykkar næst og svo systur hans, um þau þykir mjer nú allravænst af barnabörnnum, þó jeg hafi ekki sjeð þau. Hafið þið engan Photograph í Húnav. sýslu? Þú gizkar á hvers vegna jeg er að spyrja að þessu? Hvað mik-ið fenguð þið af töðu og úteingis heyskap í sumar? Eru kýrnar margar? ærnar? lömbin og hestarnir? Hvernig heppnaðist silungsveiðin? Um allt sem búskapinn snertir hef jeg gaman að vita.

Jeg vil nú ekki þreyta þig lengur á að lesa mína stirðu leturgjörð. Vertu nú sæl, elskaða Ingibjörg, og kysstu frá mjer góða manninn þinn, börnin ykkar og Hildi. Mekku bið jeg líka að heilsa þegar þú skrifar henni. Þinn elskandi faðir Magnús Jónsson“

En þegar hér var komið, fannst Magnúsi hann verða fyrir miklu ónæði af fólki, sem sótti til hans um meðalagjöf, og lét hann birta eftirfarandi auglýsingu í *Norðanfara*, 30. janúar 1880, blaði Björns, bróður síns[22]:

Auglýsingar. Eptir að jeg fyrir nokkrum árum síðan ljæt birta það í Norðanfara, að jeg væri hættur að láta meðöl af hendi við þá sem leituðu þeirra til mín, hafði jeg um tíma að mestu leyti frið fyrir að-sókn með fram af því að hjer var þá líka settur læknir í sýslunni, en síðan fluttist burt hjeðan í aðra sýslu hafa menn að nýju tekið venja komur sínar hingað þá einna mest síðan í haust og í þessu skammdegi. Af því að jeg hefi meira ónæði af þessu en jeg er orðinn fær um að þola, en einkum af því, að það eykur svo mjög á gestangang hjer, sem annars er nógur alla tíma ársins þó ekki bættist við hann átroðningur af meðala mönnum hlýt jeg hjer eptir undantekningarlaust að **neita öllum sem framvegis kynnu að biðja mig um meðöl.** Grenjaðarstað, 23. desember 1879. Magnús Jónsson.

– Ekki vitum við, hvort þessi jólakveðja Magnúsar hreif.

Sendibréf voru tíð, en svo brást pósturinn. Bréf sitt 4. janúar 1881 byrjaði Magnús svona[23]:

„Hjartkæra Ingibjörg! Ekki furðar mig neitt á þó þú ætlir að bæði jeg og aðrir ástvinir þínir hjer sjeu farnir að minnsta kosti um sinn að gleyma þjer fyrst þeir sýna það ekki brjeflega að þeir muni til þín. Því datt hreint ofan yfir mig þegar jeg í næstseinasta brjefi þínu las þau orð að þú „hefðir ekkert brjef fengið frá mjer“ með septemberpóstinum frá Akureyri sem að rjettu lagi hefði átt að vera komið til þín fyrstu dagana af október.“

Séra Magnús vissi ekki, hvað varð um sendibréfið, sem hann sannarlega sendi og dagsett var í september sl. og var afhent póstafrgreiðslumanni á Akureyri til frímerkingar. Bréf milli þeirra höfðu ekki tynzt áður.[23]

Áhyggjur af heilsufari eru huga Magnúsar nærri. Börn Ingibjargar voru orðin tvö, og hún kvartaði um verki í fótum. Magnús ráðleggur meðul og bætir svo við[23]:

„Að öðru leyti verður þú að verjast því sem þú gjörðir í sumar að vera að bera bæði börnin í einu og ofþreyta þig á því að þarfleysu. Gengur nærri því yfir mig að J. svo sem hann vill þó vera þjer góður og nærgætinn í öðru, skuli ætlast til að þú leggir svona mikið á þig. Húsmóðir mín hjer segist frá því fyrsta hafa forðast að koma börnum sínum — eptir að þau hafa lært að ganga — á að bera þau en látið, hafi nauðsyn borið til þess, aðra á heimilinu, helzt einhverja stúlkuna, gjöra það eða einhvern eptir því sem á hefir staðið þegar hún á annað borð hefir verið viss um að ekkert gengur að þeim. Börn vilja líka opt af tómun keipum að þau sje borin t. a. m. eins og Bjarni l.[itli] hjer (jafnaldri Halldórs l.[itla]) segist hann opt vera lúin og hefir með því komið mjer til að bera sig við og við er jeg hefir nennt því. Hann er eins og hin systkyn hans stór og rúskinn eptir aldri, enda er hann og þau öll síjetandi og verður eigi meint við.“

Í bréfi 11. maí 1881[24] viðurkennir Magnús, að „nenningarleysi“ sitt valdi því, að hann skrifi ekki „með hverri póstaferð, sem fellur.“ Bréf frá Ingibjörgu lágu þá hjá honum frá 3. febrúar og 7. apríl s. l. (1881). Engin sendibréf voru honum kærari en bréfin frá hennar hendi:

„... því lengst verður það svo, að mjer þykir vænst um þín og tek þau fram yfir brjef bræðra þinna, þau eru að vísu góð og alúðleg en aldrei eins eptir mínu geði og þín.“

Veturinn hafði verið grimmur og margir lent í vandræðum vegna heyleysis, en séra Benedikt á Grenjaðarstað og Sigfús í Múla höfðu getað hjálpað og Þorkell Guðmundsson á Fjalli, sem var með þeim birgustu í hreppnum. Líklegast gekk þá kíghóstafaraldu, og hjónin í Steinnesi misstu barn:

„Hefðu homöópaða meðul verið í tíma reynd við drenginn sem þau hjónin í Steinnesi misstu, þá verður að vísu ekkert fullyrt um hversu farið hefði, en að grípa til þeirra í ótíma er öll lífsvon var úti, var að ætlast til of mikils, og víst hefði allopaði þakkað fyrir að taka við dauðvona sjúklingi úr höndum homöópaða. Ekki meira um þetta.“[24]

Beisk voru orðin, en hann var fljótur til að sýna sína mildu hlið og er montinn af dóttursyninum. Ingibjörg segir honum sögur af börnum hennar, og Magnús svarar:

„Undur hef jeg gaman af smásögum þínum af Halldóri litla. Fer varla hjá því að hann sje vel viti borinn þegar hann svona ungur lætur slíkt í ljósi.“[24]

Þá eru fréttir af nágrennabænum:

„Í gær kom jeg upp í Múla og leið þar öllum vel. Allt af er nú gott samlyndi milli bæanna. Tvisvar hefir húsmóðir mín komið uppeptir síðan í fyrra, sem var núna í seinna sinni í byrjun batans, en Guðrún hefir eigi komið nema einusinni í meira en missiri, hún ferðast ekki annað en einusinni á sumri í kaupstaðinn. Að því er þau hjónin snertir er vinnu fólkið þar nú eins ánægt og það var óánægt fyrrum. Ekki gat Sigf. haldist á Óla (þeim góða og trúa þjóni) lengur en árið, því hann undi sjer ekki og það sem lakast var, var að hann dró Hildi með sjer, sem vildi þó vera kyr. Þau fóru bæði til Sigurðar í Bót. Sigrún Sigurðardóttir fer að hálfu til Sigf. en að hálfu verður hún hjá foreldrum sínum sem nú eru að flytja hédan í Presthvamm, svo ekki stóð vist þeirra hjer lengur en árið. — Björn hefir hvorki komið nje skrifað nýlega, en það hefi jeg sannfrjett að hann kom vel fram skepnum sínum, og víst er hann, kona hans og börn við allgóða heilsu.“[24]



Jón Skúli Magnússon, kaupmaður.

Jón Skúli hafði sent bréf frá Kaupmannahöfn, en það glatazt með póstskipinu Phönix, sem strandaði undan Skógarnesi í Miklaholtshreppi 31. janúar 1881. Mannbjörg varð. Annað bréf kom frá Jóni Skúla, dagsett 21. marz, og það sendi Magnús áfram til Ingibjargar. Húnvetningar létu vel af Júlíusi lækni. Hann reyndist ötull, ráðhollur og góðgjarn maður. Um Júlíus, tengdason sinn, sagði Magnús[24]:

„... líka mjer ágætlega tillögur hans í þá stefnu [ráðstafanir vegna þá yfirstandandi harðinda] með því þær lýsa hvorutveggju hyggindum og drenglyndi þegar mest ríður á. Slíkir menn eru ómissandi í hverju fjelagi og hinir beztu liðsmenn í almennum vandræðum. Furðar mig ekki á þó Húnvetningum þyki vænt um J.[úlíus] bæði sem ötulan lækni og þar að auk sem ráðhollan og einhvern góðgjarnasta fjelagsmann. Það var nú ekki það lánið yfir Þingeyingum að þeir gætu orðið hans aðnjótandi nema þenna stutta tíma, sem var ónógur til að geta þekkt hann til hlítar. Undarlegt má það annars heita að menn hjer skuli ekki biðja um lækni, því fyrir löngu mættu þeir vera búnir að sjá hve illa það kemur sjer að hafa engan annan en Þorgr.[ím], sem óhægt er að ná til er mikið liggur við. Þó hjer hefði nú verið til — sem því miður er ekki, — hentug læknisjörð, þá er engin von til að J.[úlíus] mundi fást til að rífa sig upp af eignarjörðu sem hann þegar hefir bætt og er orðinn landvanur á, því láí jeg ykkur ekki þó þið viljið ekki skípta um samastað nema því að eins að þið hafið von um eitthvað betra en þið hafið.“

Magnús talar um grimman vetur og slæman fyrir heilsu hans:

„Sízt af öllu þoli ég jeg kulda en líður bezt í þægilegum og jöfnum hita. Hefir mjer mest farið aptur með flest í vetur nema hvað jeg er enn góður með sjónina og hef optar þolanlegan svefn í kringum 6

tíma í sólarhringnum. Ber það sjaldnast við að jeg leggi mig út af á daginn svo jeg sofi því betur á nóttunni. Jeg hef opt miklu meira en jeg er fær um ónæði af aðkalli ýmsra um meðul hvernig sem jeg færast undan því meðan fólk veit eða heldur að jeg hafi eitthvað af þeim til meðferðar hjer á bænum og á jeg þá bágst með að neita. — Til að spara eldivið hef jeg í hyggju að láta reka saman hliðarþilin hjer í húsinu (þú manst að jeg er nú í N. endanum) því í hverjum stormi gosar hjer inn um hverja fellingu af súg þeim sem kemur að framan úr baðstofunni á bak við þilin. Var hann svo mikill í hvassviðrunum í vetur, að ekkert gat hlýnað þó ofinn væri brennheitur og var sem allur hitinn ryki út um rörið. Líka þarf jeg að láta gjöra við gólfíð, — má ske leggja nýtt — því það er lítið betra en þilin. Það kom til umtals milli okkar Sigfúsar í vetur að jeg færi til hans en varla verður af því, því þar þarf svo mikið að kosta til ef jeg ætti að geta fengið þar hentuga kompu en baðstofuhús þar uppi ekki aflögu.“

Um fatnað segir Magnús:

„Ekki hef jeg enn látið sníða mjer frakka, — sem jeg þó nauðsynlega þarf — úr hempunni minni; hjer er svo illt að fá nokkuð saumað. Vormeldúk sem jeg keypti af Jóni á Þverá (11 álnir fyrir 30 kr.) til hversdags fata hef jeg enn ekki getað fengið saumaðan og má líklegast annaðhvort selja hann eða koma honum til sauma inn á Akureyri. Er nú nærri ár liðið síðan jeg fjekk hann. Ó, hefði ekki bilið verið svona langt milli okkar, hefði sumt af þessu verið öðruvísi en það er nú. En hvað er að fást um slíkt!“

Lýsingin á vorinu 1881 fyrir norðan er þessi:

„Sem stendur er Eyjafjörður sagður stappaður af ís sem nýlega kom að vestan rjett eptir það vetrarlagísinn var nýfarinn. Öll hákarlaskip eru kreppt inni og Hafnarskipin komast eigi inn til að bæta úr skorti Akureyringa sem sagður er mikill á öllum nauðsynjavörum.“[24]

Vorfuglar voru þó komnir nema spóinn og krían.

Andlát Björns á Granastöðum

Næsta bréf Magnúsar er dagsett 16. september 1881. Þar er aðalfréttin lát sonar hans, Björns á Granastöðum[25]:

„Elskaða góða Ingibjörg! Mig langar til seinna, þó ekki verði af því í þetta sinn, að svara þínum 2 síðustu meðteknu brjefum skrifuðum í júlí mánuði. Nú kemst jeg eigi hjá að láta þessar línur fara þjer þá sorgarfregn sem þú verður máske búin að heyra, nefnilega fregnina um lát þíns elskaða bróður B.[jörns]. á Granastöðum.

Björn Magnússon hafði skilið við að morgni 11. ágúst, líklega af völdum lungnabólgu.

„Björn var Guðrækin og merkur maður, tryggur og vinfastur,“ — ritaði Sighvatur Borgfirðingur um hann. Björn Magnússon var jarðaður á Þóroddsstað 20. ágúst.[26] Í bréfi 20. desember 1881 var lát Björns á Granastöðum enn aðalefnið[27]:

„Vel farast þjer orð um mótlæti okkar í því að verða að sjá B.[irni] á bak eptir svo stutt æfiskeið, og vil jeg sjer í lagi þakka þjer þína hjartanlegu hluttekningu í því tilliti. Nú sem stendur og komandi ár, hvað sem lengur kann að verða, vill Hólmfríður framhalda búskap á Granastöðum og hefir þegar fengið allduglegan mann til fyrirvinnu sem fer þangað í vor komandi, er hann bæði góður verkmaður og þar að auki hagar til að laga allt sem fyrir kemur til heimilis þarfa.“

Sigfús í Múla og á Vestdalseyri

Sigfús Magnússon bjó í Múla á árunum 1877–1882. Hann átti ekki skap saman við tengdamóður sína, Arnfríði Sigurðardóttur, enda sagt, að hún umgengist hann af minni mannvirðingu en vinnu-menn.[18] Arnfríður lézt 1879, og séra Benedikt Kristjánsson í Múla kvæntist aftur árið 1881. Seinni kona hans var Elínborg, dóttir séra Friðriks Eggerz, prests í Skarðsþingum í Dalasýslu. En nú lynti Guðrúnu Benediktsdóttur, konu Sigfúsar, ekki við nýju prestmaddömunu. Hugur Sigfúsar Magnússonar beindist til Austfjarða og athafnalífsins þar, síldveiða Norðmanna og fiskveiða. Í bréfinu til Ingibjargar, dóttur sinnar, frá 20. desember 1881, ritar Magnús[27]:

„Mest gróðavon þykir nú vera í því að eiga hlutabréf í síldarveiði Norðmanna. Í fyrra sumar tvöfaldaðist við Eyjafjörð hver „Actia“, og enn þá meiri hafa — að sögn — vextirnir af hverju hlutabréfi orðið í sumar við Eyjafjörð. Á Seyðisfirði hefir líka verið arðsöm síldarveiði.“

Snemma sumars 1882 bárust mislingar að Stöðum (kirkjustöðunum í Aðaldal) með Kristínu Benediktsdóttur, prestsdóttur í Múla. Fljótlega veiktist Guðrún, systir hennar, kona Sigfúsar Magnússonar. Veikin lagðist þungt á Guðrúnu, og hún var enn veik, þegar hún ól barn, sem aðeins var 9 merkur og fæddist 8 vikum fyrir tímann (það var Leifur, fæddur 7. júlí 1882). Flutningur þeirra Sigfúsar og Guðrúnar til Seyðisfjarðar frestaðist því.[28]

Jón Skúli í Helleröd sýndi föður sínum ræktarsemi. Í október 1882 hafði hann sent honum 4 bréf það árið og fín svört klæðisföt að gjöf, vönduð að öllu, að vísu of víð, og erfitt var að fá saumakonur í Aðaldal til þess að breyta þeim. Þetta skrifar Magnús dóttur sinni 20. október 1882, en er annars tíðræddast um mislingafaraldurinn, sem nýlega var genginn yfir.[29]

Veturinn 1883–1884 var dvöl Magnúsar á Grenjaðarstað orðin honum erfið.[30] Hann var kominn á 76. aldursárið og heilsunni hrakaði. Ekkert varð af Seyðisfjarðarför Magnúsar fyrr en vorið 1884, þá flutti hann loks til Vestdalseyrar til Sigfúsar, sonar síns (er ekki skráður á Grenjaðarstað í árslok 1884).[31] Dvöl Magnúsar á Seyðisfirði varð þó endaslepp, því Sigfús tók sig upp alfarinn og fór til Vesturheims með fjölskyldu sína 1886.[32]



*Sigfús Magnússon,
landnemi í Nebraska.*

Ævilok í Garði í Aðaldal

Séra Magnús Jónsson settist nú að hjá hjónunum Baldvin Sigurðs-syni (1837–1915) og Guðnýju Jónsdóttur í Garði í Aðaldal (kom í Garð í júní 1886).[33] Guðný í Garði var systir Benedikts á Auðnum og seinni kona Baldvins. Fyrri konu sína hafði Baldvin misst eftir stutta sambúð. Hún var Helga, dóttir séra Jóns Austmanns Jónssonar (1809–1887), smáskammtalæknis, sem þýddi lækningabókina með séra Magnúsi. Baldvin var smáskammtalæknir og hafði lært af Jóni Austmann og Magnúsi. Oft dvöldu sjúklingar langdvölum hjá Baldvin og Guðnýju, sumir langt að komnir. Þar nutu þeir nærfærinnar hjúkrunar Guðnýjar, sem þótti sérlega lagin við sjúka. Nokkuð var Baldvin vínhneigður, þótti nota áfengi „drjúgt til meðalagerðar“. Baldvin var frjálslýndur í trúarefnum, svo að nóg þótti um, maður hreinlyndur og fór ekki dult með skoðanir sínar. Hjá þeim leið Magnúsi vel.

Síðasta bréf séra Magnúsar, sem kunnugt er um, er til tengdasonar hans, Júlíusar Halldórssonar, héraðslæknis á Klömbum í Vesturhópi. Bréfið er ritað í Garði í Aðaldal 3. janúar 1887.[34] Tengdason sinn, Júlíus, þérar séra Magnús. Upphaf bréfsins er þannig:

„Heiðraði, elskulegi tengdasonur! Vel gjörið þjer og Ingibjörg að minnast mín og láta mig eigi gjalda þess að jeg skrifa svo sjaldan. Getur stafagjörð mín verið mjer til afsökunar í því tilliti.“

Séra Magnús heldur áfram [34]:

„Síðan jeg settist hjer að 21. júní næstl.[1886], hefi jeg haft öllu jafnari heilsu en á Seyðisfirði, sem mest mun vera að þakka hentugra matarhæfi, einkum nýmjólk spenavolgri sem jeg drekk af 1 vænan bolla kvöld og morgun, í staðinn fyrir kaffi og tevatn, sem jeg er orðinn alveg afvana. Jeg er í mátulega stóru herbergi með nægum ofnhita, og nýt í öllu tilliti beztu aðbúðar og þjónustu.

Ævilokum Magnúsar í Garði í Aðaldal er lýst svo, að þar hafi hann haft þann sið að ganga upp á hól í túninu og horfa yfir til Grenjaðarstaðar í gegnum sjónpípu. Grenjaðarstaður var honum kær. Hann naut þess að fylgjast með því, sem þar gerðist. Í síðasta sinn, sem hann fór út fyrir dyr, var kalt í veðri og hvasst, og honum varð

kalt uppi á hólnum. Hann lézt fáum dögum síðar, hinn 18. maí 1889.[3]

Þýðlyndur uppreisnarmaður

Börn og barnabörn, Grenjaðarstaður og læknisfræði voru honum kærust undir ævilokin. Magnús skrifaðist á við syni sína í Danmörku og Ameríku og dóttur í fjarlægri sveit á Íslandi, en sonur hans, sem búið hafði nærri honum, var látinn.

Magnúsar Jónssonar verður ekki minnzt fyrir preststörf, — „sæmilegur klerkur,“ segir Sighvatur Grímsson um hann, og ekki mikill ræðumaður.[26] Barnaláni átti Magnús að fagna, en ættföð-urhlutverk fjölmennrar Grenjaðarstaðarættar er tengt föður hans fremur en við Magnús sjálfan, enda ílentust allir afkomendur tveggja sona Magnúsar erlendis, þeirra Jóns Skúla og Sigfúsar, aðeins afkomendur Björns á Granastöðum og Ingibjargar bjuggu á Íslandi, og vantar einnig þar nokkuð á. Hildur átti ekki afkvæmi. Læknisfræði Magnúsar var olnbogabarn síns tíma, og þótt hún nyti vinsælda um skeið, hefur hún aftur horfið í skuggann. Sá þáttur, sem verður minnisverðastur um Magnús, er hlutur hans í menningarvakningu héraðsins á þessum árum, menntunarhlutverk Grenjaðarstaðarheimilis þeirra feðga, Magnúsar og Jóns, í rúma hálföld, frá 1827 og fram yfir 1880.

Magnús vann störf sín hljóðlátlega. Þýðlyndur var hann, aldrei fyrirferðarmikill, ekki mikill bógur líkamlega. Samt var hann uppreisnarmaður, andófsmaður í trúmálum sem og í lækningum og í skólamáli yfirleitt. Var það sprottið af biturleika af því, að hann fékk sjálfur ekki að læra í skóla eins og hugur stóð til? Magnús ferðaðist aldrei til útlanda, en hann dvaldi víða á Íslandi.

Ekki síður er spurning, hvers vegna Magnús lét engan af sonum sínum fara í skóla. Lítil skólaganga Jóns Skúla og Sigfúsar gæti hafa leitt til þess, að þeir fundu sér ekki á Íslandi verkefni við hæfi og atgervi. Þeir urðu ekki embættismenn í landinu, prestar, sýslumenn eða læknar. Þeir leituðu í verzlun og annan atvinnuveg og settust að lokum að erlendis. Gagnstætt föður sínum, sem undirbjó pílta til náms á Bessastöðum, enda gamall kennari skólans, þá var séra Magnús sjálfum sér samkvæmur. Hann bjó engan undir nám í lærðum skóla. Ekki vegna þess að hann væri mótfallinn menntun, síður en svo. En hann sóttist eftir annars konar menntun. Læra skyldi nútímamálin, Norðurlandamál og þýzku, frönsku, ensku, lesa andans verk á þessum tungumálum, bókmenntir. Menntun

snerist um lestur þess konar rita, og bækurnar skyldu keyptar frá útlöndum. Magnús gerðist bókaínnflytjandi sýslunnar, stuðzt var við skrár um nýútkomnar bækur í Skírni. Þessa nutu þeir félagar og æskuvinir, Sigfús, sonur Magnúsar, og Benedikt frá Auðnum, sem að sumu leyti ólst upp hjá séra Magnúsi. Benedikt minnst þess, að byrjað hafi verið á þessum innflutningi um 1860, en sendibréf séra Magnúsar sýna, að hann var farinn að panta bækur og annað frá Kaupmannahöfn miklu fyrr eða allt frá því að Magnús Eiríksson kom til Kaupmannahafnar á fjórða áratug aldarinnar. [35,36]

Aldrei gerðist séra Magnús á Grenjaðarstað beinlínis gagnrýnandi ríkjandi trúarskoðana. Opinberlega tók hann ekki upp vörn fyrir vin sinn Magnús Eiríksson, þegar ráðizt var á hann í ræðu og riti á Íslandi (líkt og 5-stafa maðurinn Einar í Nesi). Lengst fram- an af prestskap hefur séra Magnúsi líklegast verið umhugað um að tryggja sér áframhaldandi setu á Grenjaðarstað eftir föður sinn, og það tókst honum. En frami hans innan kirkjunnar varð heldur ekki meiri. Þeir feðgar á Grenjaðarstað, séra Jón og séra Magnús, urðu aldrei prófastar.

Þakkir: Björn S. Stefánsson og Ottó J. Björnsson lásu greinina í handriti. Úlfar Bragason veitti höf. gagnlegar upplýsingar. Er þeim öllum þökkuð aðstoðin.

Heimildir

- 1) *Sendibréf Magnúsar Jónssonar til Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, dagsett á Grenjaðarstað 17. janúar 1872.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 2745, 4to.
- 2) *Sendibréf Magnúsar Jónssonar til Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, dagsett á Grenjaðarstað 5. apríl 1872.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 2745, 4to.
- 3) M. Júl. Magnús. Sjera Magnús Jónsson. *Andvari. Tímarit Hins íslenska Þjóðvínafélags*, 47. árg., bls. 66–78, 1922. — Í handriti Konráðs Vilhjálmssonar, Þjóðskjalasafni Íslands, *Þingeyingaskrá*, 30. bd., er orðið „blöðrukrampi“ merkt við dánardægur Magnúsar Jónssonar.
- 4) *Sendibréf Magnúsar Jónssonar til Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, dagsett á Grenjaðarstað 11. janúar 1872.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 2745, 4to.
- 5) Arnór Sigurjónsson. *Einars saga Ásmundssonar*, 3. bd. *Afrek á ævikvöldi*. Rvk 1970, bls. 276–277.

- 6) *Sendibréf Magnúsar Jónssonar til Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum, dagsett á Grenjaðarstað 27. nóvember 1875.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 2745, 4to.
- 7) Eiríkur Albertsson. Minning Ingibjargar Magnúsdóttur læknisfrúar. *Morgunblaðið*, 33. árg., 200. tbl., bls. 11, 6. september 1946.
- 8) Ingunn Þóra Magnúsdóttir. Kaffiboð á himnum. Brot úr ævi þriggja þingeyskra kvenna á 19. öld. *Kvenmaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi.* Rvk. 2001, bls. 223–230.
- 9) *Helga Sörens dóttir. Ævisaga rituð eftir sögn hennar sjálfar.* Rvk. 1951, bls. 104–107. Jón Sigurðsson skráði.
- 10) Ólafur Grímur Björnsson. Einar Benediktsson á Grenjaðarstað. *Skjöldur-tímarit um menningarmál.* Nr. 46, 4. tbl., 13. árg., 2004, bls. 21–22.
- 11) Pjetur Guðmundsson. *Annáll níttjándu aldar. Safnað befur síra Pjetur Guðmundsson frá Grímsey.* Finnur Sigmundsson bjó undir prentun. 4. bd., 1870–1883. Ak. 1942–1954, bls. 261. — Hér er farið eftir kirkjubók, en þar er sagt, að Pétur Emil Júlíus Halldórsson, læknir í Húnavatnssýslu, og Ingibjörg Magnúsdóttir, prests að Grenjaðarstað hafi verið gefin saman 27. des. 1876 af Benedikt Kristjánssyni, prófasti, að fengnu konunglegu vígslubrési. Svaramenn voru Jón Jóakimsson, Þverá, og faðir brúðarinnar (það er séra Magnús Jónsson). Þjóðskjalasafn Íslands. Suður-Pingeyjarsýsla. *Ministerialbók Grenjaðarstaðar 1864–1930*; hjónabönd.
- 12) Björn Magnússon. *Afmælisljóð til Ingibjargar Magnúsdóttur 22. janúar 1870.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 13) Þorsteinn Þ. Þorsteinsson. *Saga Íslendinga í Vesturheimi.* II. bd., bls. 144–145, Winnipeg 1943. – Sýslungur Jóns Skúla Magnússonar, Jón Halldórsson, sem fór til Vesturheims, getur þess í dagbók sinni í Milwaukee 11. janúar 1873, að honum hafi þá borizt sendibréf frá Jóni Skúla í Kaupmannahöfn. Ætla má að Jón Skúli hafi því verið kominn til Kaupmannahafnar haustið 1872, en ekki er kunnugt um dvöl hans þar ytra fyrr (Jón Halldórsson, „Dagbók“. Í forum Carolyn Hinds. Uppl. fengnar frá Úlfari Bragasyni).
- 14) Gunnlaugur Haraldsson. *Læknar á Íslandi* II. bls. 934–935. Rvk. 2000.
- 15) Þjóðskjalasafn Íslands. Suður-Pingeyjarsýsla. *Ministerialbók Grenjaðarstaðar 1864–1930.*
- 16) Benedikt Kristjánsson. *Trauerrede. Sjera Magnús Jónsson Grenjaðarstað* (f. 7.1. [svo] 1809, d. 18.5. 1889, jarðs. 31.5. 1889). Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 17) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 4. júlí 1877.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handrita-

deild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).— Þingeyjarprófastsdæmi var skipt árið 1869. Fyrir skiptinguna hafði prófastsembættið nánast gengið í erfðir. Björn Halldórsson (1774–1841), prestur í Garði í Kelduhverfi, var prófastur 1826–1840. Sonur hans, séra Halldór Björnsson (1798–1869), prestur á Eyjardalsá í Bárðardal og síðar á Sauðanesi í Pistilfirði, var prófastur 1840–1863, enda verið aðstoðarmaður föður síns frá 1833. Sonur Halldórs, séra Björn Halldórsson í Laufási (1823–1882), var prófastur 1863–1869, og eftir skiptinguna var hann prófastur í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi 1869 til 1871. Þá tók séra Benedikt Kristjánsson (1824–1903) í Múla þar við og var til 1878 og eftir hann séra Benedikt Kristjánsson á Grenjaðarstað (1840–1915) til 1884, að séra Benedikt í Múla varð prófastur aftur og gegndi embættinu til 1889.


- 18) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 21. maí 1878* (vérlitað eftirrit). Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 19) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 7. ágúst 1878* (að hluta til vérlitað eftirrit). Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 20) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 26. og 31. desember 1878*. Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn) (vérlitað eftirrit og frumrit).
- 21) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 17. október 1879* (óheilt). Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 22) Magnús Jónsson. Auglýsingar. *Norðanfari*, 19. ár, nr. 7–8, bls. 16, 30. janúar 1880.
- 23) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 4. janúar 1881*. Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 24) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 11. og 13. maí 1881*. Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 25) *Sendibréf Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 16. september 1881*. Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 26) Sighvatur Grímsson Borgfirðingur. *Prestaæfir Þingeyjarsýsla*. XVII, bd., bls. 825–836. Lbs. 2373 4to. — Þjóðskjalasafn Íslands. Ministerialbók Póroddsstaðarprestakalls 1861–1908 (dánir).
- 27) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á*

- Grenjaðarstað 20. desember 1881.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 28) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 12. júlí 1882.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 29) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 20. október 1882.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 30) *Sendibréf séra Magnúsar Jónssonar til Ingibjargar Magnúsdóttur, dagsett á Grenjaðarstað 14. febrúar 1884.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 31) *Þjóðskjalasafn Íslands. Manntal 1880: Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslur. — Þjóðskjalasafn Íslands. Suður-Þingeyjarsýsla 1801–1908. Sálnameglistur, 31. desember 1884.*
- 32) Júníus H. Kristinsson. *Vesturfaraskrá 1870–1914.* Rvk. 1983, bls. 53.
- 33) Konráð Vilhjálmsson. *Baldvin Sigurðsson í Garði og Guðný Jónsdóttir kona hans. Óðinn, 16. árg., 1.–6. tbl., bls. 30–33, og 7.–12. tbl., bls. 87.*
- 34) *Sendibréf sr. Magnúsar Jónssonar til Júlíusar Halldórssonar, lækni á Klömbrum í Vesturbópi, dagsett í Garði, Aðaldal, 3. janúar 1887.* Landsbókasafn-háskólabókasafn. Handritadeild. Lbs. 297 NF (Björn Sigfússon. Einkaskjalasafn).
- 35) Þýðlyndur uppreisnarmaður. I. Séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað. *Súlu. Nordlenskt tímarit, 37. árg., 50. hefti, Ak. 2011, bls. 4–40.* — Þýðlyndur uppreisnarmaður. II. Séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað. Árin í Garði í Kelduhverfi og í Ási í Fellum, 1841–1854. *Súlu. Nordlenskt tímarit, 38. árg., 51. hefti, Ak. 2012, bls. 151–190.* — Þýðlyndur uppreisnarmaður. III. Séra Magnús Jónsson á Grenjaðarstað; prestskapur og lækningar 1854–1872. *Súlu. Nordlenskt tímarit, 40. árg., 53. hefti, Ak. 2014, bls. 94–133.*
- 36) Um Benedikt Jónsson frá Auðnum og bókaptanir hans og Sigfúsar Magnússonar, sjá Sveinn Skorri Höskuldsson. Ófeigur í Skörðum og félagar. *Skírnir, 144. árg., bls. 34–110, Rvk. 1970.* — Sveinn Skorri Höskuldsson. *Benedikt á Auðnum. Íslenskur endurreisnarmaður.* Rvk. 1993, bls. 20–21.

MAGNÚS STEFÁNSSON

Spítala-Þórður

*Magnús Stefánsson er fæddur 1936.
Um nánari æviatriði sjá Súluur
XXXIX. árg., 52. hefti, 2013,
bls. 62.*



Inngangur

Á fyrstu árum síðustu aldar mátti af og til sjá á rölti kringum spítalann á Akureyri riðvaxinn mann en holdskarpan og tekinn í andliti. Hann fór sjaldnast langt frá spítalanum, stakk við og átti erfitt með gang. Þarna var á ferð maður að nafni Þórður Guðmundsson, húnvetnskur að ætt og uppruna. Hann hafði komið á spítalann rétt um aldamótin og átti ekki afturkvæmt þaðan fyrr en dauðinn leysti hann frá þessa heims basli og sorgum tveimur áratugum síðar.

Til er í eigu Sjúkrahússins á Akureyri mynd af manni þessum. Á skildi, sem er festur við rammann segir að hann hafi dvalið á spítalanum „*ýmist sem sjúklingur eða aðstoðarmaður.*“ Af þessu fékk hann viðurnefnið „Spítala-Þórður“ og varð brátt þekktur undir því nafni svo mjög að önnur auðkenni á mannum hafa að mestu horfið í skuggann af viðurnefninu. Hver var þessi maður, og hver voru þau sköp er skópu honum að dvelja á sjúkrahúsi síðustu tuttugu ár ævi sinnar?

Hefjum leitina í sjúkrahúsinu. Í manntali 1901 er Þórður Guðmundsson 35 ára skráður sjúklingur á sjúkrahúsinu J. Gudmanns



Sjúkrahúsið J. Gudmanns Minde 1899. Það var í þessu húsi, sem Spítala-Þórður eyddi tveimur áratugum af ævi sinni.

Myndin í eigu Minjasafns Akureyrar. Ljósmyndari ókunnur.

Minde við Spítalaveg 11 á Akureyri og sagður fluttur í Akureyrarsókn 1899. Þennan sama dag dvelja þar þrír aðrir sjúklingar ásamt Ragnheiði Guðjónsdóttur, ógiftri 24 ára spítalahjúkrunarkonu. Þar er líka skráður Jónatan Jóhannesson¹ húsbóndi 40 ára ásamt eiginkonu sinni, Björgu Jónsdóttur, þremur börnum þeirra og líka aldradæri móður húsráðanda, einum vinnumanni, tveimur kaupakönnum og einum matvinnungi, alls 15 manns.[1] Samkvæmt skráðum aldri hefði Þórður átt að vera fæddur 1865, sem frekari eftirgrennslan leiddi í ljós að ekki var alveg rétt.

Ætt og uppruni

Þórður var fæddur 7. desember 1864 á Mörk í Bólstaðarhlíðarsókn.[2] Foreldrar Þórðar voru Guðmundur Guðmundsson frá Umsvölum (1831–1883) og Halldóra Þórðardóttir frá Ljótshólum (1844–1888), og bjuggu þau lengst af sinni búskapartíð á Sneis í Laxárdal fremri. Guðmundur bóndi dó 1883, en Halldóra bjó áfram með börnum sínum uns hún brá búi 1887 og fluttist, ásamt þremur yngstu börnum sínum, til Kanada frá Seyðisfirði með skipinu Miaca og er ferðinni heitið til Winnipeg.[3] Í Vesturheimi andaðist frú Halldóra 1888, því að samkvæmt fregn í Lögbergi 13.

¹ Hann var fyrsti spítalahaldari við „Nýja spítala“, ráðinn 1899.

jún það ár dó Halldóra Þórðardóttir á sjúkrahúsi í Winnipeg „eftir langvarandi þjáningar.“

Guðmundur bóndi á Sneis í Laxárdal fremri eignaðist tvær dætur áður en hann gekk í hjónaband. Elstu dóttur sína, Guðrúnu Ósk, eignaðist hann 1852 með Sigríði Gunnlaugsdóttur, f. 1834, á Brekku í Þingeyrarsókn.

Guðrún Ósk mun eitthvað hafa dvalið hjá föður sínum, því í manntali 1870 er hún skráð á Sneis sem dóttir hjónanna þar á bæ. Guðrún fluttist síðar til Sauðárkróks, giftist þar Bjarna Jónssyni í Bjarnabæ. Hún dó 1908, 56 ára að aldri. Næsta barn Guðmundar, Stefanía, kom í heiminn 1861, dóttir Guðrúnar, f. 1838, d. 1898. Ekki fara sögur af því, að Stefanía hafi dvalið á heimili föður síns, en hún giftist síðar Jóni Jónssyni, bónda á Öxl í Þingi, Sveinsstaðahreppi. Þeirra sonur var séra Jósep Jónsson, en hans yngsti sonur er Pétur, lengi kennari og fasteignasali á Akureyri. Stefanía andaðist 1937, 76 ára gömul.[4]

Og nú var komið að Halldóru Þórðardóttur að ala Guðmundi frá Umsvölum börn. Árið 1862 fæddist meybarnið Steinunn, og þá fannst Guðmundi bónda nóg komið og gekk að eiga Halldóru



Þórður Guðmundsson. Frummynd í eigu Sjúkrahússins á Akureyri.

Ljósmyndari og tími ókunnur.

tveimur mánuðum eftir fæðingu Steinunnar, sem dó 1884, 22 ára gömul, á Geithömrum hjá Steinunni, móðursystur sinni, móður Þórðar Sveinssonar lækni á Kleppi,[5] og hafði áður verið í fóstri hjá henni átta ára gömul á Rútsstöðum í Auðkúlusókn.

Anna Sigríður, önnur dóttir Halldóru og Guðmundar, kom í heiminn ári síðar en Steinunn, 1863. Hjónin eru þá á Brekku í Þingeyrarsókn, en komin í Mörk í Bólstaðarhlíðarsókn þegar sögupersóna okkar, Þórður, fæðist 1864 og loks fæðist þar Valgerður 1866. Hvenær Anna Sigríður dó hefur ekki fundist, en eins og Þórður komst Valgerður til

fullorðins ára. Hún giftist fyrst Guðmundi Halldórssyni frá Móbergi, en missti hann eftir eins árs sambúð. Sonur þeirra, Halldór, f. 1887, var enn á lífi í Efri-Lækjardal í Refasveit, þegar hálfbróðir hans Guðmundur Frímann skáld, rithöfundur og bókagerðarmaður á Akureyri ritaði bók sína „Þannig er ég, – viljirðu vita það“, árið 1978. Valgerður giftist síðar Guðmundi Frímann Björnssyni frá Mjóadal. Þau bjuggu lengi í Hvammi í Langadal og þar fæddust þeim sex börn, þeirra á meðal áðurnefndur Guðmundur og Jóhann Frímann lengi skólastjóri Gagnfræðaskólans á Akureyri. Valgerður andaðist í hárrí elli 1944.[6]

Ári síðar en Valgerður fæðist flytur fjölskyldan að Strjúgsstaðaseli í Holtastaðasókn, Engihlíðarhreppi, og voru þar til 1868, er þau flytja að Sneis í sömu sókn. Þar fæðist fyrstur af sex börnum, sem hjónunum fæddust á Sneis, Guðmundur árið 1869, dáiinn 1874 úr brjóstveiki. Síðan kom Hannes 1871, dáiinn ári síðar. Þá Rannveig Hannína 1873.[7] Hún er líklega sama konan og sögð er hafa farið vestur um haf, 26 ára gömul, frá Blönduósi árið 1900.[3] En Rannveig Hansína Guðmundsdóttir er sögð hafa látist 29. jan. 1926, 53 ára, við Blaine Washington þá gift Hannesi Teitssyni. Miðað við skráðan dánaraldur gæti verið um sömu konu að ræða. [8] Næst komu Anna Sigríður yngri 1875, Guðmundur yngri 1877 og Sigríður Stefanía, sem fædd var 1880.[7] Öll flytjast þessi þrjú yngstu börn með móður sinni til Winnipeg 1887.[3]

Þórður og Anna

Þórður er 19 ára gamall þegar faðir hans deyr. Hann hafði þá lengst af dvalist í föðurgarði og bjó ásamt móður sinni á Sneis tvö



Anna Magnúsdóttir.

ár í viðbót, en 1886 til 1891 er hann vinnumaður hjá Árna bónda Þorkelssyni á Geitaskarði í Langadal. Samtímis honum er þar í vinnumennsku kona ári eldri en Þórður, Anna Magnúsdóttir (1863–1944), frá Bási í Hörgárdal.[1, 1890] Skemmst er frá því að segja, að Þórður og Anna fella hugi saman og ganga í hjónaband í Holtastaðakirkju á gamlársmorgun 1890. Prestur var séra Jón Jónsson á Hofi á Skagaströnd, sem þá þjónaði líka Höskuldsstaðasókn, í tímabundnu straffi séra Eiríks Briem[9] en

svaramenn voru húsbóndinn á Geitaskarði og annar gildur bóndi í dalnum Erlendur Einarsson á Fremsta Gili.[7] Ungu hjónin héldu áfram í vinnumennsku næstu ár á sama stað og þar fæðist þeim þann 11. október 1891 dóttir, sem í skírinni hlaut nafnið Octonía. Í sóknarmannatölum ber barnið þetta nafn áfram, en við fermingu er því breytt í Oktavía.

Ekki finnast heimildir um annað en hjónin hafi búið áfram í vinnumennsku á Geitaskarði næstu fjögur ár eftir brúðkaupið, en eftir það er nokkuð á reiki um samvistir þeirra hjóna. Þau eru talin hafa búið einhvern tíma á Steinnesi í Sveinsstaðahreppi[10], en 1895 eru þau bæði skráð vinnuhjú á Móbergi og þar dvelja mæðgurnar áfram til 1906,[7] Anna sem hjú og Oktavía á sama stað sem „vika stúlka“, 10 ára gömul.[1, 1901] Af Þórði er það að segja, að 1896–1898 dvelur hann hjá Valgerði systur sinni að Hvammi, sem að vísu er næsti bær við Móberg í Langadalnum. Næstu þrjú ár er Þórður aftur skráður á Móbergi en um aldamótin fara að skarast heimildir um dvalarstað hans. Um þetta leyti hefur Þórður verið farinn að kenna vanheilsu, sem smám saman ágerist og veldur því að hann neyðist til að leita sér lækninga um langan veg og erfiðan.

Spítala-Þórður

Leit að Þórði í gögnum spítalans bar lítinn árangur. Sjúkragögn frá þeim tíma, er hann var tekinn á spítalann eru glötuð og eiginleg sjúkraskrá hans finnst heldur ekki. Sjúklingadagbækur hafa varðveist lítt skemmdar frá 1908, og frá þeim tíma fram til þess að hann dó kemur nafn hans þar aðeins einu sinni fyrir. Árið 1911 er í lok bókarinnar skráð, að Þórður Guðmundsson hafi dvalið sem sjúklingur í 245 daga.[11]

Nafn Þórðar er fyrst að finna í varðveittum bókum spítalanefndar þegar segir í fundargerð 13. júlí 1903, að honum hafi verið úthlutaður styrkur að upphæð kr. 35,75 úr styrktarsjóði C. J. Hoephners.[12] Þórður er í sömu fundargerð sagður vera frá Akureyri, er gæti bent til þess, að lögheimili hafi þá þegar verið flutt til Akureyrar. Varla hefir upphæðin dugað lengi til greiðslu sjúkrahúskostnaðar því hann var á þessum tíma 1 kr. og 10 aurar á dag fyrir sjúklinga frá Akureyri og úr Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslum. En fyrir þessa fjárhæð fengu sjúklingar „... hús, rúm, fæði, hjónustu og alla aðhjúkrun, en verða að borga sérstaklega alla læknishjálp.“[13]. Merkilega bókun, þar sem Þórðar er getið, er að

finna í fundargerð sömu nefndar frá 11. september 1908. Þar stendur orðrétt:

„Héraðslæknir skýrði frá því að hjúkrunarkona spítalans hefði vegna veikinda orðið að hætta starfa sínum, og gerði hann nú ýtrustu tilraunir til þess að ráða hjúkrunarkonu í staðinn. Hjúkrunarstörfum á spítalanum gegndi nú í þessum forföllum Þórður Guðmundsson í sambandi við vinnukonu forstöðukonunnar. Hann gat þess að forstöðukonan hefði farið fram á að þessi störf vinnukonu sinnar gætu jafnast á við fæði það sem hún annars yrði að veita hjúkrunarkonunni og vildi hann gefa því meðmæli sín og ennfremur stakk hann upp á því að Þórði Guðmundssyni yrði borguð 1 króna á dag fyrst um sinn auk fæðis.“[12]

Þessi tillaga var samþykkt og ekki verður annað af kaupinu ráðið en hann hafi staðið sig, því nokkru framar í fundabókinni, 22. janúar 1907, kemur fram, „...að kaup hjúkrunarstúlkú sé þekkað upp í 150 kr. á ári úr 125“ auk fæðis og húsnæðis. Eða kannski endur-



Við skurðarborðið. Steingrímur Matthíasson að gera við kviðslit. Þórður hallar sér upp að höfðalagi skurðborðsins. Jónas Rafnar snýr baki í ljósmyndara og á milli þeirra má þekkja Júlíönu hjúkrunarkonu Friðriksdóttur.

Minjasafn Akureyrar. Ljósmyndari Hallgrímur Einarsson. Ár 1920.

spegla þessar launagreiðslur einungis kynjamisrétti árána um aldamótin 1900. Þess er loks að geta, að í sjúkraskrá, sem varðveist hafa, flestar frá 1909, er að finna blöð um Þórð frá árunum 1909, 1910 og 1911.

Þau geyma þó ekki aðrar upplýsingar, en að Þórður hafi legið inni „*af og til eins og áður*“. Á einu blaðanna, árið 1910, er þó bætt við: „*Sjúkdómurinn tekur sig alltaf upp af og til. Er þó allbress og oftast á fótum og rölti,*“ og á þessu sama blaði er sjúkdómsgreiningu hans að finna. Samkvæmt því sem þar stendur hefur Þórður þjáðst af langvarandi sjúkdómi, sem þáverandi læknar réðu ekki við að lækna endanlega, nema þá með skurðaðgerð þar sem tvísýnt gat verið um árangur og afdrif sjúklingsins. Hins vegar var oft mögulegt að halda sjúkdómi Þórðar í skefjum auk þess sem sjúkdómurinn hafði þá náttúru að draga sig tímabundið og mislengi í hlé, og til eru dæmi þess, að sjúkdómurinn hafi meira að segja fjarð út. Þannig getur náttúrulegur gangur sjúkdóms Þórðar vel skýrt það, að hann hafi verið fær um að sinna störfum aðstoðarmanns á sjúkrahúsinu af og til.

Hvernig gekk eftir 1911 þegja bækur spítalans um og lítið hefur fundist utan þeirra til að fylla í eyðurnar, en nokkra lýsingu á Þórði er þó að finna í eftirfarandi frásögn manns, sem var veturlangt sjúklingur á spítalanum samtímis honum:

Hann [þ.e. Þórður] hafði veikt af berklum í hné og legið rúmfastur á sjúkrahúsinu í sjö ár þegar Guðmundi Hannessyni, sem þá var sjúkrahúslæknir, tókst um síðir að græða hann, svo hann komst til heilsu, en hlaut staurhné. Þegar Guðmundur hvarf frá Akureyri, bjó hann svo um hnútana, að Þórður mætti eiga vist ævilangt á sjúkrahúsinu, ef hann kysi, því maðurinn var einstæðingur. Nú var Þórður búinn að dvelja fimmtán ár á sjúkrahúsinu. Þar vann hann ýmis verk: bar sjúklingum mat og drykk og vann smávik, sem fyrir komu. Fyrir þau störf fékk hann fæði sitt að launum. Þá mun hann einnig hafa aðstoðað við svæfingar sjúklinga og ræst skurðstofu að loknum aðgerðum.² Fyrir þau störf fékk hann einhverja peningapökun.

² Þegar sögumaður var 1960 að hefja störf á FSA, þá enn í háskóla, minnst hann þess að hafa heyrt talað um Spítala-Þórð og ætíð með vissri virðingu. Eitt af því sem sögurnar um Þórð sögðu, var að Steingrímur Matthíasson hefði kennt honum að svæfa og af því hefði karl fengið viðurnefnið „Rotarinn“.[17] Þessa sögu hefur höfundur hins vegar aldrei fengið staðfesta fyrr en nú, þótt viðurnefninu sé sleppt.



Áskell Snorrason leikur á orgel fyrir sjúklinga og starfsfólk. Þórður hallar sér að austurvegg gangsins, til hægri á mynd. Á miðju gólfi stendur Jónas Rafnar og Steingrímur Matthíasson stendur við glugga á vesturvegg gangsins.

Minjasafn Akureyrar. Ljósmyndari Hallgrímur Einarsson. Ár sennilega 1920.

Framan af vetrinum var Þórður oft hvefsinn og fremur leiðinlegur í garð okkar stofufélaga og ég held fleiri sjúklinga.

Okkur hafði verið sagt, að heimilt væri okkur að biðja um matarviðbót, ef okkur þætti of naumt fram reitt. Það varð ráð okkar Ólafs Tryggvasonar að ná okkur niðri á Þórði með því að senda hann sem oftast aukaferðir í eldhúsið til viðbótar matfanga, jafnvel þótt við hefðum fengið nóga saðningu.

Oft reifst þá Þórður gamli og skammaðist yfir keipunum í okkur og sagði þá jafnan, að víst værum við búnir að fá nóg í helvítis kjaftinn á okkur, en drattaðist þó jafnan í sendiferðirnar fyrir okkur. Þórður, sem átti hvílu í sömu stofu og við Ólafur, gekk oft seint til rekkju, hélt sig á síðkvöldum í eldhúsi, og var okkur stundum ónæði að því, þegar hann kom seint í háttinn, en við ef til vill nýsofnaðir.

Að út liðnum vetri varð á þessu mikil breyting, þá féll karlinn í ónád hjá eldakonum og leitaði hann þá til hvílu sinnar fyrir á kvöldin. Þá breyttist framkoma hans við okkur. Vék hann þá oft á tal við okkur Ólaf og var glaðlegur í viðmóti. Karlinn var greindur,

sagði vel frá og fjörlega, átti til að ryðja úr sér skemmtilegum bröndurum. Tók hann nú að draga taum okkar í matarmálunum, varð ólátur við að færa okkur aukaskammt af mjólk og fleiru og hvatti okkur til að biðja um meira en fram var reitt á máltíðum. Þegar ég fór af sjúkrahúsinu vorum við Þórður orðnir bestu vinir. [14. bls. 85:86]

Þórðar Guðmundssonar er nánast öll ár, eftir að hann kom til Akureyrar, getið í Íbúaskráum kaupstaðarins, og þá ýmist sem sjúklings eða aðstoðarmanns. En 1911 hverfur hann úr þessari heimild. [15] Eins og fram hefir komið dvaldi hann það ár tvo þriðju hluta ársins á spítalanum, en hvenær ársins kemur ekki fram. Það vekur upp spurningar um hvort hann hafi ekki verið á Akureyri þegar manntal var tekið og hvort það kunni að standa í sambandi við dauða og greftrun dóttur hans og þá hvort eitthvert samband hafi verið milli foreldranna eftir að Þórður fór á spítala, en aðrar vísbendingar í þá veru hafa heldur ekki fundist.

Þórður andaðist á sjúkrahúsinu á Akureyri 16. ágúst 1921,[16] en líklega hefur hann ekki verið innritaður sem sjúklingur, heldur einfaldlega átt þar heimili og unnið sem aðstoðarmaður, eins og hann var skráður árið áður.[15] Andláts hans var getið í bæjarblöðum Akureyrar. Tvö þeirra, Íslendingur og Verkamaðurinn, segja að inflúensan eða afleiðingar hennar hafi dregið hann til dauða, en Dagur fullyrðir að krabbamein hafi orðið honum að aldurtila. Öll geta þau þess, að hann hafi löngum tekið til hendinni sem aðstoðarmaður og Dagur segir, að hann hafi verið: „*lengst af rólfær... var jafnan glaður í bragði og hress, þrátt fyrir vanheilsu, og vinsæll af öllum.*“ [18,19, 20] Sama árið og Þórður dó gekk skæður inflúensufaraldur um landið, sá stærsti síðan Spanska veikin herjaði 1918, og það var einmitt í ágúst þetta sumar sem veikin var í hámarki á Akureyri. [21]³

Síðustu tíu árin í ævi Spítala-Þórðar eru hulin myrkri, þar sem hann lifir aðeins í munnmælum. Og þannig lýkur að segja frá því, sem fundist hefur til þessa um Þórð Guðmundsson, oft kenndan við Móberg, og langminnugur maður á Akureyri man að hafa heyrt talað um sem „*notalegan mann, verkdrjúgan og verkbygginn.*“ [22] Hvar lúin bein Spítala-Þórðar hvíla hefur ekki fundist.

³ Það er rétt að geta þess, að ekki hefur verið gengið eftir því við dánarmeinaskrána að fá uppgefið hvert dánarmein Þórðar var.

Hvað varð um Önnu og Oktavíu?

Um konu hans er það að segja, að 1910 er hún skráð á Blönduósi [1] þar sem hún mun hafa dvalið um tíma og unnið m.a. hjá Sæmundsen verslunarstjóra, en lengst af var hún ráðskona Guðmundar bónda Guðmundssonar á Þorfinnsstöðum, en hann var heitbundinn Oktavíu, dóttur Önnu og Þórðar. Um Önnu var sagt látna:

„Síðustu þrettán árin átti hún heima í Steinnesi. ...Hún var með afbrigðum góðgjörn, örlát og höfðinglunduð, ...Tvö systkini tók hún af fátækum foreldrum og kostaði uppeldi þeirra að mestu.“

Anna mun hafa séð um uppeldi dóttur sinnar og

„...kostað hana til náms bæði í kvennaskólanum á Blönduósi og kennaraskólanum. Oktavía var mesta efnisstúlka, prýðilega gefin og myndarleg, ...og var öllum harmdauði...“[23]

er hún andaðist 27. ágúst 1911 og var jarðsett í Undirfellskirkjugarði. Anna dó 1944 og var grafin á Þingeyrum.[24]

Lokaorð

Samkvæmt því sem Árni Jakobsson segir hér að framan á Þórður Guðmundsson að hafa verið einstæðingur. Eins og fyrr segir hafa engar heimildir fundist fyrir því að þau Þórður og Anna hafi haldið sambandi hvort við annað eftir að hann fór á spítala, en heldur engar sem benda til þess að þau hafi slitið samvistir formlega. Af tómri forvitni var leitarvélin Google látin leita að Spítala-Þórði og birtist þá eftirfarandi auglýsing, en samkvæmt henni er ekki annað að sjá en að Þórður hafi getað unnið nokkuð hin síðari ár sín sem aðstoðarmaður, líklega ekki getað eytt miklu, og því safnast einhverjar eignir:

Í tilefni af dauða Þórðar Guðmundssonar frá Móbergi, er oft var kallaður „Spítala Þórður“ og átti heima á Akureyri og dó þar 1920. — Hann var sonur Guðmundar Guðmundssonar og konu hans Halldóru Þórðardóttur, er lengi bjuggu að Sneis í Húnavatnssýslu. Þórður heitinn lét eftir sig nokkrar eignir og erfðaskrá.⁴ En fyrir

⁴ Þrátt fyrir leit hefur þinglesin erfðaskrá ekki fundist.

Það að nokkur systkini hans fluttu til Ameríku fyrir ærið löngu síðan, og eigi er kunnugt um áritun þeirra né hvað mörg af þeim séu á lífi, eða aðrir erfingjar, hefir eigi verið unnt að ganga frá eignum þess látna samkvæmt erfðaskránni. eru því systkini og aðrir erfingjar hins látna Þórðar, sem í Ameríku búa, vinsamlegast beðin við fyrstu hentugleika að senda áritun sína og aðrar nauðsynlegar upplýsingar til A. P. Jóhannsson, 673 Agnes St., Winnipeg, Can.[25]

Hver hann var þessi A. P. Jóhannsson hefur ekki tekist að hafa upp á, en ræðismannsskrifstofan í Winnipeg taldi sig hafa öruggar heimildir fyrir því að hann hefði ekki verið lögfræðingur og uppgengið heimilisfang ekki hafa verið hjá lögmannsskrifstofu.[26]

En Guðmundur Guðmundsson og Halldóra Þórðardóttir á Sneis áttu 10 börn og af alsystkinum Þórðar dóu fjögur á unga aldri. En þrjú komust upp með vissu. Steinunn f. 1862 d. um tvítugt, Valgerður f. 1866 d. 1944 og Rannveig Hannína f. 1873, líklega dái 1926. Nýfengnar upplýsingar segja Guðmund yngri einnig hafa komist til fullorðinsára, eignast dóttur, sem Olga hét og gifst manni að nafni Wilfred Brynjólfsson. Þau eignuðust Kenneth Brynjólfsson, sem samkvæmt sömu upplýsingum Ættfræðisþjónustunnar bjó í Reading.[27] En hvort hann er á lífi og býr þar enn er ekki vitað.

Hvað varð um systurnar Önnu Sigríði yngri f. 1875 og Sigríði Stefaníu f. 1880 hefur ekki fundist enn.

Upplýsingar sem vitnað er til úr spítalagögnum um Þórð eru fengnar úr rannsókn, sem á sínum tíma var unnin með leyfi Persónuverndar, tilvísun 2VSNb2008030025/03-1, Siðanefndar og þáverandi yfirvalda Sjúkrahússins á Akureyri.

Eftirmáli

Um það bil sem þessi ritgerð var að fara í prentun komst skyndilega á tölvusamband við tvo afkomendur Guðmundar yngri, Ken Brynjólfsson, sem er sonur Olgu (Guðmundsdóttur) sem minnst hefur verið á, og Alicyn Goodman, sem er dóttir Leós, þriðja barns Guðmundar.

Ken skrifar m.a. um afa sinn Munda, eins og hann var kallaður, að honum hafi verið komið í fóstur þegar móðir hans dó, fyrst hjá Presbyterian-presti, en síðar hjá íslenskri fjölskyldu í Argyle. Mundi kvæntist 1912 Magnúsínu Sigurrós Jónsdóttur og átti með henni sex börn. [Ken Brynjólfsson, tölvupóstur 4. - 5. febrúar 2016.]

Alicyn skrifar um systur Guðmundar. Þær voru báðar teknar í fóstur af íslenski fjölskyldu í Manitoba. Þegar sú eldri, Anna, giftist 1899 Patrick McCarthy voru þessir fósturforeldrar skráðir sem John og Dora Goodman. Anna sem bjó lengst af í Calgary, Alberta, náði háum aldri og mætti á ættarmóti 1968, þá 93 ára gömul. Hvenær hún dó kemur ekki fram, en hún mun hafa eignast eina dóttur, Hazel að nafni, sem aftur mun eiga son sem býr í Ontario. Yngri dóttirin, Sigríður Stefanía kölluð Sadie, giftist 1908 William John Graves og þau bjuggu alla sína tíð í Winnipeg. Sigríður Stefanía dó 1949. Þau munu hafa ættleitt eina stúlku, sem nú er ekkert frekar vitað um. [Alicyn Goodman, tölvupóstur 7. febrúar 2016.]

Heimildir

1. *Mannatalssvefur Þjóðskjalasafnsins.*
2. *Kirkjubækur Bólstaðarblíðarsóknar.*
3. *Júníus H. Kristinsson: Vesturfaraskrá 1870 – 1914.* Reykjavík. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983.
4. *Gumlaugur Haraldsson: Guðfræðingatal 1847 – 2002.* Reykjavík. Prestafélag Íslands, 2002.
5. *Gumlaugur Haraldsson: Læknar á Íslandi 2000.* Reykjavík, Þjóðsaga 2000.
6. *Guðmundur Frímánn: Þannig er ég – viljirðu vita það.* Akureyri. Ögur 1978.
7. *Kirkjubækur Holtastaðasóknar.*
8. *Aðalbjörg Sigmaradóttir héraðsskjalavörður. Persónulegar upplýsingar 2013.*
9. *Sveinn Níelsson. Prestatal og prófasta á Íslandi. 2. útg.* Reykjavík. Hið íslenska bókmenntafélag, 1950.
10. *Guðmundur S. Jóhannsson: Ættir Austur Húnavetninga.* Reykjavík. Mál og mynd 1999.
11. *Sjúklingadagbók Sjúkrabússins J. Gudmanns Minde Her Ak. Óskráð.*
12. *Fundargerðabók spítalanefndar 1873-1916. Her Ak A-130/2.*
13. *Reglugjöf Sjúkrabússins J. Gudmanns Minde 1899.* Er að finna í heimild 12.
14. *Arni Jakobsson: Á völtum fótum.* Akureyri. Bókaforlag Odds Björnssonar, 1963.
15. *Íbúaskrár Akureyrar 1901-1920. Her Ak. Óskráð.*
16. *Kirkjubækur Akureyrarsóknar.*
17. *Bjarni Rafnar og Guðmundur Karl Pétursson, yfirlæknar. Samtöl 1960.*
18. *Íslendingur, 19. ágúst 1921.*
19. *Verkamaðurinn, 20. ágúst 1921.*
20. *Dagur, 27. ágúst 1921.*

21. *Heilbrigðisskýrslur 1921.*
22. *Sverrir Pálsson, fyrrverandi skólastjóri.* Samtöl 2003.
23. *Þorsteinn B. Gíslason. Líkræða yfir Önnu Magnúsdóttur 1944.* Handrit. Héraðsskjalasafn A-Hún.
24. *Garður.is.*
25. *Heimskringla*, 3. október 1927.
26. *Ræðismannsskrifstofa Íslands í Winnipeg.* Bréf og samtöl 2012- 2014.
27. *Ættfræðihjónustan*, september 2014.

JÓN HJALTASON

Var verkalyðsfélag stofnað 1894 eða 1897?

Jón Hjaltason er formaður Sögufélags Eyfirðinga og sagnfræðingur. Um æviatriði hans sjá annars Súlnur 52. hefti 2013, bls. 118. Jón ritar nú sögu Einingar-Iðju. Þessi kafli er úr handriti að þeirri sögu. Spurningunni um stofnár fyrsta verkalyðsfélagsins á Akureyri hefur áður verið velt upp á síðum Súlna. Sjá til dæmis: Þorsteinn E. Arnórsson: „Vorur hagsmunasamtök verkamanna á Akureyri stofnuð 1894?“, Súlnur 51. hefti 2012 og Hermann



Óskarsson: „Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og upphaf hagsmunasamtaka verkafólks á Íslandi“, Súlnur 52. hefti 2013.

1894 eða 1897?

Sáralítið er vitað fyrir víst um fyrsta verkalyðsfélagið á Akureyri. Meira að segja stofnár þess er dregið í efa og hefur því verið haldið fram að félagið væri stofnað 1894 en ekki 1897. Kveikjan að eldra ártalinu er bréf eins stofnenda félagsins, bakarans Olgeirs Júlíussonar, til sonar síns, alþingismannsins Einars Olgeirssonar, dagsett 16. mars 1941. „Við stofnuðum gamla verkamannaf. í júlí 1894 á Oddeyri á sunnudag, á Biljardssal Ólafs verts“, skrifaði Olgeir, og telur upp fyrstu stjórnarmennina; Jóhannes Sigurðsson var kjörinn formaður, Magnús Jónsson frá Hamrakoti gjaldkeri og bréfritarinn – Olgeir frá Barði, eins og hann nefnir sig sjálfur – ritari.¹ Benda má á að bréf Olgeirs var ritað mjög löngu eftir að atburðurinn sem um er fjallað gerðist, og óvíst að stuðst hafi verið við nokkuð annað en minni bréfritarara.

¹ Ólafur R. Einarsson: *Upphaf íslenskrar verkalyðsbreyfingar 1887-1901*, 72-73.

Pegar nánar er að gáð kemur á daginn að ártalið 1894 rímar illa við ævi Jóhannesar formanns. Fyrri hluta ársins er hann í Kanada. Um vorið eða sumarið flyst hann aftur heim til Íslands og er vinnumaður hjá bróður sínum að Hólum í Laxárdal. Í árslok 1895 eða snemma árs 1896 tekur Jóhannes sig upp til Akureyrar þar sem hann býr fram á sumar 1897. Þá stingur hann skyndilega upp kollinum á Seyðisfirði þar sem hann gerist leiðsögumaður þriggja Englendinga sem hyggjast skjóta fugla. „En nú sýnist vera slíkt hrakveður í Hjeraði að fuglunum er varla hættara en Einglendíngunum og grætur það víst einginn, en vonandi sleppur Jóhannes lifandi því hann er hraustur maður“, tilkynnti blaðið Bjarki en ritstjóri þess var skáldið og vinur Jóhannesar, Þorsteinn Erlingsson.² Um haustið auglýsir Jóhannes að hann taki „að sjer að binda bækur fyrir fólkið í vetur.“ Hann er þá fluttur til Seyðisfjarðar og býr að minnsta kosti fyrsta kastíð undir sama þaki og Þorsteinn. Eitt kvöldið yrkir skáldið þegar þeir eru að taka á sig náðir og Jóhannes blaðar í sálmabók:

*Jóhannes með harðan haus
birðir lítt um trúna,
samt fer hann ekki sálmalaus
í sína hvílu núna.³*

Þorsteinn verður bersýnilega tvísaga enda sér hann með eigin augum að Jóhannes blaðar í sálmabók. Skáldið vill engu að síður leggja áherslu á þá staðreynd að vinur hans er trúlaus. Jóhannes hefur hins vegar mikinn áhuga á trúmálum sem hann sýndi og sannaði með fyrirlestri sínum á Akureyri og deilum við séra Matthías. En orð hans um trúarleg efni – að guð væri ekki til og heldur ekki nein synd – komu honum út úr húsi hjá mörgum. Minna mátti það vera en hefði samt orðið hneykslunarhella í samfélagi er um aldir hafði átt sér einn og sama guðinn. Í ofanálæg hafði Jóhannes veist að Stefni, eina blaði bæjarins, og kallað hann „þýðingarlausan blaðsnepil“. Þar með hefur ritstjórnin væntanlega skellt skollaeyrum við öllu er varðaði þennan mann og ekki látið flögra að sér að tíunda neitt um stofnun félags er hann var við-

² „Seyðisfirði 25. Ág.“, *Bjarki* 21. ágúst 1897, 136.

³ Einar Olgeirsson: Verkmannafélag Akureyrarkaupstaðar“, *Vinnan* 10. tbl. 1943, 238. Í *Sögu Akureyrar*, IV. bindi, segir á bls. 333 að kvæðið sé ort 1896 sem er ósennilegt. Mun líklegra er að það sé ort eftir að Jóhannes flytur austur 1897.



Veitingahúsið Baukurinn eða Hótel Oddeyri, en þar var verkalýðsfélagið líklega stofnað.

riðinn. Blaðið gat þó ekki á sér setið að hæðast að Jóhannesi fyrir blöðin eða sneplana sem hann dreif í kaupstaðarbúa – og var þá kannski að undirbúa jarðveginn fyrir samtök verkamanna. En að segja eitthvað jákvætt um „garminn Jóhannes“, hvað þá að hann hefði staðið fyrir stofnun verkamannafélags í bænum, hefur líkast til ekki komið til mála. Þetta er að minnsta kosti mun sennilegri skýring á þögninni er umlykur verkalýðsfélagið fyrsta en að tilurð þess hafi beinlínis verið haldið leyndri af ótta við kaupmenn eins og slegið hefur verið fram. Sú skýring stenst reyndar alls ekki. Þetta verður strax augljóst þegar skoðuð er skráin yfir félagsmenn frá 19. apríl 1897. Þar er að finna 47 nöfn en bæjarbúar voru þá líðlega 838 talsins. Félagsmenn voru með öðrum orðum tæp 6% íbúa kaupstaðarins og má mikið vera ef ekki hefur kvisast út um brall þeirra. Í annan stað voru í hópnum að minnsta kosti einn verslunarmaður, einn verslunarþjónn, svo ekki sé nú minnst á verkamanninn Odd nokkurn Thorarensen er bjó í Fjörunni og var af eyfirskum háaðli. Þeir voru bræðrasynir, nafnar og nágrannar, Oddur verkamaður og Oddur lyfsali, sem umgekkst embættismenn og kaupmenn, en ósagt skal um samband þeirra frænda, hvort það var mikið eða lítið.

Það sem tekur þó endanlega af allan vafa um að Jóhannes og félagar ætluðu sér hreint ekkert pukur með hinn nýja félagsskap er

bréf sem þeir skrifuðu bæjarstjórn Akureyrar hinn 21. apríl 1897, eða líklega aðeins tveimur dögum eftir stofnun félagsins:

„Hjermeð viljum vjer mælast til þess að hin háttvirta bæjarstjórn vildi gera svo vel að láta hið nýstofnaða verkamannafjelag bæjarins sitja fyrir ef eitthvað þarf að gera að vegum fyrir bæinn. Vjer þorum að ábyrgjast að vjer höfum þeim mönnum á að skipa sem óhætt er að treysta til að láta verkið fara vel úr hendi.“⁴

Undir er skrifað: „Fjelagsstjórnin“ en engin nöfn. Baráttan var hafin. Eftir sem áður þagði Stefnir þunnu hljóði. Jafnvel séra Matthías Jochumsson, sem var þó sískrifandi, sá ekki ástæðu til að nefna hið nýja félag á nafn. Hann hefði þó sem hægst getað orðið vopnabróðir Jóhannesar, að minnsta kosti ef marka má eftirmæli hans um rithöfundinn og listamanninn William Morris er andaðist í október 1896. Í desembermánuði næst á eftir skrifaði Matthías í Stefni og rifjaði upp seinustu heimsókn sína til Morris.

Þeir höfðu rætt meðal annars um framfarir Íslands og pólitík. Jú, vissulega þurfið þið að fjölga atvinnuvegum, bæta vegi og efla skóla, hafði Morris sagt, en fyrst og fremst þarf að leggja rækt við þá siðmenningu er framtíðin krefst.

Matthías vildi þá fá að vita hver sú siðmenning væri.

Það stóð ekki á svarinu: „Hún heitir þjóðfjelagsskapur byggður á sameign.“

Matthías tók nú að ranka við sér, ræksti sig og þóttist vita upp á hárf hvert hinn aldni hugsuður stefndi með tali sínu: „Þjer meinið ... socalismi?“

Vitaskuld, svaraði Morris, enginn „ætti hægra með að koma honum á en þið Íslendingar.“ Og nú var gamli maðurinn kominn á flug. „Þið hafið af engu að sjá nema kotunum eða þúfunum. Þær eiga sveitafjelög ykkar smám saman að kaupa og erfa, og þá er hnúturinn leystur, ef þið lærið að sjá hvor annars hag og viljið hlýða boði skynseminnar og náttúrulegsmálsins.“

Allt rifjaðist þetta nú upp fyrir séra Matthíasi þegar hann frétti andlát Morrisar og „orð hans eru nú mín egin skoðun, þótt ekki sje mitt færi, og hafi aldrei verið, að rökstyðja hana“, játaði hann hreinskilnislega fyrir lesendum Stefnis.⁵

Kannski var þrátt fyrir allt engin hlyðýpisgjá á milli lífsskoðana prests Akureyringa og bókbindarans Jóhannesar Sigurðssonar. En forvitnilegt er að Jóhannes hvarf frá Akureyri án þess að það væri

⁴ Hskj. Ak., A-1/19, fjelagsstjórnin til bæjarstjórnar Akureyrar 21. apríl 1897.

⁵ Matthías Jochumsson: „Skáldið William Morris“, *Stefnir* 10. desember 1896, 78.

skráð í kirkjubók yfir burtvikna. Seinna, eða 1898, er hans getið í annarri kirkjubók og þá sagður innkominn lausamaður frá Seyðisfirði að Hólum. Tveimur árum síðar færir klerkurinn sem þjónaði Þverársókn inn í kladda sinn, og merkir sérstaklega með NB, að burtvikin séu Jóhannes og Ragnildur frá Hólum og bætir við; „fóru víst með óskírt barn sitt.“ Presturinn segir ekkert um hvert ferð þeirra var heitið sem var þó venja. Vesturfaraskrár bæta úr þessari yfirsjón prests. Þar er þess getið að aldamótaárið 1900 tóku sig upp frá Hólum í Laxárdal í Reykdælahreppi í Suður-Þingeyjar-sýslu og héldu vestur um haf, Jóhannes Sigurðsson, 34 ára vinnumaður og Ragnildur Magnúsdóttir, þrítug vinnukona, með óskírt og nýfætt barn sitt.⁶ Þar með hvarf fyrsti formaður verkamannafélags á Akureyri úr íslenski sögu og átti þangað ekki afturkvæmt.

Niðurstaðan er þannig sú að verkalýðsfélagið hafi verið stofnað 1897, líklega 16. apríl.

⁶ Júníus H. Kristinsson: *Vesturfaraskrá 1870-1914*, bls. 323. Því má hnýta við að á bls. 359 í sömu heimild er tíunduð brottför 25 ára vinnumanns, Jóhannesar Sigurðssonar, til Quebec árið 1889.

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2015

Stjórn félagsins: Jón Hjaltason formaður, Hermann Óskarsson varaformaður, Guðmundur Steindórsson gjaldkeri, Bernharð Haraldsson ritari og Birgir Þórðarson stjórnarmaður. Varamenn í stjórn eru Rannveig Karlsdóttir og Ólafur Ólafsson. Endurskoðandi Þorsteinn E. Arnórsson, til vara Karl Gunnlaugsson.

Ritstjóri Súlna er Björn Teitsson (netfang: banna@simnet.is). Í ritnefnd með honum sitja Ása Marinósdóttir (asamar02@gmail.com) og Jón Hjaltason (jonhjalta@simnet.is).

Þess skal fyrst getið að Birgir Þórðarson vildi ómögulega eiga við ritarastarfið áfram sem hann hefur gegnt um langt árabil. Stjórnin þakkar honum af heilum hug hans góða starf. Við fáum þó að njóta Birgis enn um sinn því að hann féllst á að sitja áfram í stjórninni sem óbreyttur liðsmaður, en það munar um Birgi hvar sem hann er.

Í annan stað er rétt að geta þess að stjórnartalið að ofan var að vísu rétt fram eftir hausti 2015 en það stefndi í breytingar. Okkar góði félagi, Bernharð Haraldsson, sem hefur margt garfað fyrir félagið, tilkynnti að hann væri á suðurleið. Við leituðum þá til Rannveigar Karlsdóttur, varamanns í stjórninni, og tók hún við ritaraembættinu hinn 3. nóvember síðastliðinn. Þetta eru stór og merkileg tímamót – og líka gleðileg – í sögu félagsins. Aldrei fyrr hefur kona setið þar í aðalstjórn. Þetta vakti athygli og Rannveig var kölluð til viðtals, meðal annars í sjónvarpið N4 hér fyrir norðan.

Þá kom nýr varamaður inn, Ólafur Ólafsson héraðsdómari, og þeir Þorsteinn og Karl höfðu sætaskipti við endurskoðunina.

Áfram þokast með Eyfirðinga. Félagið fékk í haust styrk frá Menningar- og viðurkenningarsjóði KEA til verksins – sem við þökkum kærlega og metum mikils – en Jóhann Ólafur vinnur að nafnaskránni sem er mikið verk og um hefur verið fjallað í fyrri skýrslum stjórnar.

Í sumar styrktust bönd á milli Sögufélagsins og áhugahóps um sögu Starfsmannafélags verksmiðja SÍS á Akureyri. Þar er mikill



*Bernharð Haraldsson afhendir Rannveigu Karlsdóttur gögn ritara á stjórn-
arfundi 3. nóvember 2015.*

prímus mótor Birgir Marinósson sem hefur sett á laggirnar útgáfustjórn sögunnar sem á ekki að birtast sem heildstætt verk heldur sem þættir, prentaðir í Súlum. Tveir þeirra eru framarlega í ársheftinu sem þú lesandi góður hefur nú í höndum. Við væntum góðs af samstarfinu sem fer ákaflega vel af stað.

Þess má geta að ritstjóri Súlna, Björn Teitsson, er ötull að koma ritinu okkar á framfæri. Jafnan þegar Súlur koma út sendir hann fjölmiðlum fréttatilkynningar og hann hefur einnig sett ritið í sölu hjá Eymundsson á Akureyri, sem hefur gefið góða raun.

Það má eiginlega segja að árið 2015 hafi hver stórviðburðurinn rekið annan í sögu félagsins – aldrei þessu vant. Okkur var sagt upp húsnæðinu í Hjalteyrargötu 4, sumir héldu að það hefði jafnvel gerst snemma árs 2014, en húsdrottinn okkar var þolinmóður. Það var nefnilega ekki fyrr en í nóvember – já, 2015 – að við létum hendur standa fram úr ermum og fluttum. Nær tveggja vikna streð. Rannveig mætti með vaska sveit, eiginmanns og sonar, og fleiri lögðu lið. Guðmundur kom á pallbíl sem hlífði mjög baki flutningsmanna. Nú hefur félagið hreiðrað um sig að Oseyri 2, undir verndarvæng Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

Að lokum; leggið okkur lið og fjölgið félagsmönnum. Það munar um sérhvern einn. Netja má afraksturinn á formann – jon-

hjalta@simnet.is – eða gjaldkera, Guðmund Steindórsson (gudps@simnet.is). Eða bara hringja í okkur. Sá varnagli skal þó sleginn að formaðurinn er þekktari fyrir annað en að vera duglegur símsvarandi. Guðmundur er betri.

Munið svo og hafið hugfast að hláturinn lengir lífið.

Með kærri þökk fyrir árið.

Stjórn Sögufélags Eyfirðinga